



Ungmennaráð sem ný form íbúalýðræðis í íslenskum sveitarfélögum:

Áhrif, virkni og skipun ungmennaráða Akraness, Árborgar og Ölfuss

Valur Rafn Halldórsson

Lokaverkefni til MPA-gráðu í opinberri stjórnsýslu

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Ungmennaráð sem ný form íbúalýðræðis í íslenskum sveitarfélögum
Áhrif, virkni og skipun ungmennaráða Akraness, Árborgar og Ölfuss

Valur Rafn Halldórsson

Lokaverkefni til MPA-gráðu í opinberri stjórnsýslu
Leiðbeinandi: Ómar H. Kristmundsson
Margrét S. Björnsdóttir

Stjórnmálafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MPA-gráðu í opinberri stjórnslu og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Valur Rafn Halldórsson 2011

Þorlákshöfn, Ísland 2011

Útdráttur

Ungmennaráðum á Íslandi hefur verið að fjölga seinustu ár. En ungmennaráð eiga samkvæmt æskulýðslögum frá árinu 2007 að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks. Í þessari ritgerð verður skoðað hvort ungmennaráð sveitarfélaga hafi áhrif á ákvarðanatöku sveitarfélaga, hvort þau séu virk og hvernig þau eru skipuð. Til að skoða þetta eru þrjú sveitarfélög og þeirra ungmennaráð tekin til rannsóknar en þau eru ungmennaráð Ölfuss, ungmennaráð Árborgar og unglíngaráð Akraness.

Við rannsóknina er notast við eiginlega aðferðafræði og eru viðtöl tekin við nefndarmenn í ungmennaráðunum sem og starfsmenn sveitarfélaganna. Að auki eru fundargerðir sveitarfélaganna greindar til þess að komast að því hvort ráðin hafi áhrif á ákvarðanatöku innan sveitarfélaganna.

Hér verður sýnt fram á það hvernig ungmennaráð eru ný form íbúalýðræðis í íslenskum sveitarfélögum og hvernig ungmennaráð hafa haft áhrif innan sveitarfélaganna. Skipulag ráðanna, umgjörð og viðhorf bæjarstjórna skipta þó máli þegar áhrifin eru skoðuð því áhugaleysi bæjarstjórna getur orsakað minni áhrif ráðanna. Með öflugu starfi ungmennaráða er verið að auka ungmennalýðræði og íbúalýðræði en til þess að það takist er mikilvægt að bæjarstjórnir styðji við bakið á ungmennaráðum og taki mark á þeim.

Formáli

Ástæður þess að þetta verkefni var valið eru nokkrar. Undirritaður hefur starfað mikið með ungu fólki, setið í ungmennaráði Ölfuss sem og verið starfsmaður ungmennaráðs. Telur undirritaður að ungmennaráð á Íslandi séu vanmetin fyrirbæri sem bæjarstjórnir nýti sér ekki í nægilegum mæli. Mikilvægt er að taka fram að undirritaður starfar sem forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Svítunnar sem er staðsett í Þorlákshöfn sem og að hann er starfsmaður ungmennaráðs Ölfuss í dag. Rannsóknin mun horfa til ungmennaráðs Ölfuss, ungmennaráðs Árborgar og unglingaráðs Akraness og vonast undirritaður til þess að geta með rannsókninni sýnt fram á hvað betur má gera til þess að efla ungmennaráð sveitarfélaga. Verkefni þetta er 30 einingar og leiðbeinendur voru Ómar H. Kristmundsson og Margrét S. Björnsdóttir.

Vil ég þakka ungmennaráðum Ölfuss og Árborgar og unglingaráði Akraness og starfsmönnum sveitarfélaganna fyrir aðstoðina sem og Ástu Júlíu Jónsdóttur fyrir yfirlestur og alla aðstoðina. Einnig vil ég þakka leiðbeinendum mínum þeim Ómari H. Kristmundssyni og Margréti S. Björnsdóttir fyrir alla þá aðstoð og leiðsögn sem þau veittu mér við þessi skrif.

Efnisyfirlit

Formáli	4
Myndir	7
Töflur.....	7
1 Inngangur	8
2 Kenningar og fræðilegur bakgrunnur	11
2.1 Lýðræði.....	11
2.1.1 Óbeint lýðræði eða fulltrúalýðræði.....	13
2.1.2 Beint lýðræði	14
2.2 Lýðræðisleg þátttaka og þátttökustigar	16
2.3 Íbúa- og ungmennalýðræði.....	20
3 Lög og reglur um áhrif ungs fólks á ákvarðanatöku stjórnvalda	23
3.1 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	23
3.2 Stefnumótun ESB í málefnum evrópskra ungmenna	24
3.3 Æskulýðslög	25
4 Aðferðafræði	27
4.1 Eigindlegar rannsóknaraðferðir	28
4.2 Eigindleg viðtöl	28
4.3 Önnur gagnasöfnun	30
4.4 Réttmæti og áreiðanleiki	31
5 Ungmennaráð á landsvísu	32
6 Ungmennaráð Ölfuss	40
6.1 Forsaga ungmennaráðs Ölfuss	41
6.2 Umgjörð ráðsins og vinnureglur	43
6.3 Áhrif og virkni ungmennaráðs Ölfuss.....	44
6.4 Helstu gallar	50
6.5 Samantekt.....	51
7 Ungmennaráð Árborgar	53
7.1 Forsaga ungmennaráðs Árborgar	54
7.2 Umgjörð ráðsins og vinnureglur	55
7.3 Áhrif og virkni ungmennaráðs Árborgar.....	57
7.4 Helstu gallar	62
7.5 Samantekt.....	62
8 Unglingaráð Akraness	64
8.1 Forsaga unglingaráðs Akraness	65
8.2 Umgjörð ráðsins og erindisbréf	67

8.3	Áhrif og virkni unglíngaráðs Akraness	69
8.4	Helstu gallar	79
8.5	Samantekt.....	79
9	Niðurstöður og ályktanir	81
9.1	Skipun ungmennaráðanna	82
9.2	Helstu takmarkanir	85
9.3	Ungmennaráð á landsvísu	86
9.4	Umræður og ályktanir.....	86
10	Heimildaskrá	89
11	Viðauki	93

Myndir

Mynd 1: Þátttökustigi Arnstein.....	18
Mynd 2: Þátttökustigi Gunnars Helga	19
Mynd 3: Ungmennaráð í sveitarfélögum árið 2008.....	34
Mynd 4: Prósent af íbúum landsins	34
Mynd 5: Staðsetning sveitarfélaga sem eru með ungmennaráð	37
Mynd 6: Aldursdreifing í Ölfusi árið 2010	41
Mynd 7: Aldursdreifing í Sveitarfélaginu Árborg.....	53
Mynd 8: Aldursdreifing á Akranesi.....	65

Töflur

Tafla 1: Traust á Íslandi 1984, 1990 og 2000: Hlutfall þeirra sem telja að flestum megi treysta í mismunandi aldurshópum.	33
Tafla 2: Sveitarfélög með starfrækt ungmennaráð í byrjun árs 2010 skv. umboðsmanni barna og í október 2010.	36
Tafla 3: Íbúarfjöldi sveitarfélaga með starfrækt ungmennaráð	37
Tafla 4: Málaflokkar á ungmennáþingi Ölfuss	42
Tafla 5: Málaflokkar á ungmennáþingi Árborgar	61

1 Inngangur

Á undanförunum árum hefur krafa um aukið íbúalýðræði vaxið til muna. Markmið íbúalýðræðis er að fá einstaklinga til að taka þátt í ákvarðanaferlum sveitarfélaga og mynda þannig tengsl á milli þeirra sjálfra og kjörinna fulltrúa. Með því að fá sem flesta til að taka þátt í að móta ákvarðanir sem kjörnir fulltrúar taka, eru meiri líkur að betri sátt náist um þær. Hugmyndin um íbúalýðræði snýr einmitt að þessu, þ.e. að sem flestir einstaklingar samfélagsins taki þátt vegna þess að þannig myndast best sátt um ákvarðanir. Til þess að þetta gangi þarf vilja fólksins.

Ungt fólk er eins og annað fólk, það vill að það sé hlustað á það og að tekið sé mark á því. Þrátt fyrir að einstaklingar þurfi að vera orðnir 18 ára til að kjósa þýðir það ekki að einstaklingar vilji ekki hafa áhrif á sitt nærumhverfi fyrir þann aldur.

Hér á landi hafa stjórnvöld reynt að skapa aðstöðu til þess að ungt fólk geti haft áhrif. Þetta var gert með nýju æskulýðslögunum sem tóku gildi 5. apríl 2007, en í 11. gr. þeirra laga er tekið fram að sveitarstjórnir eigi að „...hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð. Hlutverk ungmennaráða er m.a. að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi.“¹ Þegar þessi lög voru samþykkt voru stofnuð ungmennaráð hjá nokkrum sveitarfélögum sem og ýmsum félögum og félagasamtökum.

Hér á landi er vilji hjá stjórnvöldum til þess að efla íbúalýðræði eða staðbundið lýðræði ef marka má orð Jóhannu Sigurðardóttur, forsætisráðherra: „Við viljum efla hið staðbundna lýðræði og bæta lýðræðisleg vinnubrögð...“² Með stofnun ungmennaráða er stefnt að því að auka staðbundið lýðræði sem og lýðræðisleg vinnubrögð.

Það er þó ekki nóg að sveitarfélög stofni ungmennaráð því ungt fólk þarf að vilja vera í slíkum ráðum og hafa vilja til að taka þátt. Þar að auki þurfa bæjarstjórnir að virkja ráðin, sýna starfi þeirra áhuga og taka mark á þeim. Um leið og staðbundin stjórnvöld hætta að sýna ungmennaráðum áhuga og taka mark á þeim er hætta á því að þau lognist útaf.

Samfélög sem mælast með háan félagsauð og samborgaralegar dyggðir, eru ánægðari með þjónustu og stjórnsýslu síns sveitarfélags.³ Þegar almenningur er ánægður með þjónustuna eru líkur á því að traust hans til opinberra stofnana sé meira. Þessi samfélög eiga

¹ Æskulýðslög nr. 70/2007.

² Jóhanna Sigurðardóttir, (2009), bls. 1.

³ Gunnar Helgi Kristinsson, (2001), bls. 171-173.

um leið auðveldara með að virkja ungmennaráð heldur en samfélög með lítinn félagsauð og samborgaralegar dyggðir.

Í rauninni er íbúalýðræði aðferð til þess að færa lýðræðið frá fulltrúalýðræði að beinu lýðræði þar sem kjósendurnir sjálfir ráða. Með íbúalýðræði eru stjórnvöld að afsala sér hluta af valdinu til almennings.

Í ungmennaráðum sitja oftast unglingar á aldrinum 14-20 ára en á þessum árum eru þessir einstaklingar að breytast. Líkami þeirra og hugsanir eru að breytast og þróast og á þessu tímabili fá þessir einstaklingar bílpróf, kosningarétt, rétt til að gifta sig o.s.frv.. Þegar einstaklingur er kominn á þennan aldur er hann farinn að taka ákvarðanir á grundvelli sinna eigin skoðana og er það grundvöllurinn fyrir því að hann geti starfað í ungmennaráði.

Í þessari rannsókn verður ungmennaráð Ölfuss, ungmennaráð Árborgar og unglingaráð Akraness skoðað með tilliti til lýðræðis og áhrifa ráðanna. Athugað verður hvort ráðin starfi samkvæmt lýðræðislegum vinnubrögðum og hvort fulltrúar séu lýðræðislega kjörnir ásamt því að skoða áhrif og árangur ráðanna. Þó svo, að á Akranesi kallist ráðið unglingaráð þá er þetta það sama og ungmennaráð sem fjallað er um í æskulýðslögum.

Skoðuð verður virkni ungmennaráðanna, áhrif þeirra á ákvarðanatöku innan sveitarfélaganna. Ungmennaráð Ölfuss og Árborgar hafa verið starfrækt í 2-3 ár en ungmennaráð Akraness hefur verið starfrækt frá árinu 2005. Hafa einstaklingar í bæjarstjórnnum sveitarfélaganna sýnt starfi þeirra áhuga en spurningin er hvort sá áhugi endurspeglar í því að þau hafi áhrif í reynd.

Rannsóknarspurning þessarar ritgerðar er: *Hvernig eru ungmennaráð skipuð, hver er virkni þeirra og hafa þau áhrif á ákvarðanatöku bæjarstjórna?* Með því að skoða skipun ráðanna er ætlunin að sjá hversu lýðræðislegar einingarnar eru, með því að skoða virknina verður skoðað hversu virk ráðin eru en virkni er eitt af grundvallaratriðum lýðræðis og lýðræðislegrar þátttöku. Áhrif á ákvarðanatöku vísar svo til íbúalýðræðis og ungmennalýðræðis og ef áhrifin eru engin þá er hvorugt til staðar. Til að fá svör við þessu verður gerð athugun á störfum ungmennaráða Ölfuss, Árborgar og unglingaráði Akraness og fundargerðir og fleiri gögn borin saman við ákvarðanir bæjarstjórna. Rannsóknarviðfangefnið verður sett í samhengi við fræðilega umfjöllun um íbúa- og ungmennalýðræði og nógildandi löggjöf um æskulýðsstarf á Íslandi.

Áður en lengra er farið, verða lagðar fram kenningar sem við verður stuðst. Helstu lýðræðiskenningum verða gerð skil einnig verður fjallað um lýðræðislega þátttöku, félagsauð, traust og samborgaralegar dyggðir. Síðan verður farið yfir aðferðarfræðihluta rannsóknarinnar. Á eftir aðferðafræðikaflanum verður fjallað almennt um ungmennaráð á Íslandi.

Þar á eftir verða ungmennaráð Árborgar og Ölfuss og unglíngaráð Akraness skoðuð en þau eru viðfangsefni þessarar rannsóknar. Verður þróun ráðanna skoðuð sem og áhrif þeirra o.fl.. Að lokum verða helstu niðurstöður teknar saman og ályktanir dregnar út frá rannsókninni og ræddar í ljósi fræðikenninganna.

Við rannsóknina sjálfa verða viðhorf ungmenna er sitja í ungmennaráði skoðuð sem og viðhorf starfsmanna sveitarfélagsins sem koma að ákvörðunartöku á þessu sviði.

2 Kenningar og fræðilegur bakgrunnur

Áður en hægt er að fara í að rannsaka viðfangsefni er viðkemur íbúalýðræði þá er nauðsynlegt að leggja þann fræðilega grunn sem stuðst verður við. Til þess að gera það verður hér fjallað um kenningar sem mikilvægt er að fara yfir áður en lengra er farið.

2.1 Lýðræði

Þegar fjallað er um lýðræðiskenningar verður fyrst að gera greinarmun á gildakenningum (e. normative theory) og raunhyggjukenningum (e. positive theory) í þessu sambandi. Gildakenningar eru um það hvernig stjórn málin eiga að vera eða það að fólk eigi að ráða. Á meðan raunhyggjukenningar eru vísindalegar kenningar um stjórn mála, þær ganga ekki út á það hvernig stjórn málin eiga að vera, heldur hvernig þau eru. Í raunhyggjukenningunum er m.ö.o. skoðað hvort og hvernig fólk ræður.

Lýðræði er ekki nýtt hugtak, það á uppruna sinn hjá Forn-Grikkjum en fyrstu lýðræðisríki sögunnar urðu til í Grikklandi.⁴ Orðið lýðræði var sett saman úr orðunum demos sem þýðir fólk og svo kratos sem þýðir stjórn.⁵ Grunnmerking hugtaksins lýðræði var því mjög augljós, almenningur átti að stjórna.⁶ Sem stjórnskipan þá getur almenningur í lýðræðisþjóðfélagi skipt um stjórnendur án vandræða með kosningum. Lýðræði er einnig tæki sem segir okkur hvernig taka á bindandi ákvarðanir í hópi fólks.⁷ Það segir okkur ekki hvaða ákvarðanir á að taka heldur hvernig á að taka þær til að ákvörðunin verði lýðræðisleg.

Lýðræðið felur þá fyrst og fremst í sé að lýðurinn ráði, að valdið sé hjá almenningi hvort sem hann tekur beinan eða óbeinan þátt. Félagsvísindamenn eru þeirrar skoðunar að þátttaka almennings sé undirstaða lýðræðiskenninganna, ef þátttakan er ekki til staðar þá vanti lýðræðið lögmæti.⁸

Robert Dahl er líklega þekktasti kennismiður lýðræðiskenninga nútímans. Hann telur að helstu kostir lýðræðis séu eftirfarandi: Að með lýðræði sé hægt að koma í veg fyrir að harðstjórnar nái völdum, að grundvallaréttindi borgaranna séu tryggð, persónufrelsið sé mikið, almenningur geti varið hagsmuni sína, pólitísk ábyrgð stjórn málamanna sé mikil, að það

⁴ Gunnar Helgi Kristinsson, (2006), bls. 26.

⁵ Svanur Kristjánsson, (2002), bls. 35.

⁶ Hague og Harrop, (2004), bls. 36.

⁷ Ólafur Páll Jónsson, (2003), bls. 1-3.

⁸ Dalton, (2008), bls. 76.

stuðli að pólitískum jöfnuði og að ríki sem búa við lýðræði búi við meiri velmegun en önnur lönd.⁹

Þegar talað er um lýðræði þá eru menn oftast með tvær lýðræðiskenningar í huga, beint lýðræði og óbeint lýðræði eða fulltrúalýðræði. Það sama var uppá teningnum þegar Ísland var á leið til lýðveldis.¹⁰ Þessar tvær ólíku tegundir lýðræðis eru misjafnar en ganga þó báðar út á að valdið eigi uppruna sinn hjá fólkinu.

Stuðningsmenn beins lýðræðis telja að fullveldisrétturinn eigi alltaf að vera hjá fólkinu í landinu og að mikilvægt sé að öll ákvarðanatöku sé í samræmi við vilja þjóðarinnar. Gott dæmi um þessa hugmynd er það að hafa þjóðkjörinn forseta, málskotsrétt hans og að almenningur geti haft lokaorð um löggjöf.¹¹ Talsmenn beins lýðræðis telja að það sé mikilvægt að almenningur taki þátt í ákvarðanatöku og að þátttaka sé mikilvæg til að styrkja lýðræði í landinu.

Talsmenn fulltrúalýðræðis segja að þátttaka almennings eigi aðallega að vera bundin við frjálsar kosningar. Í næstu kosningum getur almenningur síðan haldið sömu valdhöfum ef þeir hafa staðið sig vel eða fengið nýja.¹² Fulltrúalýðræðissinnar telja að með því að kjósa fulltrúa sé verið að búa til hagkvæmara þjóðfélag, þar sem beint lýðræði er óhagkvæmt að þeirra mati. Einnig eru þeir þeirrar skoðunar að beint lýðræði sé gott markmið en það sé óraunhæft. Telja þeir að beint lýðræði geti dafnað í litlum samfélögum en nútíma samfélagið sé orðið of flókið og fjölmennt fyrir beint lýðræði og þess vegna þarf óbeint lýðræði til að stjórna samfélaginu.¹³

Kjarni beggja þessara lýðræðiskenninga er sá, að æskilegt sé „...að völd og áhrif komi sem mest frá almenningi jafnframt því sem mannréttindi allra eru í heiðri höfð.“¹⁴ Beint lýðræði og fulltrúalýðræði fjalla um þátttöku almennings í stjórnámálum. Ef valið stæði á milli þessara tveggja valmöguleika og hagkvæmni og skilvirkni væri jöfn í báðum kerfum þá myndu allir lýðræðissinnar velja beint lýðræði, því þar er þátttaka almennings meiri en í fulltrúalýðræði.¹⁵ Lýðræðissinnar eiga það nefnilega sameiginlegt að vilja samfélag, þar sem völdin koma frá fólkinu, í eins miklum mæli og hægt er.¹⁶ Ágreiningurinn gengur hins vegar út á það að fulltrúalýðræðissinnar leggja mikla áherslu á að beint lýðræði sé ekki hagkvæmt

⁹ Dahl, R. (1998), bls. 60-61.

¹⁰ Svanur Kristjánsson, (2002), bls. 27.

¹¹ Svanur Kristjánsson, (2002), bls. 28.

¹² Svanur Kristjánsson, (2002), bls. 28.

¹³ Svanur Kristjánsson, (2002), bls. 38.

¹⁴ Svanur Kristjánsson, (2002), bls. 28.

¹⁵ Svanur Kristjánsson, (2002), bls. 42.

¹⁶ Svanur Kristjánsson, (2002), bls. 35.

til að stjórna og að fulltrúalýðræði sé mun hagkvæmari kostur.¹⁷ Hér í næstu tveimur köflum verður fjallað nánar um þessar tvær tegundir lýðræðishugmynda og verður byrjað á fulltrúalýðræði.¹⁸

2.1.1 Óbeint lýðræði eða fulltrúalýðræði

Fulltrúalýðræði er í nútímalýðræðisríkjum og er þetta algengasta stjórnarfyrikomulagið í dag. Í staðinn fyrir að almenningur taki beinan þátt í ákvarðanatökunni kýs hann fulltrúa í kosningum. Þessi fulltrúi tekur svo ákvarðanir fyrir hönd almennings. Með þessu hefur hver einstaklingur ekki bein áhrif á ákvarðanatökuna en hann hefur óbein áhrif í gegnum kjörnu fulltrúana.¹⁹ Þessi lýðræðiskenning og upprunalega lýðræðiskenningin frá Forn-Grikkjum eru ekki í fullkomnu samhengi. Í upprunalegu lýðræðiskenningunni voru það allir fullorðnir borgarar ríkisins sem áttu að móta sameiginlegar ákvarðanir í gegnum umræður.²⁰ Með fulltrúalýðræðinu var gefinn kostur á að hafa lýðræði í stærri stjórnsýslueiningum, því að í fulltrúalýðræðinu er það ekki almenningur sem tekur ákvarðanir fyrir sig heldur fámennur hópur fulltrúa.

Í fulltrúalýðræði er réttur almennings til þátttöku í pólitík, aðallega rétturinn til að ganga til kosninga og kjósa sér fulltrúa.²¹ Kosningar eru mikilvægar í fulltrúalýðræðinu, því það að kjósa sér fulltrúa er eini möguleikinn fyrir almenning að koma sínum skoðunum á framfæri. En það er ekki nóg að hafa kosningar heldur þurfa kostirnir einnig að vera greinilegir. Flokkarnir þurfa að bjóða uppá misjafna kosti svo að val almennings hafi einhvern tilgang. Kjósendur verða að gera sér grein fyrir muninum á valkostunum, til þess að geta kosið þá flokka sem hafa svipaða áherslu og þeir sjálfir og til að geta refsað þeim flokkum sem hafa ekki staðið sig nægilega vel að þeirra mati.²² Kosningarnar veita stjórnámálamönnunum aðhald, þar sem þeir bera ábyrgð gagnvart almenningi. Ef stjórnámálamennirnir eru ekki ábyrgir þá getur fulltrúalýðræðið ekki kallast lýðræði með réttu.²³ Kostirnir við þetta kerfi eru að hver einstaklingur þarf ekki að eyða tíma í að setja sig inn í öll málefni. Í staðinn getur hann notað krafta sína og tíma í eitthvað annað, hvort sem það er að vinna meira, horfa á sjónvarpið eða leika við börnin sín. Fulltrúalýðræði hefur

¹⁷ Svanur Kristjánsson, (2002), bls. 42.

¹⁸ Einnig eru til lýðræðisrök fyrir fulltrúalýðræðið og hagkvæmnisrök fyrir beinu lýðræði. *Fulltrúalýðræði*: skýrari ábyrgð valdhafa gagnvart kjósendum. *Beint lýðræði*: fólk hlýðir frekar lögum sem það setur sjálft í almennri atkvæðagreiðslu. Einnig eru samskipti meiri í beinu lýðræði og hlustað á rök allra sem getur leitt til hagkvæmari niðurstöðu. En ég mun ekki fjalla um þetta í þessari ritgerð. (Svanur Kristjánsson, 2002).

¹⁹ Seward, M. (2003), bls. 52.

²⁰ Hague og Harrop, (2004), bls. 36.

²¹ Seward, M. (2003), bls. 52.

²² Dalton, R. J. (2006), bls. 232.

²³ Svanur Kristjánsson, (1994), bls. 247.

þá kosti fram yfir beina lýðræðið að geta verið í stórum samfélögum og það er ekki jafn tímafrekt og beina lýðræðið.

Fulltrúalýðræðið getur samt dregið verulega úr áhuga fólks á stjórnámálum, þar sem það þarf einungis að mæta á kjörstað á nokkurra ára fresti og kjósa. En hver einstaklingur kys þann fulltrúa eða flokk sem hann treystir best til að taka ákvarðanir fyrir sig og svo þarf ekki að hugsa aftur um það fyrr en í næstu kosningum. Þetta er hentugt fyrir hinn almenna borgara sem hefur ekki áhuga, kunnáttu eða tíma til að setja sig inn í öll mál sem koma á borð stjórnvalda. „En til þess að fulltrúalýðræðið geti kallast lýðræði, stjórn fólksins hafi einhverja þýðingu, þurfa fulltrúarnir að axla ábyrgð á gerðum sínum.“²⁴

Þegar Ísland var á leið til lýðveldis deildu alþingismenn um þessar tvær hugmyndir líkt og sagt var hér að framan, beint lýðræði og fulltrúalýðræði. Stuðningsmenn beins lýðræðis töldu að mikilvægt væri að lagasetning og stjórnarstefna væri í höndum almennings. Með beinu lýðræði töldu þeir að fullveldisrétturinn væri alltaf hjá almenningi. Fulltrúaréttur borgaranna er bundinn við kosningar í fulltrúalýðræðinu. Fulltrúalýðræði er það skipulag sem við þekkjum hér á landi og þetta er það skipulag sem sveitarstjórnir á Íslandi byggjast á. Kjarni þessarar lýðræðishugmyndar, líkt og annarra lýðræðishugmynda gengur samt út á það sama, líkt og kom fram að framan, að æskilegt sé að völd komi eins mikið og hægt er frá almenningi.²⁵

Stjórn málaflókkar gegna miklu hlutverki í fulltrúalýðræðinu. Í fyrsta lagi þá eru þeir vettvangur fyrir pólitíska þátttöku. Þeir sem vilja taka þátt í stjórnámálum geta gert það í gegnum flokkana. Þannig eru flokkarnir vettvangur fyrir hugmyndir almennings og þar getur almenningur komið sínum hugmyndum og skoðunum á framfæri. Í öðru lagi þurfa flokkarnir að búa til stefnumálapakka sem almenningur getur svo kosið um í kosningum. Í þriðja lagi þá sjá stjórn málaflókkarnir um að velja fólk til forystu í stjórnámálum ríkisins. Síðast en ekki síst þá eiga flokkarnir að vera valkostur fyrir almenning í kosningum.²⁶ Í beinu lýðræði aftur á móti þá er það almenningur sem ræður líkt og verður fjallað um hér í næsta kafla.

2.1.2 Beint lýðræði

Beint lýðræði á uppruna sinn í Aþenu 461-322 f.Kr.²⁷ Þegar talað er um beint lýðræði í dag þá er oftast átt við að almenningur taki beinan þátt í ákvörðunartöku ríkis eða sveitarfélags í allsherjaratkvæðagreiðslu. Fullveldisrétturinn á sem sagt að vera hjá fólkinu, ekki bara í

²⁴ Svanur Kristjánsson, (1994), bls. 247.

²⁵ Svanur Kristjánsson, (2002), bls. 28.

²⁶ Gunnar Helgi Kristinsson, (2006), bls. 85-86.

²⁷ Hague og Harrop, (2004), bls. 36.

kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna, heldur alltaf, ólíkt því sem þekkist í fulltrúalýðræði þegar almenningur kys fulltrúa til að taka ákvarðanir fyrir sig.

Besta dæmið um beint lýðræði eru þjóðaratkvæðagreiðslur en notkun þeirra hefur aukist á seinustu árum.²⁸ Til að mynda hafa öll ríki Vestur-Evrópu nema Ísland og fyrrverandi V-Þýskaland kosið um að ganga í Evrópusambandið í þjóðaratkvæðagreiðslu. Beint lýðræði er mun meira notað en margir gera sér grein fyrir. Þjóðaratkvæðagreiðslur eru mikið notaðar í Sviss og í sumum ríkjum Bandaríkjanna er til dæmis kosið um hver eigi að vera lögreglustjóri.

Til að beint lýðræði virki þurfa viðfangsefnin að vera einföld svo að almenningur geti sett sig inn í þau. Ef viðfangsefnin eru flókin, þá nenna kjósendur ekki að hugsa um þau og það getur leitt til þess að þeir kjósi andstætt hagsmunum sínum vegna vankunnáttu sinnar. Einnig þarf að ríkja mikill jöfnuður. Ástæðan fyrir því að efnahagslegur jöfnuður þarf að ríkja er sú að þeir efnameiri hafa meiri tíma og aðstöðu til að setja sig inn í málefnið. En hinir efnaminni hafa ekki sömu tækifæri til að setja sig inn í málefnið.²⁹

Vandamálið við beint lýðræði er að sá sem ræður því hvaða mál eru tekin á dagskrá ræður mestu. Það er vegna þess að einungis er hægt að taka örfá mál á dagskrá, vegna þess hversu mikinn tíma það tæki að fjalla um hvert mál.³⁰ Þar af leiðandi getur beint lýðræði orðið til þess að afköst stjórnkerfisins minnki og stjórnkerfið verði allt þyngra og hægara. Sem dæmi þá eru 1456 kosningabærir einstaklingar í Sveitarfélaginu Ölfusi.³¹ Ef við reiknum með því að hver einstaklingur fjalli um hvert mál í 5 mínútur þá tæki það 7280 mínútur eða um 121 klukkustundir að taka hvert mál fyrir. Það eru meira en þrjár heilar vinnuvikur. Ef við yfirferum þetta á Árborg og Akranes þá eru tölurnar mun stærri þar sem þau sveitarfélög eru töluvert fjölmennari.

Annað vandamál er ef fáir mæta á kjörstað. Þátttaka almennings í kosningum er mjög misjöfn og í flestum ríkjum heims mun minni en á Íslandi. Það getur leitt til þess að niðurstöður í málum verði þversagnakenndar. Til dæmis gæti verið ákveðið að lækka skatta og auka verkefni ríkisins, sem leiðir til minni tekna en meiri útgjalda.³² En það að fáir mæti á kjörstað er ekki bara þegar beint lýðræði er notað. Kjörsókn er t.d. ekki mikil í þingkosningum í Bandaríkjunum og mesta kjörsókn sem verið hefur í kosningum á Íslandi var árið 1944 þegar Íslendingar kusu í þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrána.

²⁸ Gunnar Helgi Kristinsson, (2006), bls. 27.

²⁹ Gunnar Helgi Kristinsson, (2006), bls. 28.

³⁰ Gunnar Helgi Kristinsson, (2006), bls. 27.

³¹ Hagstofa Íslands

³² Gunnar Helgi Kristinsson, (2006), bls. 28.

Það er ljóst að beint lýðræði er lýðræði í sinni fullkomnustu mynd. Í beinu lýðræði ræður almenningur ekki bara því hverjir taka ákvarðanir, heldur tekur almenningur allar ákvarðanir sjálfur. Talsmenn beins lýðræðis telja því að sönnunarbyrðin eigi að vera á fulltrúalýðræðinu. Beina lýðræðið eigi að vera við lýði alveg þar til rökin gegn því eru orðin nægilega sterk.³³ Þessi tegund lýðræðis hvetur fólk til þess að kynna sér málefnið og taka þátt í samfélaginu á lýðræðislegan hátt. Um leið og íbúarnir eru farnir að sýna málefnum áhuga þá geta þeir reynt að hafa áhrif á ákvarðanatöku stjórnvalda. Í næsta kafla verður fjallað um lýðræðislega þátttöku og þátttökustiga. En lýðræðislega þátttaka er nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi.

2.2 Lýðræðisleg þátttaka og þátttökustigar

Í lýðræðisríkjum er vilji til að sjá sem flesta taka þátt í sem flestum ákvörðunum til að hafa lýðræðið sem mest. Þátttaka almennings í stjórnámálum, fyrir utan kosningar er ekki mikil hvort sem horft er til sveitarstjórnarstigsins eða í landspólitíkina. Almenningur telur þó að hann geti frekar haft áhrif á sveitarstjórnarstiginu. Helsta ástæðan fyrir því, er sú að sveitarstjórnarmálin eru nær fólkinu og eru aðgengilegri og auðskiljanlegri. Borgararnir eru því líklegri til að taka þátt á sveitarstjórnarstiginu þar sem þeim finnst þeir geta haft meiri áhrif heldur en í landsmálunum.³⁴ Það má segja að nálægð sveitarfélagsins við íbúana og möguleikar almennings til að skipta sköpum í málefnum sveitarfélagsins í gegnum sjálfsstjórnarrétt þess, sé hornsteinn sveitarstjórnarstigsins.³⁵ Þess vegna hefur Alþingi lagt til að sveitarfélög myndi ungmennaráð, til þess að auka lýðræðislega þátttöku ungmenna í samfélaginu.

Með því að hafa sveitarfélög, þá aukum við ekki bara þátttöku íbúanna heldur gerum þá einnig samstæðari. Það verða til samborgaralegar dyggðir meðal þeirra og íbúarnir hugsa um sig sem eina heild innan ríkisins. Með þessu skapast vettvangur fyrir íbúa til að taka þátt í ákvarðanatöku og málefnum sveitarfélagsins. Þetta er ein helsta ástæðan fyrir því að sveitarfélög eru við lýði.³⁶

Það að virkja íbúana er ekki einungis til að auka lýðræðið heldur einnig til að auka ánægju íbúanna. Í bókinni *Staðbundin stjórnámál* sýnir Gunnar Helgi fram á að tengsl eru á milli ánægju íbúa og virkni þeirra.³⁷ Sveitarstjórnir sem eru tengdar íbúum sínum í gegnum

³³ Svanur Kristjánsson, (2002), bls. 36.

³⁴ Dahl og Tufte, (1974), bls. 60.

³⁵ Samband íslenskra sveitarfélaga, (2002), bls. 40.

³⁶ Gunnar Helgi Kristinsson, (2006), bls. 237-238.

³⁷ Gunnar Helgi Kristinsson, (2001), bls. 144.

þátttöku almennings, vita betur hvað þarf að gera í sveitarfélaginu. Þess vegna eru þau sveitarfélög betur til þess fallin að vita hvað fólk þarf til að vera ánægt í sínu nánasta umhverfi. Ánægja íbúanna er mjög mikilvæg og skipta gæði þjónustunnar ekki megin máli, heldur er ýmislegt sem kemur þar inn í. Einnig er talið að eftir því sem íbúarnir eru virkari, þeim mun ánægðari séu þeir.³⁸ Stærð sveitarfélaga hefur þarna áhrif, þar sem hlutfallslega fleiri taka þátt í minni sveitarfélögum en þeim stærri og virðist sem lýðræðisleg þátttaka sé vænlegri í minni sveitarfélögum heldur en þeim stærri.³⁹ Þátttaka og samborgaralegar dyggðir aukast við það að hafa staðbundið vald. Þetta veitir almenningi þekkingu og þjálfun í því að fást við opinber málefni.⁴⁰

Fleiri möguleikar eru til beinnar þátttöku almennings í litlum einingum heldur en stórum. Mun færri taka þátt í landsmálum heldur en í sveitarstjórnarmálum. Kjörnir fulltrúar í sveitarfélögum eru yfir 400 á meðan einungis 63 ná kjöri til Alþingis.⁴¹ Í Ölfusi búa um 2000 manns. Samkvæmt því sem um var rætt hér að ofan ætti því lýðræðisleg þátttaka að vera töluverð í Ölfusi. Hins vegar ætti hún, samkvæmt þessu, að vera eitthvað minni í Árborg þar sem íbúafjöldinn þar er hátt í 8000 og á Akranesi þar sem íbúafjöldinn er yfir 6500.

Með ungmennaráðum er verið að auka lýðræðislega þátttöku ungs fólks og ungmennalýðræði ásamt því að auka íbúalýðræði. Þegar rætt er um íbúalýðræði er oft vitnað til þáttökustiga Arnsteins, en leið Arnsteins ein sú þekktasta til að skoða og ramma inn áhrif almennings.⁴² Þátttöku er skipt niður í átta skref eða stiga með átta þrepum og skiptast þau niður eftir því hvaða áhrif íbúarnir hafa á ákvarðanir.


³⁸ Gunnar Helgi Kristinsson, (2006), bls. 237-8.

³⁹ Gunnar Helgi Kristinsson, (2001), bls. 15.

⁴⁰ Gunnar Helgi Kristinsson, (2001), bls. 14.

⁴¹ Gunnar Helgi Kristinsson, (2003), bls. 8.

⁴² Gunnar Helgi Kristinsson, (2009a), bls. 183.




Mynd 1: Þáttökustigi Arnstein⁴³

Í tveimur neðstu þrepunum hafa íbúarnir ekkert til málanna að leggja. Næstu þrjú þrep eru til málamynda. Í þessum þrepum geta einstaklingarnir látið í sér heyra og geta fengið upplýsingar um málefnið. Íbúarnir hafa í raun ekki völd nema stjórnvöld leyfi það. Efstu þrjú þrepin snerta viðfangsefni þessarar ritgerðar eða íbúalýðræði. Í þessum þrepum hafa íbúarnir raunveruleg áhrif.⁴⁴

Gunnar Helgi Kristinsson hefur fjallað mikið um íbúalýðræði og hefur hann einfaldað stiga Arnsteins með því að fækka um 5 þrep. Þrepin þrjú sem Gunnar Helgi notast við eru kynning, samstarf og valdaafsal.

⁴³ Arnstein, Sherry, R., (1969).

⁴⁴ Arnstein, Sherry, R., (1969).



Mynd 2: Þátttökustigi Gunnars Helga⁴⁵

Fyrsta þrepið er kynning og gengur það þrep aðallega út á að stjórnvöld kynni það sem þau ætla að gera. Um leið hafa íbúarnir tækifæri til þess að segja sína skoðun á þeim málefnum sem eru fyrir hverju sinni. Þessar kynningar eiga sér yfirleitt stað þegar ákvarðanirnar eru fullmótaðar og eru kynning fyrir íbúana en ekki tækifæri fyrir þá til að hafa áhrif. Athugasemdir íbúanna hafa lítil áhrif nema stjórn mála- og eða embættismennirnir leyfi það. Þrep tvö í stiga Gunnars Helga er samstarf. Munurinn á þrepi eitt og tvö er að í seinna þrepinu er tilgangurinn ekki einungis sá að kynna það sem á að gera heldur skapa aðstöðu fyrir íbúana til að hafa raunveruleg áhrif. Þriðja og síðasta þrepið er valdaafsal, en þó á afmörkuðu sviði. Í þessu þrepi láta stjórn málamenn af hendi til íbúanna hluta af sínu valdi. Þetta getur meðal annars verið í formi atkvæðagreiðslna og hverfisstjórna.⁴⁶ Þarna er verið að veita íbúunum hluta af valdinu og því má segja að þetta skref sé komið út fyrir fulltrúalýðræðið og í áttina að beinu lýðræði.

Með ungmennaráðum eru stjórnvöld að veita valdi til ungmenna er sitja í ungmennaráði að einhverju leyti. Þó er ekki hægt að segja að um valdaafsal sé að ræða. Af þessu má draga þá ályktun að ungmennaráð sveitarfélaga séu staðsett í öðru þrepi í stiga Gunnars Helga en í sjötta til áttunda þrepi í stiga Arnsteins.

Í næsta kafla verður fjallað um íbúa- og ungmennalýðræði en þær kenningar ganga út á að íbúarnir eða ungmennin komi sem mest að ákvarðanatöku sveitarfélaga. Þessar

⁴⁵ Gunnar Helgi Kristinsson, (2005), bls. 2.

⁴⁶ Gunna Helgi Kristinsson, (2005), bls. 2.

kenningar eru í raun hluti af beina lýðræðinu þar sem undirstaðan er að íbúarnir eða ungmennin taki sem mestan þátt í ákvarðanatöku síns nærsamfélags.

2.3 Íbúa- og ungmennalýðræði

Íbúalýðræði eða staðbundið lýðræði (local democracy) er í stuttu máli það að fá íbúa á tilteknu svæði til þess að koma meira að ákvarðanatöku í þeirra nánasta samfélagi. Íbúalýðræði fellur í raun undir beint lýðræði þar sem meginhugsunin í íbúalýðræði er að almenningur ráði. Segja má að íbúalýðræði sé það að almenningi og öllum þeim er málið varðar sé gefið tækifæri til þess að koma að ákvarðanatökuferlinu.⁴⁷

Samkvæmt þjóðarpúlsi Gallup í mars 2009 er traust almennings til opinberra stofnanna, eftir hrun bankanna, í sögulegu lágmarki.⁴⁸ Til að auka traust almennings til þeirra þarf að „...styrkja böndin sem tengja fulltrúakerfið við kjósendur. Sveitarstjórnarstigið er að mörgu leyti kjörinn vettvangur til að styrkja þessi bönd. Nálægð við kjósendur í litlum einungum stuðlar að þátttöku og glæðir áhuga almennings á málefnum samfélagsins.“⁴⁹ Aukið íbúa- og ungmennalýðræði innan sveitarfélaga ætti því að styrkja þessi bönd og þá sérstaklega stofnun ungmennaráða, þar sem með þeim er verið að gefa ungu fólki tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanatöku sveitarfélaga.

Áhrif almennings á opinber málefni er vanrækt viðfangsefni innan stjórnmálafræðinnar. Helstu niðurstöður athuganna á þessu sviði efast um að almenningur geti haft áhrif á stjórnvöld á kerfisbundin hátt.⁵⁰ Gunnar Helgi Kristinsson rannsakaði þetta hinsvegar og í grein hans *Public Impact* kemur fram að niðurstöður hans „...bendi til þess að áhrif almennings séu meiri en gert hefur verið ráð fyrir innan stjórnmálafræðinnar hingað til.“⁵¹ Þessi niðurstaða gefur til kynna að áhrif almennings koma ekki bara í gegnum kosningar þrátt fyrir að þær gegni mikilvægu hlutverki í almenningsáhrifum. Áhrif almennings eru samtvinnuð öðrum aðferðum eins og beinni þátttöku, undirskriftarlistum, mótmælum og þátttöku í nefndarstarfi sveitarfélaga.⁵² Í grein Gunnars Helga Kristinssonar kemur einnig fram að stjórnvöldum á Íslandi finnst þörf á að koma til móts við skoðanir almennings. Er

⁴⁷ Young, (2000), bls 10.

⁴⁸ Þjóðarpúls Gallup, mars 2009.

⁴⁹ Gunnar Helgi Kristinsson, (2009b), bls 1.

⁵⁰ Gunnar Helgi Kristinsson, (2009a), bls. 183.

⁵¹ Gunnar Helgi Kristinsson, (2009a), bls. 183.

⁵² Gunnar Helgi Kristinsson, (2009a), bls. 200.

þó tekið fram að stjórnvöld megi ekki alltaf gefa eftir undan þrýstingi almennings og að þau verði að standa fast á sínu þegar almenningur kemur fram með ósanngjarnar kröfur.⁵³

Ýmsir fræðimenn hafa haldið því fram að íbúalýðræði sé í raun hluti af þróun vestrænna samfélaga. John Naisbitt er einn af þessum fræðimönnum en hann setti fram árið 1983 í bók sinni, *Megatrends: Ti nye tendenser ændrer vores liv*, spá um nýu lykilatriði í þróun vestrænna samfélaga og er eitt atriðið að þróast frá fulltrúalýðræði til íbúalýðræðis.⁵⁴ Kurt Klaudi Klausen tekur undir spá Naisbitt um þjóðfélagsþróun vestrænna ríkja í bók sinni *Skulle det være noget særligt*. Í sömu bók setti Klausen fram sjö einkenni sem hafa áhrif á opinbera starfsemi og er eitt atriðið á þeim lista nærlýðræði.⁵⁵ Samkvæmt þessu má segja að íbúalýðræði hafi áhrif á opinbera þjónustu og sé hluti af þróun vestrænnaríkja og þar á meðal Íslands. Á Íslandi má sjá að íbúalýðræði hefur aukist seinustu ár, dæmi um það eru íbúáþing, ungmennáþing, þjóðaratkvæðagreiðslur, stjórnlagáþing og stofnun ungmennaráða innan sveitarfélaga og margra félaga. Því má segja að kenning Naisbitt um þróun vestrænna samfélaga standist að minnsta kosti hér á landi.

Einn þeirra þátta sem styrkir lýðræðislega þátttöku er félagsauður og samborgaralegar dyggðir. Samkvæmt kenningum Putnams er félagsauður „...það félagslega net sem borgararnir geta valið að nýta sér í samfélaginu og sá hagur sem þeir hafa af því að nýta sér það. Félagsauður er sá ábati sem margvísleg óformleg félagstengsl leiða af sér fyrir einstaklingana. Einstaklingarnir geta myndað slík tengsl innan fjölskyldna, vinahópa, með nágrönnum og vinnufélögum, enn fremur í hvers kyns formlegum félögum, s.s. í stjórnmalaflokkum, kirkjustarfi, verkalýðsfélögum, fagfélögum svo fátt eitt sé nefnt.“⁵⁶

Samborgaralegar dyggðir eru „...blanda viðhorfa sem greiða fyrir samvinnu fólks. Almenn traust til annarra er grundvallarforsenda samborgaralegra dyggða. Sá sem ekki telur öðrum treystandi sér sjaldan ástæðu til að leggja sig fram fyrir aðra eða hlýða almennum reglum þegar það hentar honum ekki.“⁵⁷ Þegar einstaklingar hugsa svona eru litlar líkur á því að þeir taki að sér vinnu fyrir samfélagið. En um leið og samborgaralegar dyggðir, traust og félagsauður aukast, eru einstaklingar tilbúnir að leggja á sig vinnu fyrir sameiginleg málefni.

Stjórnkerfi Íslands byggist upp á fulltrúalýðræði og er íbúalýðræði tiltölulega nýtt form innan þess. Hér á landi hafa stjórnmalamenn mikið talað um að auka íbúalýðræði og í flestum sveitarfélögum landsins hafa verið haldin íbúáþing þar sem íbúarnir geta sagt sína

⁵³ Gunnar Helgi Kristinsson, (2009a), bls. 201.

⁵⁴ Naisbitt, (1983) og Klausen, (2003), bls. 24-42.

⁵⁵ Klausen, (2003), bls. 24-42.

⁵⁶ Guðrún Þórey Gunnarsdóttir, (2004), bls. 5.

⁵⁷ Gunnar Helgi Kristinsson, (2001), bls. 155.

skoðun og komið með tillögur að hlutum sem þarf að gera eða bæta. Slík þing eru hluti af íbúalýðræði. Íbúakosningar eru þekktar, til að mynda var kosið í Hafnarfirði um stækkun álvers, í Reykjavík um framtíð Reykjavíkurflugvallar og er það annar анги af íbúalýðræðinu.

Í þessari rannsókn gegnir lýðræði stóru hlutverki og þá sérstaklega íbúalýðræði og því er mikilvægt að skilgreiningin á íbúalýðræði sé á hreinu. Íbúalýðræði er þegar almenningur hefur tækifæri til þess að koma að ákvarðanaferlinu. En það er ekki nóg að hann hafi tækifæri heldur verða íbúarnir að taka virkan þátt í slíku starfi. Kjörnir fulltrúar eiga að leitast við að fá skoðanir almennings fram og virða þær hvort sem fulltrúarnir eru sammála hugmyndum hans eða ekki.

Hér á landi eiga hugmyndir um unglíngalýðræði rætur sínar að rekja til níunda áratugarins. Þær voru innleiddar í starfi félagsmiðstöðva árið 1985 eftir ráðstefnu um viðfangsefnið. Í dag gegnir unglíngalýðræði stóru hlutverki í starfi félagmiðstöðva.⁵⁸ Í öllum félagsmiðstöðvum landsins er kosið í svokölluð unglíngaráð og er það gert árlega. Til þess að fá kosningu í slík ráð þurfa ungmennin að bjóða sig fram og fá atkvæði frá öðrum ungmönnum. Unglíngaráðin sjá svo um að móta starf félagsmiðstöðvarinnar út skólaárið. Tilgangurinn með þessu ráði er að undirbúa og þjálfa unglíngana í lýðræðislegum vinnubrögðum. Út frá unglíngalýðræði þróuðust svo hugmyndir um ungmennalýðræði. Ungmennaráð byggja á ungmennalýðræði en hugmyndafræðin að baki á rætur sínar að rekja til ákvæða í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, nýjum æskulýðslögum og stefnumótun ESB í málefnum ungs fólks.⁵⁹

⁵⁸ Árni Guðmundsson, (2007), bls. 117.

⁵⁹ Andri Ómarsson, (2007), bls. 10.

3 Lög og reglur um áhrif ungs fólks á ákvarðanatöku stjórnvalda

Umboðsmaður barna hefur lengi barist fyrir því að búinn sé til vettvangur fyrir unglunga til þess að hafa áhrif á sitt nærumhverfi og tókst það með æskulýðslögum nr. 70/2007. En ungmennaráð á Íslandi eiga rætur sínar að rekja til ákvæða í þeim lögum ásamt ákvæða í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og stefnumótun ESB í málefnum ungs fólks. Hér að neðan verður fjallað nánar um þetta þrennt.

3.1 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Þann 20. nóvember árið 1989 var Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.⁶⁰ Hér á landi var hann undirritaður árið 1990 en Alþingi Íslands lét þó ekki fullgilda hann fyrr en árið 1992.⁶¹ Enginn sáttmáli hefur verið staðfestur af jafn mörgum ríkjum og Barnasáttmálinn en 192 ríki hafa samþykkt hann.

Í sáttmálanum er fjallað um réttindi barna og hér á landi eru einstaklingar börn þar til þeir eru orðnir 18 ára.⁶² Í honum er fjallað vítt um þau réttindi og „...samningurinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn séu hópur sem þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu og að réttinda þeirra hafi ekki verið nægilega gætt í þeim mannréttindasamningum sem áður hafa verið gerðir. Jafnframt felst í honum viðurkenning á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með eigin réttindi, þau eiga sjálfstæð réttindi – óháð réttindum hinna fullorðnu.“⁶³

Í sáttmálanum er réttindum ungmenna skipt í fernt: réttur til að þroskast og læra, réttur til lífs, réttur til þátttöku og réttur til verndar.⁶⁴ Hér verður einungis fjallað um réttinn til þátttöku en hann felur í sér að börn eiga rétt á að taka þátt í samfélaginu sem þau lifa í. Þau hafa rétt til að tjá skoðanir sínar og geta sagt skoðun sína á hlutum sem hafa áhrif á líf þeirra.⁶⁵ Þessi réttindi eru ein af grunnstoðum ungmennaráða hér á landi. En nánar er fjallað um réttindi barna og það sem snertir skoðanir þeirra í 12. og 13. gr. sáttmálans. Í 12. gr. segir: „Aðildarríki skulu tryggja barni, sem myndað getur eigin skoðanir, rétt til að láta þær frjáltslega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í

⁶⁰Umboðsmaður barna, (e.d.)a

⁶¹ Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Nr. 18/1992.

⁶² Lögræðislög nr. 71/1997.

⁶³ Umboðsmaður barna, (án dags.)a

⁶⁴ Andri Ómarsson, (2007), bls 12 og Mannréttindaskrifstofa Íslands, (e.d.).

⁶⁵ Mannréttindaskrifstofa Íslands, (e.d.).

samræmi við aldur þess og þroska.⁶⁶ Í 13. gr. er svo fjallað betur um rétt barna til að viðra skoðanir sínar en þar stendur: „Barn á rétt til að láta í ljós skoðanir sínar, og felur það í sér rétt til að leita, taka við og miðla hvers kyns vitneskju og hugmyndum, án tillits til landamæra, annaðhvort munnlega, skriflega eða á prenti, í formi lista eða eftir hvers kyns öðrum leiðum að vali þess.“⁶⁷ Sem sagt ein af grunnforsendum ungmennaráða á rætur sínar að rekja til Barnasáttmálans þar sem með honum er verið að viðurkenna rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós.

3.2 Stefnumótun ESB í málefnum evrópskra ungmenna

Stefna ESB í málefnum ungs fólks byggir á viðhorfskönnun sem var gerð í byrjun 21. aldarinnar. Þessi stefna er í Hvítbók framkvæmdastjórnar ESB og heitir *Ný sókn í málefnum evrópskra ungmenna*.⁶⁸ Markmið hennar er að fá ungt fólk til þess að vera þátttakendur í ákvarðanatöku innan ESB. Í þessu riti er tekið fram að ungt evrópskt fólk hafi mikinn áhuga á því að taka þátt í lýðræðinu og nýta sér þau lýðræðislegu réttindi sem það hefur. En þetta unga fólk er þó ekki að sækja í þessi hefðbundnu pólitísku öfl eins og stjórn málaflökka og verkalyðsfélög og þess vegna verður að búa til vettvang þar sem þessir einstaklingar geta látið skoðanir sínar í ljós. Niðurstöður könnunarinnar voru að ungt fólk í Evrópu hefur mjög svipað gildismat og metnað þrátt fyrir mjög svo ólíka aðstæður. Þessir einstaklingar hafa miklar skoðanir en stór hluti þeirra hefur ekki fundið sér vettvang til þess að koma skoðunum sínum á framfæri.⁶⁹ Í Hvítbókinni segir að þetta bil sem hefur myndast á milli ungmenna og stjórnkefisins verði að brúa og er það hlutverk hins opinbera.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lagði mikla áherslu á að evrópsk ríki hefðu hugmyndir Hvítbókar í fyrirrúmi þegar þau mótuðu stefnu sína í æskulýðsmálum.⁷⁰ Í Hvítbókinni er talað um að mikilvægt sé að búinn sé til vettvangur þar sem ungt fólk getur komið sínum skoðunum á framfæri. Ungmennaráð er sá vettvangur hér á landi en í nýju æskulýðslögunum sem tóku gildi árið 2007 er kveðið á um að sveitarfélög stofni slík ráð til þess að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks. Með því að setja þetta inn í æskulýðslögin eru stjórnvöld hér á landi búin að uppfylla það sem kveðið er á um í Hvítbókinni eða það að skapa vettvang til að brúa bilið á milli stjórnvalda og ungs fólks.

⁶⁶ Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 18/1992.

⁶⁷ Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 18/1992.

⁶⁸ Hvítbók Framkvæmdastjórnar ESB, (2001), bls. 9.

⁶⁹ Hvítbók Framkvæmdastjórnar ESB, (2001), bls. 8-13.

⁷⁰ Frumvarp til æskulýðslaga, nr. 70/2007.

3.3 Æskulýðslög

Hér á landi eiga ungmennaráð rætur sínar að rekja til æskulýðslaganna eins og áður hefur verið sagt. Þann 28. mars 2008 tóku ný æskulýðslög gildi en þau leystu af hólmi eldri lög sem voru frá árinu 1970. Í fyrstu grein nýju laganna er talað um tilgang þeirra en þar segir:

Tilgangur laga þessara er að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi. Með æskulýðsstarfi er átt við skipulagða félags- og tómstundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum. Í skipulögðu æskulýðsstarfi skal hafa í huga félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarlegt gildi þess sem miðar að því að auka mannkosti og lýðræðisvitund þátttakenda. Í öllu starfi með börnum og ungmennum skal velferð þeirra höfð að leiðarljósi og þau hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku.⁷¹

Í þessari fyrstu grein er talað um að auka lýðræðisvitund ungmenna og hvetja þau til frumkvæðis og virkrar þátttöku. Við sjáum á þessu að grundvöllur ungmennaráða er í þessum lögum. Ungmennaráð ná til mismunandi aldurshópa og á mörgum stöðum eru þau fyrir ungmenni á aldrinum 13-18 ára. Í þessari rannsókn verður horft til sveitarfélaganna Árborgar, Ölfuss og Akraness. Í Árborg er ungmennaráð fyrir 15-18 ára, í Ölfusi 14-20 ára og á Akranesi er aldur ekki tiltekinn í erindisbréfi ráðsins. Í lögnum er talað um að þau miðist við æskulýðsstarf fyrir börn og ungmenni á aldrinum 6-25 ára og að viðmiðunaráldur ungmennaráða sé 13-17 ára þar sem 18 ára einstaklingar eru komnir með kosningaaldur. Sveitarfélögin hafa þó frjálsar hendur með nákvæmar reglur, hlutverk og val í ungmennaráð eins og segir í 2. mgr. 11. gr. laganna. En þar segir:

Sveitarstjórnir hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð. Hlutverk ungmennaráða er m.a. að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarstjórnir setja nánari reglur um hlutverk og val í ungmennaráð.⁷²

Í þessum lögum er áhersla lögð á mikilvægi þess að ungt fólk hafi tækifæri til þess að vera virkir þátttakendur í samfélagi sínu, sem byggist á lýðræði og það sé tækifæri fyrir það til þess að koma að ákvörðunum er snerta líf þeirra. Með stofnun ungmennaráða eru sveitarfélögin að gefa ungu fólki tækifæri á því að hafa áhrif á málefni sem snerta ungt fólk. Í greinagerð með lögnum er tekið fram að með þátttöku í starfi ungmennaráða fái ungt fólk tækifæri til þess að

⁷¹ Æskulýðslög nr. 70/2007.

⁷² Æskulýðslög nr. 70/2007.

koma skoðnum sínum á framfæri við rétta aðila. Einnig er talað um mikilvægi þess að kjör eða val í ráðin sé lýðræðislegt og að fulltrúar sem flestra hópa eigi aðild að ráðinu.⁷³

Með lögunum eru stjórnvöld ekki að skylda sveitarfélög til að stofna ungmennaráð heldur eru þau að hvetja til þess. Með þessu eru stjórnvöld að koma til móts við tilmæli um lýðræðislega þátttöku ungs fólk sem talað er um í Hvítbók framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. En lýðræðisleg þátttaka ungs fólks næst ekki með því einu að setja á stökk ungmennaráð. Ungmennaráð eru einskisnýt ef lýðræðisleg þátttaka ungs fólks er engin, til þess að ráðin virki þarf ungt fólk að vilja taka þátt.

⁷³ Æskulýðslög nr. 70/2007.

4 Aðferðafræði

Í þessum kafla verður fjallað um aðferðarfæði og framkvæmd rannsóknarinnar sem fór fram haustið 2010. Rannsóknarferlinu verður lýst og farið yfir þá aðferðafræði sem beitt var við rannsóknina. En í rannsókninni var horft til fjölpættar aðferðafræði, stuðst var við heimildaöflun og eigindlegar rannsóknaraðferðir.

Í rannsókninni var notast við tilviksathugun (e. Case study research) sem flokkast undir eigindlegar rannsóknaraðferðir líkt og margar aðrar rannsóknir innan félagsvísinda. Tilviksathugun er skilgreind sem ítarleg athugun á einu viðfangsefni, einum stað eða einum atburði.⁷⁴ Rannsakandi safnaði lýsandi gögnum við raunverulegar aðstæður í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Í október 2010 voru tekin þrjú viðtöl, eitt í hverju sveitarfélagi, við einstaklinga sem bera ábyrgð á málefnum ungs fólks á vegum sveitarfélaganna. Í þessum viðtölum var leitast við að hafa spurningarnar opnar til að fá sem mestar upplýsingar upp á borðið.

Viðtöl voru einnig tekin við nefndarmenn þriggja ungmennaráða og þau notuð sem rýnihópar. En rýnihópur er hópur einstaklinga sem er kallaður saman til að ræða ákveðið málefni. Í slíkum hópum gefst einstaklingum tækifæri til að segja sína skoðun hindunarlaust. Er þetta gert til að fá fram miklar upplýsingar á stuttum tíma. Aðrar upplýsingar um ungmennaráðin fengust hjá Sveitarfélaginu Ölfus, Sveitarfélaginu Árborg og Akraneskaupstað

Í eigindlegum rannsóknum er gögnum safnað á ítarlegan hátt og rannsakandi setur sig inn í heim viðmælandans og reynir þannig að upplifa viðfangsefnið og sjá það með augum þeirra sem hrærast og vinna á því sviði sem rannsóknin beinir sjónum sínum að.⁷⁵ Eigindlegar aðferðir henta því vel þegar verið er að skoða ákveðna hópa og þegar verið er að kortleggja reynslu meðalima í slíkum hópum. Það er því hentugt að nota slíka aðferðarfæði við rannsókn sem þessa.

Rannsóknin byggist mikið á fundargerðum ungmennaráðanna og að bera þær saman við ákvarðanir innan sveitarfélaganna. Mikil vinna var lögð í að kortleggja allar bókanir og hugmyndir ungmennaráðanna og fylgja þeim alla leið. Ætlunin var að fylgja málum frá því að þau koma til ungmennaráðs, ef málið kemur ekki frá ungmennaráði sjálfu og þar til þau fá lokaafgreiðslu í stjórn sveitarfélagsins. Til að víkka sýnina á viðfangsefnið verður notast við

⁷⁴ Bogdan og Biklen, (2003), bls. 54.

⁷⁵ Kvale, S, (1996), bls. 124-143.

eigindlega aðferðafræði eins og áður hefur verið sagt og verður þá notast við viðtöl sem tekin voru við aðila er tengjast viðfangsefninu.

4.1 Eigindlegar rannsóknaraðferðir

Eigindlegar rannsóknaraðferðir eru í raun heiti yfir margar aðferðir. Með þessum aðferðum eru aðstæður rannsakaðar með aðferðum mannfræðinnar. Við þessa rannsókn sem byggist á því að skoða ungmennaráð þriggja sveitarfélaga og hvort þau hafi áhrif á ákvarðanatöku sinna sveitarfélaga verður notuð aðleiðsla sem eigindlegar rannsóknaraðferðir byggjast á. En aðleiðsla gengur út á að kenningin er ekki mótuð strax heldur mótast hún í rannsóknarferlinu.⁷⁶

Kosturinn við þessa aðferðafræði er að rannsakandinn fær góða innsýn í viðfangsefnið og einstaklingar sem tengjast efninu fá að tjá sig, auk þess getur rannsakandinn í leiðinni spurt fleiri spurninga sem geta bætt rannsóknina. Ókostirnir við þessa aðferðafræði eru hinsvegar þeir að hún er tímafrek, því það að taka viðtal tekur töluverðan tíma bæði í undirbúningi, framkvæmd og úrvinnslu. Þar að auki getur verið erfitt að alhæfa útfrá niðurstöðum sem koma úr rannsókn sem byggist á eigindlegum rannsóknaraðferðum.

Rannsakandinn þarf einnig að horfa hlutlaust á hlutina og reyna að láta tengsl sín við viðfangsefnið ekki skemma fyrir túlkun á niðurstöðum og gögnum. Þetta reynist mörgum erfitt en er þó mikilvægt þegar viðtöl eru tekin sem og við vinnslu niðurstaða.⁷⁷ En þessi opnu viðtöl veita rannsakandanum tækifæri til að komast að hlutum sem erfitt er að komast að með megindlegum rannsóknaraðferðum. Þátttökuaðferð og viðtöl eru þær aðferðir sem eru algengastar innan þessarar aðferðafræði en í þessari rannsókn verður stuðst við viðtöl.⁷⁸

4.2 Eigindleg viðtöl

Með eigindlegum viðtölum er gagna aflað með beinum samskiptum við viðmælanda. Í þessari rannsókn var notast við slík viðtöl. Rannsakandi tók viðtöl við einn einstakling í hverju sveitarfélagi fyrir sig ásamt því að taka viðtal við nefndarmenn ungmennaráða sveitarfélaganna í heild og nota hvert þeirra sem rýnihóp. Rætt var við einstaklinga sem starfa hjá sveitarfélögunum og koma að ákvarðanatöku í æskulýðsmálum. Ungmennin sem rætt var við voru á aldrinum 14-20 ára og hafa misjafna reynslu og menntun en það þarf ekki að vera veikleiki þar sem fróðlegt er að sjá hvort þessi ungmenni telji að þau geti haft áhrif og hvort

⁷⁶ Creswell, J. W., (1998).

⁷⁷ Björn Bergsson, (2001), bls. 40-42.

⁷⁸ Bogdan og Biklen, (2003), bls. 54-55

þau haldi að það verði hlustað á þau. Áhersla verður lögð á að þátttakendur lýsi sínum skoðunum og reynslu af setu í ungmennaráði Ölfuss, Árborgar og unglíngaráði Akraness.

Í viðtölunum notaðist rannsakandi fyrst við lýðfræðilegar spurningar til að hita viðmælandann upp.⁷⁹ Síðan var farið í að spyrja um forsögu ráðanna, væntingar í upphafi, hvernig bæjarstjórn hafi staðið sig í að virkja ungmennaráð og fleira (sjá nánar í viðauka 1).

Viðtölin við starfsmenn sveitarfélaganna voru tekin á skrifstofum þeirra. Viðtöl við ungmenni voru tekin á stað þar sem þau töldu sig vera á heimavelli en það var gert til að auka öryggi viðmælanda. Í Ölfusi var viðtal við ungmennin tekið í húnæði félagsmiðstöðvarinnar Svítunnar. Í Árborg var viðtal við ungmennin tekið í Pakkhúsinu sem er ungmennahús sveitarfélagsins og á Akranesi voru viðtöl við ungmennin tekin í Frístundaheimilinu Þorpinu.

Viðtölin voru tekin upp á hljóðupptökutæki og afrituð orð fyrir orð fyrir utan persónulegar upplýsingar þar sem trúnaði var heitið. Hvert viðtal var á bilinu 15-60 mínútur. Var viðmælendum lofað nafnleynd og var þess gætt í rannsókninni. Öllum gögnum um viðmælendur var eytt að lokinni greiningu.

⁷⁹ Hermanowicz, (2002), bls. 479-499.

4.3 Önnur gagnasöfnun

Gagnasöfnun fór víðsvegar fram en hér að neðan verður sagt frá helstu uppsprettum gagna sem notuð voru við rannsóknina fyrir utan viðtölin sem búið er að fjalla um .

1. Gögn voru fengin frá þremur sveitarfélögum. Gögnin sem um ræðir eru fundagerðir nefnda sveitarfélaganna sem og ýmis minnisblöð svo sem bókanir, starfsreglur, og skýrslur ungmennaþinga.
2. Lög og reglugerðir sem fjalla um ungmennaráð, rétt ungmenna til að hafa skoðanir o.fl. Einnig voru notaðar athugasemdir Alþingis og greinagerðir með lögnum skoðaðar.
3. Upplýsingar frá Íþróttta og tólmstundaráði Reykjavíkur um hugmyndina á bak við ungmennaráð og fræðilegar greinar um ungt fólk og lýðræði. Hjá UMFÍ voru fengnar upplýsingar um ungmennaráð á þeirra vegum og hjá Umboðsmanni barna fengust niðurstöður úr rannsókn sem var gerð á þeirra vegum um ungmennaráð sem og fyrirlestrar sem Umboðsmaður barna hefur notast við.

Þar sem ungmennaráð eru frekar ung fyrirbæri á Íslandi er ekki til mikið af gögnum um þau. Haft var samband við menntamálaráðuneytið til að fá heimildir en ráðuneytið hafði lítil sem engin gögn. Haft var samband við Árna Guðmundsson sem er adjunkt á menntavísindasviði en hann hefur starfað mikið í kringum ungt fólk og kom að því að innleiða unglingalýðræði í félagsmiðstöðvum á 9. áratugnum og gaf hann rannsakanda skemmtilegar hugmyndir varðandi verkefnið. Tölfræðilegar upplýsingar um ungmennaráð í sveitarfélögum voru fengnar frá Umboðsmanni barna en nýjustu tölurnar 2010 fékk höfundur með því að hafa samband við öll sveitarfélög hér á landi um stöðu ungmennaráða innan hvers sveitarfélags.

Ofangreind athugun fór fram í október 2010. Upplýsinga var aflað af heimasíðum allra sveitarfélaga á Íslandi og ef þær upplýsingar voru óljósar þá sendi rannsakandi tölvupóst til viðkomandi sveitarfélags og bað um upplýsingar. Að lokum var svo hringt í þau sveitarfélög sem höfðu ekki svarað innan tveggja daga. Að auki var upplýsinga aflað í fjölmörgum fræðibókum er snerta viðfangsefnið, þar að auki var veraldarvefur notaður.

4.4 Réttmæti og áreiðanleiki

Þegar um er að ræða eigindlega rannsókn þá er mikilvægt að hafa í huga þætti sem meta gæði slíkra rannsókna. Þessir þættir eru réttmæti og áreiðanleiki. Réttmæti eigindlegra rannsókna felst í því hversu vel höfundur tekst að afla fjöbreyttra gagna, setja sig inn í viðfangsefnið og tengja það saman. Áreiðanleiki eigindlegra rannsókna snýr hinsvegar að samræmingu gagna og trúverðugleika.⁸⁰

Creswell leggur til að við gerð eigindlegrar rannsóknar sé mikilvægt að nota að minnsta kosti tvær af átta aðferðum sem hann telur upp til að auka réttmæti rannsóknarinnar.⁸¹ Við þessa rannsókn er farið eftir hugmyndum Creswells og notast er við þríprófun og jafningjamat. Þríprófun er aðferð til að lýsa einhverju frá fleiri en einni hlið og fá þannig betri sýn á málið, er þetta gert með því að leita gagna með fleiri en einni gagnaöflunarleið. Jafningjamat er hinsvegar þegar við látum einstakling með kunnáttu á efninu lesa yfir efnið með gagrýnum augum.

Til viðbótar við þríprófun og jafningjamat tekur rannsakandi fram í formála mögulega hlutdrægni vegna stöðu hans gagnvart viðfangsefninu. Ástæðan fyrir því að rannsakandi telur mikilvægt að taka þetta fram er að hann hefur starfað mikið með ungu fólki, setið í ungmennaráði Ölfuss sem og aðstoðað ungmennaráð á ýmsa vegu. Einnig er mikilvægt að taka fram að undirritaður starfar sem forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Svítunnar sem er staðsett í Þorlákshöfn. Í gegnum hana hefur hann starfað með mörgum þeirra einstaklinga sem hafa setið í ungmennaráði Ölfuss sem og starfsfólki sveitarfélagsins sem viðkemur þessum málaflokki.

Í þessari rannsókn eru einstök ungmennaráð tekin fyrir og því er ólíklegt að hægt sé að endurtaka rannsóknina í öðrum sveitarfélögum og fá sömu niðurstöður. Aftur á móti er hægt að taka sömu sveitarfélög og spurningar og komast að sömu niðurstöður. Áreiðanleikinn er því töluverður. Flest gögn sem notuð eru, eru opinber gögn og því ætti trúverðugleiki þeirra gagna að vera mikill. Viðtölin eru hins vegar ekki opinber gögn en til þess að auka áreiðanleika þeirra voru öll viðtölin tekin upp og afrituð orðrétt. Var svo unnið úr viðtölunum eftir eigindlegri aðferðafræði, skráningin var ítarleg, efnisþættir flokkaðir og kóðaðir með lit.

⁸⁰ Hart, C., (2005), bls 277-290.

⁸¹ Creswell, J. W., (1998).

5 Ungmennaráð á landsvísu

Saga ungmennaráða á Íslandi er ekki löng, fyrstu ungmennaráðin í Reykjavík urðu til að mynda ekki til fyrr en haustið 2001 og voru þau stofnuð samkvæmt hugmyndum um ungmennalýðræði (sjá kafla 2). Með stofnun þeirra var vonast eftir því að borgaryfirvöld myndu huga meira að málefnum ungs fólks í borginni. Bæklingur var gefinn út um starfið og bar hann heitið Umboð til athafna. Í honum kemur fram að ungmennaráð eigi sterka tilvísun í Hvítbók Evrópusambandsins um málefni ungs fólks og starfi það eftir ákvæðum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna líkt og fram kom hér að framan.⁸² Slíkt starf eflir lýðræðið til muna þar sem með þessu er verið að gefa ungmennum sem ekki hafa kosningarétt tækifæri til þess að hafa áhrif á sitt nærsamfélag.

Þrátt fyrir að ungmennaráð í Reykjavík hafi orðið til haustið 2001 urðu þau ekki algeng fyrr en eftir að nýju æskulýðslögin tóku gildi árið 2007. En í þeim lögum er kveðið á um að „...sveitarstjórnir hlutist til um að stofnuð séu ungmennaráð. Hlutverk ungmennaráða er m.a. að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarstjórnir setja nánari reglur um hlutverk og val í ungmennaráð.“⁸³ Eftir að þessi lög tóku gildi fóru ungmennaráð að spretta upp út um allt land og ekki bara hjá sveitarfélögum. Ýmis samtök og félag tóku þetta upp eins og t.d. Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi (SAMFÉS), Ungmennafélag Íslands (UMFÍ), Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Samfélag, fjölskylda og tækni (SAFT) svo eitthvað sé nefnt.

Þrátt fyrir að ungmennaráðum hafi verið að fjölga undanfarin ár, þá hefur oft og tíðum verið erfitt að fá ungt fólk til að taka þátt í þessu starfi, sbr. ungmennaráð Vestmannaeyja sem lagðist niður vegna áhugaleysis ungs fólks.⁸⁴ Samkvæmt rannsókn Gunnars Helga Kristinssonar þá er þetta eðlilegt þar sem í hans rannsókn kemur fram að ungt fólk sé ólíklegra til að treysta öðrum.⁸⁵ Út frá því má draga þá ályktun að félagsauður sé minni hjá ungu fólki en því eldra og því erfiðara að fá ungt fólk til að leggja á sig vinnu í nefndum og ráðum eins og ungmennaráð er. Hér að neðan má sjá töflu úr rannsókn Gunnars Helga Kristinssonar.

⁸² Umboð til athafna, (e.d.).

⁸³ Frumvarp til æskulýðslaga nr. 70/2007.

⁸⁴ Arnsteinn Jóhannesson (munnleg heimild, 6. október 2010)

⁸⁵ Gunnar Helgi Kristinsson, (2001).


	1984	1990	2000
18-25 ára	32	29	25
26-35 ára	39	47	36
36-45 ára	47	50	34
46-55 ára	43	51	35
56-75 ára	46	40	48

Tafla 1: Traust á Íslandi 1984, 1990 og 2000: Hlutfall þeirra sem telja að flestum megi treysta í mismunandi aldurshópum.

Í þessari töflu má einnig sjá að traust er ekki bara minna hjá yngra fólki heldur en því eldra heldur virðist einnig minna traust vera hjá nýjum kynslóðum sem koma inn í töfluna. Það er fróðlegt að sjá t.d. þá sem eru á aldrinum 18-25 ára árið 1984 og fylgja þeim í næstu tvo flokka. Árið 1990 þegar þessi hópur er kominn á aldurinn 26-35 ára eykst traustið hjá þeim um heil 15%. En þegar þessi hópur er kominn á aldurinn 36-45 ára minnkar traustið aftur og þá um heil 13 prósentustig. En það sem við þurfum að skoða í þessari rannsókn er að ungt fólk ber minna traust til samborgara sinna heldur en eldra fólk og því má leiða líkum að því að það hafi minni félagsauð sem engurspeglast í minni áhuga á sameiginlegum hagsmunamálum eða því að þróa „ég“ yfir í „við“ líkt og Putnam orðaði það.


Umboðsmaður barna hefur lengi barist fyrir því að búinn sé til vettvangur fyrir unglínga til þess að hafa áhrif á sitt nærumhverfi og tókst það með æskulýðslögum nr. 70/2007. Árið 2008 sendi svo Umboðsmaður barna spurningalista til allra sveitarfélaga landsins til að kanna hvort búið væri að stofna ungmennaráð í sveitarfélaginu eða hvort þau hygðust stofna slíkt ráð.

Niðurstöður voru þær að 14 sveitarfélög voru búin að stofna ungmennaráð og 30 sögðu stefna að því að stofna ungmennaráð. Önnur 30 sveitarfélög sögðu að það stæði ekki til að stofna slíkt ráð og fjögur fámenn sveitarfélög svöruðu ekki fyrirspurn Umboðsmanns barna.



Mynd 3: Ungmennaráð í sveitarfélögum árið 2008⁸⁶

Umboðsmaður barna tók einnig saman hversu mörg prósent af íbúum landsins búa í sveitarfélögunum sem hér um ræðir. Í þeim 14 sveitarfélögum sem búið var að stofna ungmennaráð bjuggu 60% íbúa landsins. Þau sveitarfélög sem svöruðu ekki og þau sem sögðu að það stæði ekki til að stofna ungmennaráð voru 34 og eru þau frekar fámenn og í þeim búa einungis 10% landsmanna. Að lokum búa 30% landsmanna í þeim 30 sveitarfélögum sem hugðust stofna ungmennaráð á næstunni.



Mynd 4: Prósent af íbúum landsins⁸⁷

⁸⁶ Umboðsmaður barna, (e.d.)b.

Í byrjun árs 2010 sendi Umboðsmaður barna aftur út spurningalista og í ljós kom að 18 sveitarfélög höfðu stofnað ungmennaráð og í þeim sveitarfélögum bjuggu um 74% íbúa landsins. Niðurstaða könnunarinnar var sú að stór og meðalstór sveitarfélög starfrækja frekar ungmennaráð heldur en þau minni.⁸⁸

Í október mánuði árið 2010 gerði rannsakandinn athugun á því hversu mörg sveitarfélög væru með starfrækt ungmennaráð. Við þessa athugun notaðist rannsakandi við heimasíður sveitarfélaga. Þau sveitarfélög sem voru með óljósar upplýsingar á heimasíðu sinni fengu svo tölvupóst með fyrirspurn um ungmennaráð. Að lokum var svo hringt í þau sveitarfélög sem ekki höfðu svarað innan tveggja daga.

Þessar niðurstöður voru mun jákvæðari en hjá Umboðsmanni barna. Í ljós kom að 25 sveitarfélög voru með starfrækt ungmennaráð haustið 2010. Í þessum sveitarfélögum búa yfir 268.000 einstaklingar skv. Hagstofu Íslands, eða um 85% íbúa landsins. Í töflunni hér á eftir sést hvaða sveitarfélög voru með starfrækt ungmennaráð haustið 2010 og í byrjun árs 2010. Við athugunina kom einnig í ljós að fleiri sveitarfélög voru að stofna ungmennaráð en ekki verður fjallað um þau hér.

⁸⁷ Umboðsmaður barna, (e.d.)b

⁸⁸ Umboðsmaður barna, (e.d.)b

	Byrjun árs 2010	Október 2010
1	Sveitarfélagið Vogar	Sveitarfélagið Vogar
2	Garðabær	Garðabær
3	Hafnarfjörður	Hafnarfjörður
4	Kópavogur	Kópavogur
5	Mosfellsbær	Mosfellsbær
6	Reykjavík	Reykjavík
7	Seltjarnarnes	Seltjarnarnes
8	Kjósahreppur	Akranes
9	Akranes	Borgarbyggð
10	Borgarbyggð	Grundarfjörður
11	Snæfellsbær	Snæfellsbær
12	Stykkishólmur	Stykkishólmur
13	Sveitarfélagið Skagafjörður	Sveitarfélagið Skagafjörður
14	Fljótsdalshérað	Akureyri
15	Sveitarfélagið Árborg	Dalvíkurbyggð
16	Sveitarfélagið Hornafjörður	Norðurþing
17	Sveitarfélagið Ölfus	Pingeyjarsveit
18	Ísafjörður	Fjarðarbyggð
19		Fljótsdalshérað
20		Hveragerði
21		Rangárþing ytra
22		Sveitarfélagið Árborg
23		Sveitarfélagið Hornafjörður
24		Sveitarfélagið Ölfus
25		Ísafjörður

Tafla 2: Sveitarfélög með starfrækt ungmennaráð í byrjun árs 2010 skv. umboðsmanni barna og í október 2010.

Líkt og Umboðsmaður barna komst að þá eru það meðalstóru og stóru sveitarfélögin sem starfrækja ungmennaráð þó svo að nokkur fámennari sveitarfélögin séu á þessum lista. Meðalstærð þessara sveitarfélaga er um 10.800 íbúar, ef við sleppum Reykjavík þá er meðalstærðin um 6.250 íbúar. Tvö sveitarfélög eru með færri en 1.000 íbúa en þau eru Grundarfjarðarbær sem er með um 900 íbúa og Pingeyjarsveit með um 940 íbúa. Í næstu töflu sjáum við íbúafjölda þeirra sveitarfélaga sem starfrækja ungmennaráð.


Athygli vekur að tvö fjölmenn sveitarfélög, Reykjanesbær, með yfir 14.000 íbúa og Vestmannaeyjar, með yfir 4.100 íbúa, starfrækja ekki ungmennaráð. Í Vestmannaeyjum var

Þó starfrækt ungmennaráð en vegna slæmrar þátttöku ungmenna er það ráð ekki starfrækt í dag.

Íbúafjöldi	Fjöldi sveitarfélaga
0-499	0
500-999	2
1000-1499	2
1500-1999	4
2000-2499	2
2500-2999	1
3000-4999	6
5000-9999	3
>10000	5

Tafla 3: Íbúarfjöldi sveitarfélaga með starfrækt ungmennaráð

Þessi tafla endurspeglar niðurstöðu Umboðsmanns barna um að meðalstór og stór sveitarfélög séu frekar með ungmennaráð en fámennari sveitarfélög. Taka skal fram að þau tvö sveitarfélög sem eru með íbúarfjölda á bilinu 500-1.000 eru bæði með yfir 900 íbúa.



Mynd 5: Staðsetning sveitarfélaga sem eru með ungmennaráð

Á mynd 5 sést hvar sveitarfélögin sem starfrækja ungmennaráð, eru staðsett. Á myndinni er búið að skipta landinu upp í ákveðin landsvæði og er hver landshluti með sinn lit. Inní

hverjum landshluta er svo tekið fram hve mörg sveitarfélög eru innan þess landshluta og hve mörg þeirra starfrækja ungmennaráð.

Á myndinni sést að allir landshlutar eru með alla veganna eitt ungmennaráð og er það staðsett í stærsta byggðarkjarna þess landshluta, nema á Suðurnesjum. Þar er ungmennaráð ekki starfrækt í Reykjanesbæ eins og hefur komið fram áður. Hins vegar starfrækir Sveitarfélagið Vogar sem er fámennasta sveitarfélagið á Suðurnesjum ungmennaráð.

Ef við skoðum hlutfall sveitarfélaga innan hvers landshluta þá sjáum við að Vestfirðir og Norðurland vestra koma verst út, bæði með eitt sveitarfélag sem starfrækir ungmennaráð. Þetta merkir að á Vestfjörðum eru 10% sveitarfélaganna með ungmennaráð og á Norðurlandi vestra eru það 14% sveitarfélaganna. Norðurland eystra er betur státt en þar eru 30% sveitarfélaganna með ungmennaráð. Ef við tökum allt Norðurland saman þá eru 25% sveitarfélaganna þar með ungmennaráð. Á Vesturlandi eru 50% sveitarfélaganna með ungmennaráð og ef við tökum Vesturland og Vestfirði saman þá eru 30% sveitarfélaga á því svæði með starfrækt ungmennaráð. Á Austurlandi eru 25% sveitarfélaganna með ungmennaráð og á Suðurlandi er hlutfallið 33%. Höfuðborgarsvæðið kemur lang best út en þar eru 75% sveitarfélaganna með ungmennaráð en hins vegar eru einungis 20% sveitarfélaganna á Suðurnesjum með slík ráð.

Þetta er töluverð breyting frá athugun Umboðsmanns barna frá byrjun árs 2010 og ennþá meiri breyting frá árinu 2008. Eitt sveitarfélag hætti með ungmennaráð frá 2008 til ársbyrjunar 2010 en það voru Vestmannaeyjar. Ástæðan fyrir því var lítill áhugi hjá ungu fólki sem og lítill áhugi hjá stjórnsýslunni að leita til ráðsins skv. viðmælanda rannsakanda.

Í athugun Umboðsmanns barna var Kjósahreppur einnig með ungmennaráð í byrjun árs 2010 en í október sama ár var ekkert ungmennaráð starfrækt þar samkvæmt starfsmanni á skrifstofu sveitarfélagsins. Líkt og kom fram hér að ofan þá starfræktu 18 sveitarfélög ungmennaráð í byrjun árs 2010 og í október 2010 voru þessi sveitarfélög orðin 25. Eitt sveitarfélag, Kjósahreppur, dettur út en átta sveitarfélög bætast við en þau eru: Grundafjörður, Akureyri, Dalvíkurbyggð, Norðurþing, Þingeyjarsveit, Fjarðarbyggð, Hveragerði og Rangárþing ytra. Við þessa athugun kom einnig í ljós að fleiri sveitarfélög hafa rætt það að setja á laggirnar ungmennaráð og mörg hver komin langt á leið með það.

Mikil aukning ungmennaráða hefur orðið á þessu ári og má leiða líkum að því að sveitarstjórnarkosningarnar í maí 2010 hafi þar áhrif. Í nokkrum sveitarfélögum lofuðu frambjóðendur því að stofna slík ráð og hafa meira samráð við ungt fólk. Einnig eru líkur á því að unnið hafi verið í lengri tíma að því að stofna slík ráð og ákveðið að þau myndu hefja störf haustið 2010. Önnur kenning er að ástandið í þjóðfélaginu hafi ýtt undir það að

sveitarfélög settu á laggirnar ungmennaráð til þess að virkja ungmennin og fá viðhorf þeirra fram á sjónarsviðið. Ekki er þó hægt að fullyrði neitt um þetta.

6 Ungmennaráð Ölfuss

Ungmennaráð Ölfuss er staðsett eins og nafnið gefur til kynna í Sveitarfélaginu Ölfusi. Hét sveitarfélagið áður Ölfushreppur og fór hluti af þeim hreppi undir Selfoss þegar það sveitarfélag var myndað.⁸⁹ Einnig fór hluti af þeim hreppi undir Hveragerði árið 1946. Gengið var frá sameiningu Ölfuss og Selvogshrepps árið 1988 en sameiningin gekk svo í gegn í byrjun árs 1989.⁹⁰

Í Ölfusi búa 1952 einstaklingar og stærsti hluti þeirra, eða 1565, búa í Þorlákshöfn, en Þorlákshöfn er eini þéttbýliskjarninn í sveitarfélaginu.⁹¹ Mikil uppbygging hefur verið á svæðinu seinustu ár. Fyrir nokkrum árum var höfnin stækkuð sem og grunnskólinn, einnig voru öll íþróttamannvirki endurnýjuð og aðstaða eldri borgara bætt. Sveitarfélagið Ölfus nær yfir mjög stórt landsvæði og skapar það mikla möguleika fyrir sveitarfélagið. Til að mynda er stutt síðan byggð var stór vatnsverksmiðja í sveitarfélaginu og farið er að nýta jarðvarma til að framleiða rafmagn í Hellisheiðarvirkjun, sem er innan marka sveitarfélagsins.

Sjávarútvegur hefur verið undirstaða byggðar í Þorlákshöfn frá upphafi. Þorlákshöfn er gömul verstöð og var hún lengi vel eitt stærsta útver Íslands.⁹² Eftir seinna stríð lagðist byggð nærri af í Þorlákshöfn, en uppúr 1950 fór að fjölga þar aftur og hefur íbúum fjölgað stöðugt síðan þá. Í dag starfa margir íbúar Ölfuss í Reykjavík en sjávarútvegur er ennþá mikilvægur fyrir byggðina. Herjólfur sigldi frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja en með tilkomu Landeyjarhafnar lögðust þær siglingar niður.


Í sveitarfélaginu er mikið félags- og tómstundarstarf fyrir ungt fólk. Félagsmiðstöð er staðsett í Ráðhúsi Ölfuss, ungmennakvöld sem eru ný af nálinni eru haldin reglulega, fjórir kórar eru í sveitarfélaginu, öflugt tónlistarstarf, mikið íþróttalíf hvort sem um er að ræða fótbolta, golf eða mótorsport og svona mætti lengi telja. Það má því segja að öll umgjörðin í sveitarfélaginu sé góð fyrir ungt fólk. Það eina sem vantar er fjölbreyttara atvinnulíf til þess að halda í unga fólkið. Þrátt fyrir það er töluvert af ungu fólki sem býr í sveitarfélaginu en margir sækja þó vinnu í önnur sveitarfélög. Meðalaldur í sveitarfélaginu er 34,5 ár.

⁸⁹ Lýður Björnsson, (1979b), bls. 54.

⁹⁰ Fyrirhuguð sameining sex sveitarfélaga á næstunni, (1988, 29. júní)

⁹¹ Hagstofa Íslands

⁹² Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir, (1990), bls. 576.



Mynd 6: Aldursdreifing í Ölfusi árið 2010

Á þessari mynd má sjá að fólk undir tvítugu er stór hlutur af sveitarfélaginu og því er ekki óeðlilegt að ungmennaráð sé starfandi í Ölfusi.

6.1 Forsaga ungmennaráðs Ölfuss

Eins og talað var um hér að framan þá var ætlunin með ungmennaráðum að efla þátttöku ungs fólks í samfélaginu. Með því er verið að efla lýðræðið í samfélaginu, færast frá fulltrúalýðræði nær beinu lýðræði nánar tiltekið í áttina að íbúalýðræði. Með stofnun ungmennaráðs Ölfuss er farið í áttina að íbúalýðræði, að minnsta kosti að forminu til. Spurningin er hvort virkni ráðsins sé þannig að það hafi áhrif.

Haustið 2006, ári áður en nýju æskulýðslögin tóku gildi, átti Ragnar Matthías Sigurðsson íþrótt- og æskulýðsfulltrúi sveitarfélagsins frumkvæði að því að stofnaður var undirbúningshópur fyrir ungmennaping í Ölfusi. Hugmyndin með að halda ungmennaping var að gefa ungmennum í Ölfusi tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi fékk til liðs við sig einstaklinga sem höfðu verið virkir í unglingaráði félagsmiðstöðvarinnar og nemendaráði grunnskólans á árunum áður. Þessi undirbúningshópur var því ekki lýðræðislega valinn, heldur handvalinn af einstaklingum sem höfðu reynslu á þessu sviði. Undirbúningshópurinn hélt nokkra fundi þar sem rætt var hvernig best væri að framkvæma þennan viðburð. Það eru ekki til fundargerðir frá þessum fundum.

Tæpu ári seinna eða 15. september 2007 var ungmennaping Ölfuss haldið í Ráðhúsi Ölfuss. Undirbúningshópurinn ásamt nýju fólki sem síðar tók sæti í ungmennaráði Ölfuss sáu um að halda þingið. Byggði þessi hópur þó starf sitt á starfi undirbúningshópsins. Þann 29.

nóvember 2007 var svo fyrsta eiginlega ungmennaráð Ölfuss stofnað þegar bæjarstjórn Ölfuss samþykkti samhljóða að stofna ungmennaráð.⁹³ Þau ungmenni sem tóku sæti í þessu fyrsta ungmennaráði Ölfuss höfðu góða reynslu og þekkingu á því sem framundan var, þar sem nokkrir þessara fulltrúa voru einnig í undirbúningshópnum.

Ákveðið var að hafa íbúáþing sveitarfélagsins sem fyrirmynd þar sem slíkt þing var haldið árið áður. Búnir voru til nokkrir vinnuhópar og einn úr undirbúningshópnum var í hverjum hóp. Sá einstaklingur skrifaði niður hugmyndir sem og kom með hugmyndir að umræðuefni ef að umræðan datt niður. Hver hópur fjallaði um eitt meginviðfangsefni í einu og voru viðfangsefnin þessi:

Málaflokkar
Menning og listir
Hafnardagar
Umgengni og umhverfismál
Íþrótt- og æskulýðsmál
Uppeldis og fræðslumál
Skipulags og samgöngumál
Málefni innflytjenda

Tafla 4: Málaflokkar á ungmennáþingi Ölfuss

Allar hugmyndirnar voru svo teknar saman, settar í skýrslu sem ungmennaráð kynnti fyrir bæjarstjórn. Segja má að undirbúningshópurinn og fyrsta ungmennaráð Ölfuss hafi staðið sig mjög vel þar sem þingið heppnaðist vonum framar. Var íþrótt- og æskulýðsfulltrúi mjög sáttur við útkomuna sem og allir sem komu að undirbúningi þingsins. Bæjarstjóri sem var þá Ólafur Áki Ragnarsson var ánægður með þetta framtak og aðstoðaði ráðið eins og hann gat í undirbúningi og framkvæmd þingsins. Bæjarstjórn tók mjög jákvætt í hugmyndirnar þegar hópurinn kynnti þær fyrir henni.

Segja má að starf undirbúningshópsins og ungmennáþingið hafi verið forsaga þess sem nú kallast ungmennaráð Ölfuss. Þar fyrir utan skiptu nýju æskulýðslögin miklu máli þar sem íþrótt- og æskulýðsfulltrúi sveitarfélagsins var að horfa til þeirra þegar hann stofnaði undirbúningshópinn. Því má segja að hugmyndin um ungmennalýðræði, það að búa til

⁹³ Bæjarstjórn Ölfuss, (29. október 2007).

vettvang fyrir ungt fólk til að taka þátt og það að færa sig fjær fulltrúalyðræðinu í áttina að íbúalyðræði hafi einnig átt stóran þátt í sögu ungmennaráðs Ölfuss.

Frá því að fyrsta ungmennaráðið hóf störf hafa þrjú ný ungmennaráð hafið störf en valið er í ungmennaráð einu sinni á ári. Í dag hefur ungmennaráð haft mikið fyrir stafni, það hélt ungmennafing í líkingu við það sem var haldið árið 2007 og hefur ráðið séð um skipulagningu ungmennakvölda sem eru einu sinni í mánuði. Frá því að fyrsta ungmennaráðið var sett á laggirnar hefur ýmislegt breyst, áherslur verið misjafnar, sem og áhugi nefndarmanna og bæjarstjórnarmanna.

Í upphafi höfðu starfsmenn sveitarfélagsins miklar væntingar til ráðsins. En ungmennin sjálf höfðu í raun engar væntingar þar sem ungmennin vissu ekki hvað þetta var. Í viðtali við starfsmann sveitarfélagsins kom þetta fram:

En það sem maður var náttúrulega að fiska eftir var að krakkar eða ungt fólk á þessum aldri hefðu vettvang til að hafa áhrif.... þannig að maður horfði aðalega á það og þessa setningu að þetta ætti að vera bæjarstjórnnum til ráðgjafar.⁹⁴

Í viðtalinu kom einnig fram að væntingarnar hefðu ekki staðist en þrátt fyrir það þá væru menn ekki búnir að gefast upp því það þyrfti að gefa starfinu tíma til að festast í sessi. Því „...þeir krakkar sem eru í þessu vita ekki hvað snýr aftur á bak og áfram í þessu, það þarf að gefa þessu tíma.“⁹⁵

Í næstu köflum verður ungmennaráð Ölfuss skoðað frá því að undirbúningshópurinn var settur á laggirnar til dagsins í dag.

6.2 Umgjörð ráðsins og vinnureglur

Ungmennaráð Ölfuss er eins og hver önnur nefnd á vegum sveitarfélagsins Ölfuss. Er hún launuð og ráðið fundar einu sinni í mánuði. Fundargerðir ráðsins fara fyrir bæjarstjórn og því má segja að litið sé á ráðið sem alvöru, marktækt ráð. Líkt og áður þá er spurningin einungis sú hvort tekið sé mark á ráðinu.

Í vinnureglum ráðsins er tekið fram að það sé einungis fyrir 14-20 ára ungmenni og er ráðið skipað fimm fulltrúum. Skulu fulltrúar hafa umboð frá ungu fólki til athafna í sveitarfélaginu. Markmið ráðsins er „...að veita þeim sem eru 20 ára og yngri fræðslu og

⁹⁴ Viðtal 1, bls. 2.

⁹⁵ Viðtal 1, bls. 2.

þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og skapa vettvang og leiðir til þess að gera þeim kleift að koma skoðunum sínum á framfæri við viðeigandi aðila.⁹⁶

Val á fulltrúum fer þannig fram að þrír einstaklingar eru valdir af Íþrótt- og æskulýðsnefnd en ekki lýðræðislega kjörnir. Síðan á formaður nemendaráðs grunnskólans sæti í ráðinu og formaður unglingaráðs félagsmiðstöðvarinnar Svítunnar. Þessir tveir síðast nefndu eru kosnir af ungmennum í sveitarfélaginu. Formaður nemendaráðs er kosinn í kosningu sem fer fram í efstu bekkjum Grunnskólans í Þorlákshöfn og formaður unglingaráðs er kosinn af einstaklingum sem sækja félagsmiðstöðina Svítuna. Fulltrúi getur einungis setið tvö ár í röð.

Annað sem bendir til að ráðinu sé ætlað að vinna virkt hlutverk er að Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi sveitarfélagsins er starfmaður ráðsins. Tekið er fram í vinnureglunum að hann megi ekki hafa frumkvæði nema brýna nauðsyn beri til, hann á einungis að starfa sem ráðgjafi og á hann að sjá um að koma samþykktum ráðsins til viðeigandi aðila hverju sinni. Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi mætir ekki á alla fundi ungmennaráðs en á fundum ráðsins er alltaf einhver einstaklingur á vegum sveitarfélagsins.

Eiginlegur formaður er ekki yfir nefndinni og á fundarstjórn og undirbúningur funda að skiptast milli meðlima ráðsins. Í vinnureglunum er einnig tekið fram að ungmennaráð eigi að leitast við að halda fund með bæjarstjóra Sveitarfélagsins Ölfuss að hausti og bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss að vori ár hvert.

Vinnureglur ráðsins eru í endurskoðun og til stendur að auka fjölda lýðræðislega kjörinna fulltrúa og reyna að festa starfið betur í sessi ásamt því að undirstrika að bæjaryfirvöld hafi samráð við ráðið um málefni ungs fólks.

6.3 Áhrif og virkni ungmennaráðs Ölfuss

Ungmennaráð Ölfuss er nýlegt ráð eins og fram kom hér að framan og hefur fjórum sinnum verið valið og kosið í það. Í viðtölum sem tekin voru við fulltrúa úr ungmennaráði sveitarfélagsins kom fram að ráðið hefur haft áhrif og voru allir fulltrúar sammála um það, en þeir sögðu:

Já að sjálfsgöðu hefur ungmennaráð haft áhrif t.d. með ungmennaþinginu sem var haldið, undirbúningi Hafnardaga og ef skoðaðar eru fundargerðir frá árinu í ár þá sést að ungmennaráð hefur haft töluverð áhrif þrátt fyrir að bæjarstjórn leiti ekki til okkar.⁹⁷

⁹⁶ Sveitarfélagið Ölfus, (2007).

⁹⁷ Viðtal 2, bls. 2.

Starfsmaður sveitarfélagsins sem rætt var við var á sama máli og tók fram að með ungmennahúsinu hafi ungmennaráð haft mikil áhrif. Margar þeirra hugmynda sem fram komu á þinginu og ungmennaráð kynnti fyrir bæjarstjórn hafa verið framkvæmdar. Einnig kom fram að hlustað væri á ungmennaráð í þeim nefndum og starfshópum sem fulltrúar ungmennaráðs eiga sæti í.

Ráðið hefur í gegnum árin komið með ýmsar hugmyndir og tillögur til bæjarstjórnar, íþróttá og æskulýðsfulltrúa, forvarnanefndar, bæjarstjóra, starfsmanna félagsmiðstöðva, Hafnardaganefndar og menningarfulltrúa svo fátt eitt sé nefnt. Hér verða þessar hugmyndir og tillögur skoðaðar og hvernig hefur verið tekið á þeim. Einnig verður virkni ungmennaráðsins skoðuð. Til að skoða virkni ungmennaráðsins verður horft til fjögurra atriða en þau eru:

1. Fjöldi funda
2. Mæting fulltrúa
3. Lengd funda
4. Frumkvæði ungmennaráðs

Upplýsingar um fundargerðir voru fengnar á heimasíður sveitarfélagsins www.olfus.is sem og á skrifstofu sveitarfélagsins. Aðrar heimildir fengust hjá starfsfólki sveitarfélagsins og fulltrúum í ungmennaráði.

Fyrsta starfsár - 2007-2008

Frá tímabilinu 2007-2008 er til ein fundargerð og er hún frá 17. apríl 2008. Á þennan eina fund mættu allir fulltrúar og var fundurinn ein klukkustund. Í fundargerðinni er bréf frá bæjarstjórn sem og tvö mál sem ungmennaráð átti frumkvæði að.

Bréfið frá bæjarstjórn var frá 27. mars 2008 og í því var erindi frá UNICEF á Íslandi og fjallaði um kynningu á bók á vegum samtakanna um Barnasáttmálann. Samþykkti bæjarstjórn samhljóða að vísa erindinu til umsagnar ungmennaráðs. Ungmennaráð fjallaði um erindið, voru nefndarmenn á því að þetta rit væri mikilvægt fyrir fólk sem starfar með börnum og unglingum og fyrir skólafólk sem þyrfti slíka bók t.d. við ritgerðarsmíði eða verkefnagerð. Í fundargerðinni er bókað að ungmennaráð Ölfuss telji mikilvægt að styrkja starf UNICEF á Íslandi með því að festa kaup á þessu riti og leggur ráðið til að ritið verði til á öllum helstu stofnunum sveitarfélagsins sem vinna með börnum sem og á bókasöfnum

sveitarfélagsins. Fulltrúar í ungmennaráði voru ánægðir með að bæjarstjórn sýndi ungmennaráði traust með því að vísa málefni til þeirra þó svo að málefnið væri ekki stórt.

Í sömu fundargerð ræddi ungmennaráð um það hvort grundvöllur væri fyrir því að halda leiðtoganámskeið fyrir ungmenni í Ölfusi. Ákveðið að athuga með slíkt námskeið næsta haust. Námskeiðið hefur ekki ennþá verið haldið í Ölfusi og hefur ungmennaráð ekki fjallað um þetta eftir þennan fund.

Þriðja og síðasta málið sem tekið var fyrir í þessari fundargerð, fyrir utan kynningu á vinnureglum ráðsins, var málefni er snertir fíkniefnaneyslu og tengd vandamál. Lagði ungmennaráð eftirfarandi tillögu fyrir bæjarstjórn: „Ungmennaráð Ölfuss leggur til að farið verði í samstarf við Fjölbrotaskóla Suðurlands(Fsu) um forvarnir gegn vímuefnum.“⁹⁸

Fundargerð ungmennaráðs fór svo fyrir bæjarráð 15. maí 2008. Á þeim fundi var fundargerðin tekin til kynningar og lagði bæjarstjóri svo til að bæjarráð héldi fund með formanni ungmennaráðs og fleiri aðilum um stefnumótun í forvarnarmálum og var það samþykkt samhljóða. Nánar verður fjallað um það mál hér á eftir en líkt og sést þá tók bæjarráð fundargerð ungmennaráðs frá 17. apríl 2008 um að kaupa rit UNICEF til kynningar. Við nánari athugun rannsakanda kom í ljós að sveitarfélagið hefur ekki fjárfest í riti UNICEF. Er það hvorki til á bæjarbókasafni Ölfuss, grunnskólabókasafninu eða öðrum stofnunum sveitarfélagsins. Hvað varðar leiðtoganámskeið þá var það ungmennaráð sjálft sem að fylgdi því ekki eftir. Hugmynd ungmennaráðs um samstarf við FSu um forvarnir gegn vímuefnum var hvorki fylgt eftir af bæjaryfirvöldum né ungmennaráði.

Á þessu starfsári voru einnig haldnir margir óformlegir fundir áður en ungmennaráð var formlega stofnað en á þeim fundum var ákveðið að fara í stefnumótunavinnu með því að halda ungmennapíng. Þar að auki kynnti hópurinn niðurstöður þingsins fyrir bæjarstjórn. Ástæðan fyrir því að ekki eru til fundargerðir frá þessum fundum er að ekki var búið að stofna ungmennaráð formlega heldur var það undirbúningshópurinn sem sá um skipulagningu þingsins. Þegar skýrslan var kynnt bæjarstjórn samþykkti hún að stofna ungmennaráð í Ölfusi.

Líkt og áður hefur komið fram þá er forsaga þessa þings sú að haustið 2006 var ákveðið að setja saman undirbúningshóp fyrir ungmennapíng í Ölfusi. Þessi hópur var settur saman af Ragnari Matthíasi Sigurðssyni íþrótt- og æskulýðsfulltrúa sveitarfélagsins. Hugmyndin með þessu þingi var að gefa ungmennum í sveitarfélaginu tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Góð mæting var á ungmennapíngið en það var haldið 15.

⁹⁸ Ungmennaráð Ölfuss, (17. apríl 2008).

september 2007. Niðurstöður þingsins voru svo teknar saman og settar í skýrslu sem fulltrúar, er voru í undirbúningshópnum, kynntu fyrir bæjarstjórn 25. október 2007. Bæjarstjórn lýsti yfir „...mikilli ánægju með ungmennahringið og niðurstöður þess og þann áhuga sem ungt fólk sýndi málefnum sveitarfélagsins með þátttöku sinni á þinginu.“⁹⁹

Margt af því sem fram kom á þinginu var almenns eðlis eins og að vinna þyrfti að því að gera Þorlákshöfn af fjölskylduvænu samfélagi sem þjónaði öllum aldurshópum. Þessar almennu hugmyndir er erfitt að mæla og leggja mat á, þar sem það er svo huglægt hvað t.d. er fjölskylduvænt og það er svo margt sem bæjarstjórn getur gert til að gera bæinn sinn fjölskylduvænni. Margar hugmyndanna sem komu fram voru nákvæmari og var þeim skipt í sjö málaflokka. Margar þeirra hugmynda sem komu fram á þinginu hafa bæjaryfirvöld reynt að framkvæma eða framkvæmt nú þegar.

Þrátt fyrir að ungmennaráð hafi ekki verið stofnað þegar ungmennahringið var haldið er mikilvægt að gera grein fyrir mikilvægi þingsins. Einstaklingar sem voru í undirbúningshópnum voru margir í fyrsta ungmennaráði sveitarfélagsins og markaði þingið upphaf ungmennaráðs Ölfuss. Viðmælendur rannsakanda leggja áherslu á mikilvægi ungmennahringins og þýðingu þess fyrir sveitarfélagið.

Annað starfsár - 2008-2009

Fyrir tímabilið 2008-2009 er einungis til ein formleg fundargerð, dagsett 15. desember 2009. Þar mættu þrjú af fimm fulltrúum, fundurinn stóð yfir í eina og hálf klukkustund og þau atriði sem þar komu fram voru að frumkvæði ungmennaráðs.

Eina málið á dagskrá fundarins var forvarnir. Rætt var um forvarnir í sveitarfélaginu og kom ráðið fram með ýmsar hugmyndir varðandi baráttuna við fíkniefnin. Í fundargerðinni eru þessar hugmyndir ekki skráðar en fulltrúi ráðsins fór með þessar hugmyndir á fund með nefnd á vegum sveitarfélagsins sem sá um að móta forvarnastefnu sveitarfélagsins. Annað kom ekki fram í þessari fundargerð.

Árið 2008 var sett á laggirnar nefnd sem átti að móta forvarnarstefnu fyrir sveitarfélagið Ölfus líkt og áður hefur komið fram. Ungmennaráð fékk einn fulltrúa í þessa nefnd. Ungmennaráð gat því komið sínum hugmyndum á framfæri í gegnum sinn fulltrúa. Tók nefndin vel í þær hugmyndir sem komu frá ungmennaráði. Það er þó ekki hægt að greina þær upplýsingar betur þar sem nefndin skilaði aldrei af sér.

⁹⁹ Bæjarstjórn Ölfuss, (25. október 2007)

Þriðja starfsár - 2009-2010

Líkt og áður er einungis til ein formleg fundargerð frá þessu tímabili. Sá fundur var 40 mínútna langur, allir fulltrúar mættu á þann fundinn, engin sérstök mál voru tekin fyrir og hafði ungmennaráð ekki frumkvæði í neinu málefni. Í þessari fundargerð er einungis fjallað um formleg atriði eins og vinnureglur og lög ungmennaráðsins sem og fundartíma. Þetta ár var ungmennaráð ekki mjög virkt samkvæmt fulltrúum sem sátu í ungmennaráði á þessum tíma.

Árið 2009 kom ungmennaráð fyrst að því að skipuleggja Hafnardaga en árið áður voru Hafnardagar ekki haldnir vegna Unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið var í Þorlákshöfn um verslunarmannahelgina. Fundaði ungmennaráð áður en það fór á fund með framkvæmdarstjóra Hafnardaga, en Hafnardagar eru bæjarhátíð sveitarfélagsins sem er haldin fyrstu helgina í júní eða sjómannadagshelgina

Á þeim fundi lagði ráðið línurnar um hvað það vildi leggja áherslu á. Áhersluatriðin voru að auka viðburði fyrir ungt fólk með t.d. froðuballi, sundlaugarparty og með fleiri viðburðum á bryggjunni. Þar að auki var lögð áhersla á að hafa útvarp Hafnardaga.

Ungmennaráð fór með þessar hugmyndir á fund með framkvæmdarstjóra Hafnardaga og menningarfulltrúa sveitarfélagsins sem þá var Árný Leifsdóttir þar sem skipaður menningarfulltrúi sveitarfélagsins var í fæðingarorlofi. Tóku þau bæði vel í þessar hugmyndir og voru þær allar framkvæmdar.

Fjórða starfsár - 2010-2011

Yfir þetta tímabil eru til þrjár fundargerðir. Sú fyrsta er frá 20. september 2010 og þar eru þrjár hugmyndir sem koma frá ungmennaráði. Mæting á þennan 45 mínútna fund var mjög slæm og mættu einungis tveir fulltrúar af fimm.

Fyrsta erindi fundarins viðkemur félagsmiðstöðinni Svítunni en hún er staðsett í Ráðhúsi Ölfuss fyrir neðan Versali þar sem ýmsir menningarviðburðir, leiksýningar og fleira fer fram. Þegar félagsmiðstöðin er með opið kvöld berst tónlistin vel upp á efri hæð. Lagði ungmennaráð til að settur yrði hljóðeinangrandi veggur við stiga sem liggur frá Svítunni til Versala, í dag er þar einungis járn hlið. Ungmennaráð tekur fram að „...unglingar í félagsmiðstöðinni, menningarfulltrúi, rekstraraðili Ráðhúskaffis og leikfélag Ölfuss hafa kvartað undan þessu fyrirkomulagi og styðja að farið sé í þessa framkvæmd. Ungmennaráð

vonast til þess að bæjarstjórn taki vel í þessa tillögu og leggi fjármuni í þessa framkvæmd við gerð næstu fjárhagsáætlunnar.¹⁰⁰

Næsta atriði tengist afþreyingu fyrir ungt fólk 16 ára og eldra. Leggur ungmennaráð til að félagmiðstöðin Svítan verði opin einn laugardag í mánuði fyrir ungt fólk sem er orðið of gamalt fyrir venjulegt starf félagsmiðstöðvarinnar. Tekur ungmennaráð fram að „...til þess að þetta megi takast þarf að leggja aukna fjármuni í launakostnað félagsmiðstöðvarinnar. Vonast ungmennaráð til þess bæjarstjórn taki vel í þessa tillögu þar sem mikill áhugi sé hjá ungu fólki að nýta sér þessa aðstöðu.“¹⁰¹

Seinasta atriðið varðar ungmennakvöld í Ráðhúskaffi. Rekstraraðili Ráðhúskaffis kom á fundinn og kynnti hugmyndir sínar. Bauð hann húsnaðið fram og leitaðist svo eftir aðstoð ungmennaráðs við að skipuleggja einhverja viðburði einu sinni í mánuði. Tók ungmennaráð vel í þessa hugmynd.

Þann 20. október 2010 var ekki enn búið að taka þessa fundargerð fyrir í bæjarstjórn þrátt fyrir að bæjarstjórn væri búin að funda síðan. Ástæðan fyrir þessu liggur ekki í því að yfirvöld vildu ekki taka fundargerðina fyrir, heldur í því að nýtt rafrænt kerfi var tekið í notkun hjá sveitarfélaginu. Einhver mistök urðu við það að setja fundargerðina inn í nýja kerfið og því var hún ekki tekin fyrir.¹⁰² Þrátt fyrir að ekki sé búið að taka fundargerðina fyrir er búið að halda ungmennakvöld í Ráðhúskaffi og var mætingin mjög góð. Einnig er búið að ákveða að setja upp hurð og hljóðeinangrandi vegg á milli hæða í Ráðhúsinu. Þessar upplýsingar fékk rannsakandi í tölvupósti frá bæjarstjóra sveitarfélagsins dagsettu 8. október 2010. Þann 21. október 2010 var fundargerðin lögð fram á bæjarráðsfundi og benti bæjarráð á að nú þegar hefði verið boðin út hljóðeinangrun á milli félagsmiðstöðvar og Versala og yrði ráðist í framkvæmdir fljótlega. Það var þó ekki búið að bjóða verkið út þegar ungmennaráð lagði fram þessa bókun.

Þann 4. október 2010 var annar fundur hjá ungmennaráði. Fjórir fulltrúar mættu og einn boðaði forföll. Fundurinn stóð yfir í 45 mínútur og voru öll umræðuefni fundarins að frumkvæði ungmennaráðs. Á þessum fundi var ungmennakvöld útfært betur sem og útbúin auglýsing fyrir viðburðinn. Einnig var ákveðið að halda ungmennafing fyrstu helgina í nóvember. Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi hafði samþykkt að halda ungmennafing en á fundi ungmennaráðs þann 1. nóvember ákvað ungmennaráð að fresta þinginu um viku til að geta auglýst í Bæjarlífi sem er bæjarblað og kemur út í sveitarfélaginu.

¹⁰⁰ Ungmennaráð Ölfuss, (20. september 2010)

¹⁰¹ Ungmennaráð Ölfuss, (20. september 2010)

¹⁰² Viðtal 1, bls. 1.

Þriðji fundur ráðsins þetta starfsárið fór fram 1. nóvember og mættu allir fulltrúar og var fundurinn líkt og áður 45 mínútur. Umfjöllunarefni fundarins voru öll að frumkvæði ungmennaráðs. Fyrsta atriðið var að undirbúa og skipuleggja ungmennakvöld sem halda átti þann 18. nóvember. Einnig ákvað ungmennaráð, líkt og komið hefur fram áður, að fresta ungmennafingi um eina viku, var dagskrá ungmennafingsins sett niður og málaflokkar búnir til. Fleira var ekki gert.

Ungmennafingi var haldið laugardaginn 13. nóvember 2010 að frumkvæði ungmennaráðs. Mæting var góð en yfir 40 ungmenni mættu á þingið ásamt þremur bæjarfulltrúum, bæjarstjóra og íþrótt- og æskulýðsfulltrúa. Hélt bæjarstjóri stutt erindi áður en störf hófust og röltu bæjarfulltrúar svo á milli og ræddu við ungmennin. Þingið heppnaðist mjög vel og stefnir ungmennaráð að því að geta farið á fund með bæjarstjórn strax eftir áramót og kynnt niðurstöður.

Árið 2010 kom ungmennaráð líkt og árið áður að undirbúningi fyrir Hafnardaga. Ákveðið var að halda áfram með útvarp Hafnardaga og sundlaugarteiti. Ákveðið var að hafa tvö sundlaugarteiti til að ná einnig til yngri krakkanna. Þar að auki stakk ungmennaráð upp á því að gera meira úr viðburðum á bryggjunni með kassaklifri, hoppa úti sjó af trampólíni og fleira. Þessar hugmyndir féllu í góðan jarðveg og voru framkvæmdar. Fulltrúar í ungmennaráði voru ánægðir með að þeir skyldu fá að koma að undirbúningi fyrir Hafnardaga þar sem ungt fólk í sveitarfélaginu hefur oft kvartað undan því að það sé ekkert fyrir það að gera Sjómannadagshelgina.

6.4 Helstu gallar

Þegar rætt var um galla á starfinu var fyrst nefnt að bæjarstjórn mætti leita oftast til ungmennaráðs með þau málefni sem snerta ungt fólk. Í viðtali við starfsmann sveitarfélagsins kom þetta fram:

Bæjarstjórn hefur kannski ekki leitað eftir miklu frá ungmennaráði en ég er viss um að ungmennaráð er tilbúið að vera bæjarstjórn til ráðgjafar. Það snýr kannski að bæjarstjórn að notafæra sér ungmennaráð. Það er kannski sú vegferð sem við verðum að fara í, það er ekki nóg að stofna ungmennaráðið og svo gerist ekkert meir. Við verðum að vekja athygli á því og t.d. þegar verið er að fara í verkefni sem snúa beint og óbeint að ungu fólki þá sé einmitt ungmennaráð beðið um álit.¹⁰³

¹⁰³ Viðtal 1, bls 6.

Ungmennaráð sveitarfélagsins var á svipuðu máli en lýsti meiri óánægju með bæjarstjórnina heldur en starfsmaður sveitarfélagsins.

Bæjarstjórnin hefur ekki leitað til okkar og hún veit örugglega ekki að við erum til. Maður mætir ekkert á fund og þar bíður manns erindi frá bæjarstjórn. Við erum kannski bara hérna upp á lúkkið.¹⁰⁴

Ungmennin höfðu lítið að segja um bæjarstjórn þar sem þau höfðu ekki hitt hana frá árinu 2007. Það má því segja að annar galli sé að ráðið fundi ekki nógu oft með bæjarstjórn. Í vinnureglunum ráðsins er tekið fram að ungmennaráð eigi að leitast við að halda fund með bæjarstjóra Sveitarfélagsins Ölfuss að hausti og bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss að vori ár hvert.

Annar galli á starfinu er að ekki eru fleiri lýðræðislega kjörnir fulltrúar í ráðinu, því undirstaða ráðsins er ungmennalýðræði. Þó svo viðhorfum ungmenna megi koma á framfæri þrátt fyrir að fulltrúarnir séu ekki lýðræðislega kjörnir þá myndi það auka tiltrú fólks á ráðið. Kosningar í ráðið myndu einnig vekja meiri athygli á því og það er annað sem ráðið þarf, athygli fólks og þá sérstaklega bæjarstjórnar.

6.5 Samantekt

Þegar þessi kafli um áhrif ungmennaráðs Ölfuss er tekinn saman þá stendur upp úr að ráðið hefur starfað misjafnlega á milli ára. Athygli vekur að í fyrstu fundargerð ráðsins leggur ungmennaráð til að fjárfest verði í riti UNICEF um Barnasáttmálann, bæjarráð tók fundargerðina fyrir og bókaði ekkert um þennan lið. Þrátt fyrir það hefur ekki ennþá verið fjárfest í þessu riti einu og hálfu ári seinna. Má því spyrja sig af hverju bæjarstjórn var að vísa þessu máli til ungmennaráðs ef ekki á að hlusta á það sem kemur frá ráðinu. Það er greinilegt að það ungmennaráð sem starfar í dag er mun virkara en þau sem störfuðu seinustu ár og hafa ýmsar hugmyndir komið frá því sem hafa verið framkvæmdar.

Ef við skoðum virkni ráðsins þá var eingungis haldinn einn formlegur fundur fyrsta starfsárið og það sama á við um næstu tvö starfsár. Við það bættust svo fundir varðandi Hafnardaga, ungmennahring og forvarnanefnd. Frumkvæðið virtist samt oftast vera hjá ungmennaráði. Þrátt fyrir það er ekki hægt að segja að virkni eldri ráða hafi verið mikil þar sem einn formlegur fundur á heilu starfsári er ekki nóg fyrir nefnd sem vill láta taka sig alvarlega. Í ár virðist ungmennaráð hafa aukið virkni sína. Þrír fundir hafa verið haldnir og

¹⁰⁴ Viðtal 2, bls. 3.

stefnt er að því að halda einn fund í mánuði. Mæting á fyrsta fundinn var slæm en hún lagaðist á næstu fundum. Ráðið hefur komið að skipulagningu ungmennakvölda og ungmennafings.

Hvað varðar ungmennafingið þá hafa hugmyndir sem þar komu upp verið í framkvæmd frá 2007. Margar þeirra komust í framkvæmd árið 2010 en betra er seint en aldrei eins og máltækið segir. Ungmennaráð hefur greinilega haft mikil áhrif á undirbúning bæjarhátíðarinnar og telst það vera gott.

Þau tímabil sem ráðið er virkt hefur það áhrif. Í ár er til að mynda búið að framkvæma töluvert af þeim hugmyndum sem voru bókaðar í fundargerðum þrátt fyrir að þær hafi ekki formlega komið á borð yfirvalda og því má draga þá ályktun að ungmennaráð Ölfus geti haft áhrif á ákvarðanir innan sveitarfélagsins einungis með því að koma fram með hugmyndir í fundargerðum þar sem bæjarstjórn þarf að taka allar fundargerðir ráðsins fyrir.


Viðhorf ungmennanna sjálfra og starfsmanna sveitarfélagsins til ráðsins eru að ráðið hafi haft áhrif en alltaf megi þó gera betur. Helstu gallar eru að bæjarstjórn leitar ekki í nægilegum mæli til ungmennaráðs og því getur ráðið ekki uppfyllt það sem kemur fram í æskulýðslögum um að vera bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks. Ef ekki er leitað til ráðsins þá er erfitt fyrir ráðið að vera til ráðgjafar. Fleiri lýðræðislega kjörnir fulltrúar mættu vera í ráðinu, einnig þyrfti ráðið að funda með bæjarstjórn líkt og kveðið er á um í vinnureglum ráðsins.

7 Ungmennaráð Árborgar

Ungmennaráð Árborgar eða UNGSÁ er staðsett í Sveitarfélaginu Árborg. Sveitarfélagið varð til árið 1998 þegar fjögur sveitarfélög sameinuðust: Eyrarbakkahreppur og Stokkseyrahreppur, sem voru þar til 1897 sama sveitarfélagið, Sandvíkurhreppur og Selfossbær.¹⁰⁵ Aðdragandi sameiningarinnar voru sameiningartillögur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga árið 1993. Kosið var um sameiningu níu sveitarfélaga á Suðurlandi. Sameiningin var felld í öllum sveitarfélögum nema Selfossi, þar sem úrslitin voru tæp. Árið 1996 var farið að dusta rykið af þessum hugmyndum og var það til þess, að kosið var aftur um þessa sameiningu árið 1998. Öll fjögur sveitarfélögin samþykktu sameininguna.¹⁰⁶

Í Árborg búa 7811 manns samkvæmt nýjustu tölum Hagstofu Íslands. Það er því lang fjölmennasta sveitarfélagið á Suðurlandi og hefur íbúafjöldi aukist þar mikið seinustu árin. Þrír bæjarkjarnar eru á svæðinu: Selfoss, Eyrarbakki og Stokkseyri. Mikill uppgangur hefur verið á svæðinu, þá sérstaklega á Selfossi, með tilheyrandi uppbyggingu.

Atvinnugreinar á svæðinu eru aðallega þjónusta og byggingariðnaður,¹⁰⁷ en seinustu ár hefur hlutur menningarmála aukist mikið, þá sérstaklega á Stokkseyri þar sem ferðamannaþjónusta fer vaxandi og má sem dæmi nefna að búið er að koma þar á fót Draugasetri, kajakaleigu, dýragarði og ýmsum söfnum.



Mynd 7: Aldursdreifing í Sveitarfélaginu Árborg

¹⁰⁵ Sveitarfélagið Árborg (e.d.).

¹⁰⁶ Grétar Þór Eypórsson og Hjalti Jóhannesson, (2002), bls. 26.

¹⁰⁷ Grétar Þór Eypórsson og Hjalti Jóhannesson, (2002), bls. 28.

Aldursdreifing í sveitarfélaginu er talsvert frábrugðinn aldursdreifingunni í Ölfusi en þrátt fyrir það er mikill fjöldi ungs fólks í báðum sveitarfélögum. Einstaklingar undir tvítugt telja hátt í 2.500 í Árborg eða yfir 30% íbúa sveitarfélagsins. Meðalaldurinn er þó hálfu ári hærri en í Ölfusi eða um 35 ár.

7.1 Forsaga ungmennaráðs Árborgar

Tilgangurinn með stofnun ungmennaráðs Árborgar var sá sami og í Ölfusi að efla þátttöku ungs fólks og efla þannig beint lýðræði. Líkt og í Ölfusi var verið að auka íbúalýðræði að forminu til og færa sig fjær fulltrúalýðræðinu. Samkvæmt viðmælendum rannsakanda var hugmyndin að virkja ungmennalýðræði til þess að ungt fólk hefði meiri áhrif og búa til vettvang þar sem ungt fólk gæti komið hugmyndum sínum og tillögum á framfæri. Væntingar til starfsins í upphafi voru að:

...vera þarna með hóp sem væri þarna og maður gæti hent á og diskúterað og fengið hugmyndir, það tekur nokkur ár í þróun. Þá yrði þetta þannig að það yrði fastur fundur einu sinni í mánuði, þau væru að fá mál sem þau gætu farið með á fundi og þetta væri smurð maskína. Ég myndi segja að við værum bara búin að vera á 30-40% gasi núna fyrstu tvö árin.¹⁰⁸

Þessar væntingar hafa ekki staðist samkvæmt viðmælanda en hann var á því að það þyrfti að gefa starfinu tíma til að festa sig í sessi áður en hægt væri að leggja heildarmat á starfið.¹⁰⁹ Væntingar ungmennanna voru í raun engar, þar sem ungmennin vissu ekki útá hvað starfið ætti að ganga.¹¹⁰

Með ungmennaráði kom einnig vettvangur fyrir aðra, t.d. starfsmenn sem vinna að málefnum er snerta ungt fólk. Þessir starfsmenn geta nú leitað til ungmenna í ráðinu sem koma úr öllum áttum. Önnur ungmenni geta einnig leitað til ráðsins og það gæti þá komið málefnum ungmenna til bæjarstjórnar og það hefur gert það.¹¹¹ Tilgangurinn var sem sagt sá að auka vald ungmenna eða opna leiðir ungmenna til að koma sínum málum á framfæri. En helsta ástæðan fyrir því að farið var í að stofna ungmennaráð í Árborg voru æskulýðslögin sem voru samþykkt af Alþingi árið 2007.

¹⁰⁸ Viðtal 3, bls. 1.

¹⁰⁹ Viðtal 3, bls. 2.

¹¹⁰ Viðtal 4, bls. 2.

¹¹¹ Viðtal 3, bls. 1.

Ungmennaráðið sjálft var stofnað árið 2008 og var fyrsti fundur ráðsins í nóvember það ár. En mikil vinna var lögð í undirbúning að stofnun ráðsins. Horfðu aðilar er unnu að málinu mikið til ungmennaráða í Reykjavík og á Egilsstöðum þegar þeir voru að búa til erindisbréf fyrir ráðið.

Þann 13. desember 2007 lagði íþróttá og tólmstundanefnd Árborgar til að stofnað yrði sérstakt „...ungmennaráð innan Sveitarfélagsins Árborgar sem yrði bæjarstjórn til ráðgjafar í málefnum ungmenna í sveitarfélaginu.“ Þann 3. janúar 2008 samþykkti bæjarráð svo erindsbréf fyrir ungmennaráðið. Strax um haustið var svo farið í það að stofna ráðið og tengdist það ungmennahúsi sem var að hefja störf í sveitarfélaginu. Hefur ráðið starfað í tvö ár en valið er í það einu sinni á ári. Frá því að ráðið hóf störf hefur það haft mikið fyrir stafni og áherslur stjórnenda hafa breyst sem og áhugi fulltrúa í ráðinu. Hér í næstu köflum verður ungmennaráð Árborgar skoðað frá 2008 til dagsins í dag.

7.2 Umgjörð ráðsins og vinnureglur

Ungmennaráð Árborgar heyrir undir bæjarstjórn að forminu til en starfar þó ekki eins og aðrar nefndir á vegum sveitarfélagsins. Einstaklingar sem sitja í ráðinu fá þóknun líkt og sambærilegar nefndir en fundargerðir fara ekki fyrir bæjarstjórn.

Þó skilgreiningin ráðsins sé sú sama og á öðrum nefndum sveitarfélagsins þá er það ekki eins og aðrar formlegar nefndir. Má þar nefna að ekki eru fastir fundartímar, ekki er farið eftir fundarsköpum og bæjarstjórn sendir ekki mál til ráðsins. Ráðið fundar aftur á móti tvisvar sinnum á ári með bæjarstjórn og leggur þar fram tillögur sínar. Starfsmaður ráðsins sér einnig til þess að tillögur ráðsins sem koma á hefðbundnum fundum rati rétta leið.

Í erindisbréfi ráðsins sem er einskonar vinnureglur ráðsins er tekið fram að ráðið sé fyrir ungmenni á aldrinum 15-18 ára og að það sé skipað sjö fulltrúum og jafn mörgum til vara. Í erindsbréfinu er þess gætt að fulltrúar komi úr öllum áttum svo að sem flestir hafi fulltrúa í ráðinu. En þeir eru þessir:

1. Einn fulltrúi úr grunnskólum í Árborg tilnefndur af nemendaráðum.
2. Einn fulltrúi úr Fjölbrautaskóla Suðurlands tilnefndur af nemendaráði.
3. Einn fulltrúi tilnefndur af Skátafélaginu Fossbúum, Björgunarfélagi Árborgar og kirkjufélögum.
4. Einn fulltrúi úr félagsmiðstöð Árborgar tilnefndur af unglingaráði.
5. Einn fulltrúi ungmennafélaga í sveitarfélaginu tilnefndur af aðalstjórn félaganna.
6. Einn fulltrúi væntanlegs ungmennahúss tilnefndur af forstöðumanni.

7. Einn fulltrúi ungmenna á vinnumarkaðnum tilnefndur af sérfræðingum Fjölskyldumiðstöðvar Árborgar.

Helmingur þessara fulltrúa situr eitt kjörtímabil og hinn helmingurinn í tvö. Samkvæmt þessum reglum þá er hugsanlegt að einhverjir fulltrúar í ungmennaráði séu lýðræðislega kjörnir í gegnum önnur félög. En þannig hefur það ekki verið, einn fulltrúi var kosinn í nemendafélag FSu fyrsta árið sem hann tók sæti í ungmennaráði en það var fyrir tveimur árum. Á heildina litið eru fulltrúarnir ekki lýðræðislega kjörnir heldur eru fengnar tilnefningar frá ýmsum félögum.¹¹² Í viðtali við starfsmann sveitarfélagsins kom fram að fulltrúar í ungmennaráði Árborgar eru ekki lýðræðislega kjörnir fulltrúar heldur „...var reynt að finna sterka einstaklinga sem geta haft áhrif.“¹¹³

Kjörtímabil ungmennaráðs er frá 1. september til 30. júní ár hvert. Fulltrúar í ráðinu eru ekki lýðræðislega kjörnir líkt og komið hefur fram heldur eru þeir tilnefndir. Markmið fulltrúanna og tilgangur UNGSÁ er að vera:

Bæjarstjórn Árborgar til ráðgjafar um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu, þjálfa ungmenni yngri en 18 ára í lýðræðislegum vinnubrögðum og skapa þeim vettvang til að koma á framfæri skoðunum sínum, áherslum og tillögum við bæjarstjórn Árborgar og hafa með þeim hætti áhrif á nærumhverfi og aðstæður ungmenna í sveitarfélaginu.¹¹⁴

Í erindisbréfinu er tekið fram að ráðið skuli funda að minnsta kosti tvisvar á ári, í október og mars. Íþrótt- og tómstundafulltrúi sveitarfélagsins er tengiliður ráðsins við bæjaryfirvöld og íþrótt- og tómstundanevnd starfar með ráðinu og er því til aðstoðar. Einnig er tekið fram að nefndarmenn UNGSÁ skuli fá greidda þóknun fyrir fundarsetu með sama hætti og almennir fulltrúar í íþrótt- og tómstundanevnd.

Þar að auki er tekið fram að bæjarstjórn sveitarfélagsins skuli gera ráð fyrir því að funda með UNGSÁ í apríl ár hvert. Líkt og í Ölfusi þá er erindisbréf ráðsins í endurskoðun og til stendur að hafa lýðræðislega kjörna fulltrúa og reyna að festa starfið betur í sessi ásamt því að undirstrika að bæjaryfirvöld reyni að hafa samráð við ráðið um málefni ungs fólks.

¹¹² Viðtal 4, bls. 3.

¹¹³ Viðtal 3, bls 5.

¹¹⁴ Sveitarfélagið Árborg, (2008).

7.3 Áhrif og virkni ungmennaráðs Árborgar

Ungmennaráð Árborgar hefur frá stofnun þess komið fram með ýmsar tillögur til bæjaryfirvalda, starfsmanna ungmennahúss og félagsmiðstöðvar og íþrótt- og tómstundafulltrúa svo fátt eitt sé nefnt.

Í viðtali við ungmennaráð sveitarfélagsins kom fram að vissulega hefði ráðið haft einhver áhrif með ungmennaþingsskýrslunni en fyrir utan það þá töldu nefndarmenn að ráðið hefði ekki haft áhrif, nema þá helst við að halda ungmennahúsinu opnu.¹¹⁵ Starfsmaður sveitarfélagsins taldi að ráðið hefði haft mikil áhrif og þá sérstaklega með ungmennaþingsskýrslunni. Einnig tók hann fram að ekki væri búið að loka ungmennahúsinu á Selfossi og að það væri áfangi út af fyrir sig miðað við ástandið í þjóðfélaginu en ungmennaráð hefur lagt mikla áherslu á að halda því áfram opnu.¹¹⁶

Hér á eftir verða hugmyndir ráðsins skoðaðar líkt og hjá ungmennaráði Ölfuss og athugað hvort ráðið hafi haft áhrif á þessum stutta tíma sem það hefur starfað. Einnig verður virkni ráðsins skoðuð með sömu mælikvörðum og hjá ungmennaráði Ölfuss sem var þessi:

1. Fjöldi funda
2. Mæting fulltrúa
3. Lengd funda
4. Frumkvæði ungmennaráðs

Upplýsingar voru fengnar hjá Sveitarfélaginu Árborg, á heimasíðu sveitarfélagsins www.arborg.is sem og hjá fulltrúum ráðsins og starfsmönnum sveitarfélagsins.

Fyrsta starfsár - 2008-2009

Fyrsta starfsár UNGSÁ byrjaði af krafti og voru haldnir sex fundir, þar af tveir með bæjarstjórn Árborgar. Fyrri fundurinn með bæjarstjórn var hátíðarfundur bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar og ungmennaráðs Árborgar sem bar yfirheitið *Framtíðin í nýju ljósi*. Seinni fundurinn var venjulegur bæjarstjórnarfundur í Árborg þar sem ungmennaráð mætti og lagði fram tillögur og hugmyndir. Nánar verður fjallað um þetta hér að neðan.

Fyrsti fundur UNGSÁ var haldinn 21. nóvember 2008 og mættu sex af sjö fulltrúum ásamt Magnúsi Matthíassyni verkefnisstjóra, fundurinn stóð í 2 tíma og 45 mínútur. Þar sem þetta var fyrsti fundur ráðsins var farið yfir hlutverk ráðsins, erindsbréf og fleira. Í öðrum lið fundargerðarinnar var tekið fram að UNGSÁ taki endanlega ákvörðun um nafn á

¹¹⁵ Viðtal 4, bls. 2.

¹¹⁶ Viðtal 3, bls. 3.

ungmennahúsi sveitarfélagsins. Einnig var farið í hugmyndavinnu vegna innréttinga í ungmennahúsið, hvað þyrfti að vera og hvað ætti að kaupa inn í húsið. Allar hugmyndir UNGSÁ um ungmennahúsið voru framkvæmdar og var haft mikið samráð við ráðið við undirbúning þess.¹¹⁷

Næsti fundur UNGSÁ var áður nefndur hátíðarfundur bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar og UNGSÁ sem haldinn var 1. desember 2008. Á fundinn mættu líkt og á fyrsta fundinn sex af sjö fulltrúum ásamt verkefnisstjóra og stóð fundurinn 50 mínútur. Líkt og fram kom hér að framan þá bar fundurinn yfirheitið *Framtíðin í nýju ljósi*. Á þessum fundi var afgreidd sameiginleg ályktun sem hljóðaði svo:

Bæjarstjórn Árborgar og ungmennaráð Árborgar samþykkja að vinna sameiginlega að því að ungu fólki í sveitarfélaginu gefist kostur á hvetjandi og heilbrigðu umhverfi sem efli og styrki það til framtíðar.

Bæjarstjórn haldi formlegan fund með ungmennaráði einu sinni á ári. Þar fyrir utan munu ungmennaráð og bæjarstjórn eiga samráð um þetta verkefni eftir því sem þurfa þykir, og hittist í þeim tilgangi a.m.k. einu sinni á ári utan formlegs fundar.

Bæjarstjórn í samvinnu við ungmennaráð mun leggja allt kapp á að Sveitarfélagið Árborg verði í fararbroddi í málefnum er varða velferð ungs fólks.

Í þessari ályktun kemur fram að bæjarstjórn og ungmennaráð eigi að halda sameiginlegan fund einu sinni á ári og svo hittast a.m.k. einu sinni á ári þess utan. Þessi ályktun var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða af bæjarstjórn og ungmennaráði. Síðan þessi ályktun var samþykkt hefur ungmennaráð fundað að minnsta kosti tvisvar á ári með bæjarstjórn Árborgar.¹¹⁸

Á þriðja fundi ráðsins sem haldinn var 13. janúar 2009 mættu sex af sjö fulltrúum ásamt verkefnisstjóra og var fundartími 2 tímar og 25 mínútur. Á fundinum var kynnt lokaútfærsla á merki Pakkhússins sem er ungmennahús sveitarfélagsins. Samþykkti ráðið að nota skyldi merkið við allar kynningar á Pakkhúsinu og hefur það verið gert. Fundarmenn voru beðnir um að koma með hugmyndir að dagskrá en það var fátt um hugmyndir frá ráðinu.

¹¹⁷ Viðtal 4, bls. 2.

¹¹⁸ Viðtal 4, bls. 1.

Fjórði fundur ungmennaráðs fór fram 1. apríl 2009, á hann mættu einungis fjórir af sjö fulltrúum ásamt Braga Bjarnasyni íþróttá- og tómsfundafulltrúa og var fundað í einn klukkutími og 40 mínútur. Á þeim fundi komu fram fjögur atriði sem vert er að nefna.

1. Fundarmenn voru beðnir um að senda umsjónarmanni Pakkhússins hugmyndir að sumarstarfi ungmennahússins en hugmyndir voru fáar frá ungmennunum.¹¹⁹
2. Fundarmenn vildu leggja til við bæjarstjórn að hafin yrði niðurgreiðsla á námsbókum og máltíðum í mótuneyti fyrir framhaldsskólanema.
3. UNGSÁ fannst vanta að hægt væri að halda útítonleika eða dansleiki í tjaldi fyrir ungmenni eins og gert var áður á bæjarhátíðum. Ekki var fjárfest í slíku tjaldi en það hefur verið leigt.
4. Tillaga kom frá fundarmanni að breyta fyrirkomulagi í ungmennahúsi þegar knattspyrna væri í sjónvarpinu. Í staðinn fyrir að sýnt væri á efri hæð hússins þá vildi fundarmaður frekar að sýnt væri á neðri hæð hússins svo að þeir sem ekki hafa áhuga á að horfa gætu gert eitthvað annað á efri hæðinni í staðinn. Eftir umræðu var ákveðið að íþróttá- og tómsfundafulltrúi ætti að sjá um að koma ábendingunni til skila til umsjónarmanns Pakkhússins. Gerði hann það og var þessi hugmynd fulltrúa í ungmennaráði framkvæmd.

Fimmti fundur UNGSÁ fór fram 3. júní 2009, einungis mættu tveir af sjö fulltrúum ásamt íþróttá- og tómsfundafulltrúa og Önnur Þorsteinsdóttur umsjónarmanni Pakkhússins. Fundurinn varði í 45 mínútur og var starf Pakkhússins kynnt ásamt því að farið var yfir þær ályktanir sem að UNGSÁ ætlaði að leggja fram við bæjarstjórn. Fleira var ekki gert.

Þann 10. júní fór ungmennaráð á fund bæjarstjórnar líkt og samþykkt var á hátíðarfundum UNGSÁ og bæjarstjórnar. Mættu fimm af sjö fulltrúum ungmennaráðs. Ekki er gefin upp lengd fundarins þar sem þetta var venjulegur bæjarstjórnarfundur og ungmennaráð kom inn undir fyrsta lið og fór í hléi. Á fundinum lögðu ungmennin fram þrjár ályktanir en þær voru þessar:

1. Ungmennaráð þakkaði bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar fyrir að hafa opnað ungmennahús þrátt fyrir erfitt árferði. Lagði ungmennaráð áherslu á mikilvægi þess að halda starfseminni áfram. Tóku bæjarstjórnarmenn jákvætt í málið.

¹¹⁹ Viðtal 4, bls. 2.

2. Ungmennaráð lagði til að Sveitarfélagið Árborg niðurgreiddi námsbækur og skólamáltíðir fyrir framhaldskólanema með lögheimili í sveitarfélaginu þar sem verð á námsbókum og skólamáltíðum hefur hækkað mikið. Ungmennaráð var búið að fjalla um þetta áður á fundi sínum þann 1. apríl 2009. Bæjarstjórn lagði fram tillögu þar sem hún lýsti yfir skilningi á áhyggjum UNGSÁ og lagði til að ályktun UNGSÁ yrði vísað til vinnu við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs. Var þessi tillaga samþykkt með átta af níu atkvæðum. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2010 var þessi hugmynd rædd en ákveðið var að samþykkja hana ekki þar sem skera þurfti niður í rekstri. Einnig var talið að skynsamlegra væri að halda til að mynda hvatagreiðslum áfram en þær eru einskonar frístundakort sem einstaklingar í sveitarfélaginu undir 18 ára geta sótt um. Með þeim eru einstaklingar á fyrstu árum framhaldsskóla aðstoðaðir fjárhagslega við að stunda sínar tómsundur.
3. Ungmennaráð lagði til að hugað yrði að málefnum ungs fólk við gerð næstu fjárhagsáætlunar þar sem unga fólk þæri framtíðin og mikilvægt væri að búa vel að þeim hópi, hvort sem er til náms, leiks eða starfs. Bæjarstjórn tók undir með UNGSÁ og tók fram að bæjarstjórn myndi óska eftir samráði við UNGSÁ næsta haust vegna vinnu við fjárhagsáætlunina.

Hafði bæjarstjórn ekki beint samráð við UNGSÁ heldur notaði íþrótt- og tómsundafulltrúa sveitarfélagsins sem millilið. Stærsta baráttumálið hjá ungmennaráði og íþrótt- og tómsundafulltrúa var að halda ungmennahúsinu á lífi og tókst það. En bæjarstjórn óskaði ekki formlega eftir samráði við UNGSÁ vegna vinnu við fjárhagsáætlun.

Annað starfsár - 2009-2010

Þann 10. september 2009 kom ungmennaráð saman aftur eftir sumarfrí. Mættir voru þrjú af sjö fulltrúum ásamt íþrótt- og tómsundafulltrúa og forstöðumanni Pakkhússins og félagsmiðstöðvarinnar Zelsúzar. Stóð fundurinn í eina klukkustund og 10 mínútur. Íþrótt- og tómsundafulltrúi upplýsti að á 151. fundi bæjarráðs Árborgar hafi verið samþykkt að halda ungmennapíng í sveitarfélaginu. Umræður fóru af stað um hvernig standa ætti að þínginu. Á næsta fundi UNGSÁ var svo nánar fjallað um skipulagið.

Á öðrum fundi UNGSÁ, þetta kjörtímabil, en hann fór fram 15. október 2009 mættu fimm af sjö fulltrúum ásamt íþrótt- og tómsundafulltrúa og var fundað í eina klukkustund og 20 mínútur.

Á þessum fundi komu fulltrúar í ungmennaráði fram með hugmyndir undir liðnum önnur mál um að bæta sveitarfélagið. Þar var talað um fleiri ruslatunnur í byggðarkjarnana. Lagði ráðið til að bæjarstjórnin myndi halda reglulega íbúafundi til að upplýsa íbúa um hvað væri að gerast í sveitarfélaginu sem og athuga hvort ekki væri hægt að finna húsnæði undir karateæfingar í sveitarfélaginu. Ekki hefur verið farið í að finna húsnæði fyrir karateæfingar en búið er að fjölga ruslatunnum og reglulegir íbúafundir eru haldnir í sveitarfélaginu.

Þann 8. nóvember 2009 hélt ungmennaráð svo þing fyrir ungmenni í sveitarfélaginu. En bæjarráð samþykkti, á fundi sínum 10. september sama ár, tillögu frá Íþrótt- og tómstundanevnd Árborgar um að halda ungmennaping haustið 2009. Var þingið ætlað ungmennum í sveitarfélaginu sem og þeim ungmennum sem sækja þjónustu til sveitarfélagsins. Ætlunin var að fá fram skoðanir einstaklinga á málefnum sveitarfélagsins.

Fór þingið fram í Pakkhúsinu og mættu um 40 einstaklingar og var þeim skipt niður í fimm hópa og fjallaði hver hópur um eitt málefni:

Málaflokkar
Íþróttir og tómstundir
Listir og menning
Skólamál
Umhverfis- og skipulagsmál
Frjáls umræða

Tafla 5: Málaflokkar á ungmennapingi Árborgar

Þingið gekk mjög vel og sköpuðust fjörugar og fjölbreyttar umræður. Niðurstöður þingsins voru svo teknar saman og settar í skýrslu sem fulltrúar í ungmennaráði kynntu fyrir bæjarstjórn. Margar hugmyndir komu fram í þessari skýrslu, bæði hugmyndir sem voru almenns eðlis, líkt og að hlúa vel að öllum íbúum og fjölmargar hugmyndir sem voru ítarlegri og töluvert af þeim hugmyndum hefur bæjarstjórn skoðað og tekið tillit til margra þeirra. Ekki er búið að framkvæma jafn mikið úr skýrslunni og í Ölfusi en helsta skýringin á því er að lengra er liðið síðan ungmennaping var haldið í Ölfusi. Rannsakandi reyndi ítrekað að fá aðgang að fundargerðum fyrir árið 2010 en einhverra hluta vegna fékkst það ekki.

Þriðja starfsár - 2010-2011

Ekki fengust fundargerðir frá þriðja starfsári ráðsins. Rannsakandi fundaði með ráðinu 16. nóvember 2010 og þar fengust þær upplýsingar að ekkert hefði verið fundað síðan í júní 2010. Það er því ekki hægt að fjalla um þriðja starfsár ungmennaráðs Árborgar.

7.4 Helstu gallar

Líkt og í Ölfusi þá er helsti gallinn að bæjarstjórn leitar ekki næginlega mikið til ráðsins. Í viðtali við ungmenni í UNGSÁ kom fram að það færi oft eftir hentisemi bæjarstjórnarinnar hvenær hún leitar til ráðsins. Nefndarmenn fengu þá tilfinningu að bæjarstjórn leitaði einungis til þeirra þegar hún þyrfti á ráðinu að halda til að líta vel út.¹²⁰ Einnig sögðu þeir að bæjarstjórnin væri „...alltaf mjög jákvæð en svo gerist ekki neitt. Bæjarstjórnarfulltrúar eru alltaf góðir að svara fyrir sig, sem gefur manni von, en svo gerist ekki neitt.“¹²¹ Starfsmaður sveitarfélagsins sem rannsakandi ræddi við var á sama máli þó svo að hann hafi ekki tekið jafn djúp í árinna. Hann tók fram að vissulega mætti bæjarstjórnin leita oftar til ungmennaráðsins en hún tæki alltaf jákvætt í allt sem kæmi frá ráðinu. Einnig tók hann fram að frumkvæði ungmennanna væri mikilvægt í því samhengi.

Erfitt hefur verið að finna fundartíma fyrir ráðið þar sem allir fundarmenn eiga heimangengt. Ástæðan er sú að „...þetta eru góðir krakkar sem eru í öllu og þess vegna er búið að ganga brösulega að ná þeim saman.“¹²² Viðmælandi rannsakanda vildi ekki kenna ungmennum einum um það heldur horfði hann í sinn eigin barm og taldi að hann gæti gert betur í að kynna sér nýja samskiptamáta eins og t.d. facebook.¹²³

7.5 Samantekt

Í fundargerðunum sést að virkni ungmennaráðs Árborgar hefur verið misjöfn á milli ára. Mæting hefur yfirleitt verið góð og fundirnir langir auk þess sem frumkvæði ungmenna er yfirleitt gott. Starfsemi ráðsins í ár hefur þó verið lítil en til stendur að rífa starfið upp samkvæmt viðmælendum rannsakanda

Ungmennanýing Árborgar hefur gegnt stóru hlutverki í starfsemi ráðsins. Líta fulltrúar í ungmennaráði og starfsmenn sem vinna í kringum ráðið svo á að, þar hafi ungmennaráð greinilega áhrif. Tillögur ráðsins hafa ekki alltaf farið í gegn enda er ekki hægt að ætlast til þess. En bæjarstjórn Árborgar virðist ekki horfa á ungmennaráðið af alvöru þrátt fyrir að fulltrúar fái borgað og starfsemi þess sé svipuð og hjá öðrum ráðum. Þetta sést t.d. á samþykkt bæjarstjórnar, að hafa samráð við ungmennaráð við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2010. Samþykktin lofar góðu en spyrja má af hverju var ekki farið eftir henni. Ungmennaráð

¹²⁰ Viðtal 4, bls. 2.

¹²¹ Viðtal 4, bls. 2.

¹²² Viðtal 3, bls. 1.

¹²³ Viðtal 3, bls. 2.

Árborgar er yngsta ráðið og hugur er í fulltrúum ráðsins og starfsmönnum að rífa starfið upp. Ráðið hefur haft áhrif á ákvörðunartöku innan sveitarfélagsins að einhverju leyti og á ungmennafingsskýrslan þar stærstan þátt.

Annað sem ungmennaráð hefur náð fram er að starfsemi ungmennahúss haldist óbreytt þrátt fyrir niðurskurð og má segja að það sé mikið afrek í því árferði sem er í þjóðfélaginu í dag. Erindisbréf ráðsins er í endurgerð, þar er ætlunin að endurskipuleggja starfsemi ráðsins og reyna að virkja það betur.

Helstu gallar á ráðinu eru að erfitt er að finna fundartíma þar sem allir komast svo og að bæjarstjórn leitar ekki í næginlegum mæli til ráðsins sem getur því ekki uppfyllt hlutverk sitt um að vera bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu.

8 Unglingaráð Akraness


Unglingaráð Akraness er staðsett eins og nafnið gefur til kynna í Akraneskaupstað. Saga byggðar á þessu svæði nær allt aftur til landnáms. Nafn byggðarinnar er dregið af kornrækt þar sem landið er mjög frjósamt á þessu svæði. Sjávarútvegur hefur í gegnum árin haft mikil áhrif á sögu Akraness og hefur útgerð verið ein af meginstoðum atvinnulífsins á þessu svæði. Verslun hófst snemma á Akranesi og árið 1864 varð Akranes löggiltur verslunarstaður. Í lok 19. aldar var Akraneshreppi eins og hann kallaðist þá, skipt í tvo hreppi Innri og Ytri Akraneshrepp og fór skiptingin eftir aðalatvinnuvegunum á hvoru svæði fyrir sig. En í Innri Akraneshrepp var aðalega stundaður landbúnaður á meðan útgerð og verslun var grunnatvinnan í Ytri Akraneshrepp.¹²⁴

Árið 2006 sameinaðist Innri-Akraneshreppur svo Hvalfjarðarstrandarhreppi, Skilmannahreppi og Leirár- og Melahreppi og mynduðu þeir sveitarfélag sem ber í dag nafnið Hvalfjarðarsveit.¹²⁵ Ytri-Akraneshreppur fékk hinsvegar kaupstaðarréttindi árið 1942 og fékk þá nafnið Akraneskaupstaður, sem sveitarfélagið ber enn þann dag í dag. Um miðja 20. öldina ákvað ríkið að reisa sementsveksmiðju á Akranesi sem festi iðnað í sessi á svæðinu og tók atvinnulífið stakkaskiptum. Árið 1979 urðu miklar framfarir á þessu svæði þar sem það ár tók Járblendiverksmiðjan á Grundartanga til starfa og með því byrjaði íbúum Akraness að fjölga mikið. Hvalfjarðargöngin sem opnuðu 1998 voru mikil samgöngubót og lyftistöng fyrir Akranes. Akraborgin hætti að sigla á milli Reykjavíkur og Akranes þar sem með tilkomu Hvalfjarðarganga var hægt að keyra til Reykjavíkur á stuttum tíma.¹²⁶ Akranes hefur í gegnum tíðina verið þekkt fyrir mikla íþróttaiðkun og þá sérstaklega á sviði knattspyrnu. Aðstaða til íþróttaiðkunnar er almennt mjög góð á Akranesi sem og allur aðbúnaður fyrir ungt fólk. Í sveitarfélaginu er félagsmiðstöð og ungmennahús sem samnýta 900 fm. húsnæði.

¹²⁴ Safnasvæðið á Akranesi, (e.d.)

¹²⁵ Hvalfjarðarsveit, (e.d.)

¹²⁶ Safnasvæðið á Akranesi, (e.d.)



Mynd 8: Aldursdreifing á Akranesi

Á Akranesi búa 6549 manns samkvæmt nýjustu tölum Hagstofunnar og er aldursdreifing í sveitarfélaginu töluvert lík aldursdreifingunni í Árborg. Mikill fjöldi ungs fólks er í sveitarfélaginu og einstaklingar undir tvítugu telja yfir 2000 eða um 31% íbúafjöldans. Meðalaldurinn er rétt yfir 35 ár sem er örlítið hærra en í Ölfusi og Árborg.

8.1 Forsaga unglingaráðs Akraness

Formlegt unglingaráð Akraness á sér langa sögu. Í tilefni 60 ára afmælis Akraneskaupstaðar árið 2002, ákvað bæjarstjórn að halda bæjarstjórnarfund með þátttöku ungs fólks. Fundurinn var undirbúinn af deildarstjórum unglिंगastígs í grunnskólum Akraness. Haldnir voru þemadagar í öðrum skólanum þar sem hugmyndir komu fram sem farið var með á bæjarstjórnarfundinn. Í hinum skólanum var farin önnur leið en þar voru undirbúnir framboðsfundir þar sem fluttar voru ræður um málefni sem ungmennin töldu að bættu sveitarfélagið. Fulltrúar skólanna fóru með þessar hugmyndir á fund bæjarstjórnar þann 3. desember 2002. Fékk hvor skóli fjóra fulltrúa og einnig var einn fulltrúi frá nemendafélagi fjölbrautarskólans en hann boðaði forföll.

Fundurinn fór fram líkt og aðrir bæjarstjórnarfundir, farið var eftir fundarsköpum, bæjarstjóri stjórnaði fundinum, fulltrúar fóru í ræðustól og fluttu mál sitt og síðan fóru fram umræður um málefni. Mikill fjöldi var á áheyrendapöllum bæði ungt fólk, starfsmenn skólanna, foreldrar, bæjarstjórnarmenn og aðrir kjörnir fulltrúar auk þess sem fundinum var útvarpað. Fékk þessi fundur nafnið bæjarstjórn unga fólksins og var mikil ánægja með þennan fyrsta fund.

Bæjarstjórnarfundur unga fólksins hefur síðan þá verið árlegur viðburður og segja má að þarna hafi grundvöllur að unglingaráði Akraness verið lagður þó svo að formlegt unglingaráð hafi ekki verið stofnað fyrr en þremur árum seinna.

Árið 2003 var bæjarstjórn unga fólksins haldin í annað sinn og var í sama formi og árið áður. En árið 2004 var fundurinn í fyrsta skipti haldinn í því formi sem hann er í dag. Voru fulltrúar tilnefndir frá grunnskólunum, Fjölbrautaskóla Vesturlands, félagsmiðstöðinni Arnardal og Hvíta húsinu. Á þessum fundi var unglingalýðræði meginviðfangsefnið en fulltrúarnir fóru fyrr á árinu á ungmennapíng um unglingalýðræði sem haldið var í Fjarðarbyggð. Hluti þess hóps sat svo í fyrsta unglingaráði Akraness.

Þann 27. janúar 2005 á fundi tómsunda- og forvarnarnefndar sveitarfélagsins var síðan eftirfarandi tillaga lögð fram:

Tómsunda- og forvarnarnefnd samþykkir að stofna samráðsnefnd unglunga, sem verði nefndinni til ráðgjafar um ýmis málefni er þá varðar. Nefndin óskar eftir að nemendafélag Grundaskóla, nemendafélag Brekkubæjarskóla, nemendafélag FVA, Arnardalur og Hvíta húsið tilnefni hvert einn fulltrúa í nefndina.¹²⁷

Á fundi bærráðs Akraness 7. apríl 2005 voru drög að erindsbréfi ráðsins samþykkt. Staðfesti bæjarstjórn Akraness svo erindisbréfið þann 12. apríl 2005. Segja má að þrátt fyrir að unglingaráð Akraness hafi ekki verið formlega stofnað fyrr en 2005 þá hafi það tekið til starfa strax árið 2004 þegar fulltrúar tóku þátt í ungmennapínginu sem haldið var í Fjarðarbyggð. Einnig má sjá á starfi ungmenna fyrir bæjarstjórnarfundum unga fólksins, að vísir að unglingaráði Akraness hafi strax orðið til árið 2002 þegar fyrsti fundurinn var haldinn. Það má vekja athygli á því að unglingaráð Akraness var stofnað áður en Alþingi samþykkti ný æskulýðslög, þar sem það lagði til að sveitarfélög stofnuðu ungmennaráð.

Unglingaráð Akraness er því komið lengra í þróun sinni en til að mynda ungmennaráð Ölfuss og Árborgar. Markmið ráðsins í upphafi voru að undirbúa og þjálfa unglungana í lýðræðislegum vinnubrögðum og vera bæjarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks. Ennig var ætlunin að „...undirbúa þau fyrir lýðræðislega þátttöku í samfélaginu.“¹²⁸

Með formlegri stofnun unglingaráðs Akraness var tekið skref í áttina að íbúa- og ungmennalýðræði frá fulltrúalýðræði. Var ungt fólk virkjað til að hafa áhrif á sitt

¹²⁷ Tómsunda- og forvarnarnefndar Akraness, (2005).

¹²⁸ Viðtal 5, bls. 2.

nærumhverfi og hefur Skagamönnum tekist vel til. Hér í næstu köflum verður fjallað betur um starf ráðsins, umgjörð þess og áhrif.

8.2 Umgjörð ráðsins og erindisbréf

Unglingaráð Akraness er eins og hver önnur nefnd á vegum sveitarfélagsins að öðru leyti en því að hún heyrir undir tómsunda og forvarnarnefnd sky. erindsbréfi og fundargerðir ráðsins fara til hennar líkt og í Árborg. Fulltrúar fá þóknun líkt og fulltrúar í öðrum nefndum og starfsemi ráðsins er komin í fastar skoður.

Erindisbréf ráðsins þarfnast endurskoðunar og unnið er að endurbótum á því. Í erindisbréfinu er til dæmis talað um tómsunda- og forvarnarnefnd en í dag heitir nefndin sem ungmennaráð heyrir undir fjölskylduráð og búið er að færa málefni tómsunda- og forvarnanefndar undir það ráð. Einnig stendur til að skilgreina betur í erindisbréfinu að samráð skuli haft við unglunga í þeim málefnum sem unglungum kemur við.¹²⁹ Hér að neðan verður fjallað um erindisbréfið og verður talað um fjölskylduráð í staðinn fyrir tómsunda- og forvarnarnefnd líkt og erindisbréfið kveður á um.

Ólíkt erindsbréfum ungmennaráðs Árborgar og Ölfuss er ekki tiltekinn aldur á fulltrúum í unglingaráði Akraness heldur er tekið fram að í ráðinu skulu sitja fulltrúar frá ákveðnum stofnunum og félögum sem að fjölskylduráð metur að eigi rétt á að taka sæti í ráðinu. Aldur fulltrúa er sem sagt ekki bundinn heldur getur fjölskylduráð tekið ákvörðun um hann á hverju ári. Fulltrúarnir eru tilnefndir 1. september ár hvert til eins árs í senn. Í dag er valið þannig í ungmennaráð, að fjölskylduráð felur verkefnisstjóra æskulýðs- og forvarnarmála og deildarstjóra æskulýðs- og forvarnarmála að tilnefna fulltrúa. Í raun eru fulltrúar í ungmennaráði formenn nemendaráða grunnskólanna beggja og framhaldsskólans og einnig formenn Arnardalsráðs, sem er félagsmiðstöð fyrir 13-16 ára og Hvítahússin sem er ungmennahús fyrir 16 ára og eldri. Það er því ekki kosið beint í ungmennaráðið með lýðræðislegum kosningum heldur fá fulltrúar vissra stofnana sæti í ráðinu. Þeir fulltrúar voru aftur á móti kosnir á þeim vettvangi eins og t.d. formaður nemendafélags verður að fá kosningu frá samnemendum sínum. Því má segja að lýðræðisleg aðferð sé notuð til að velja fulltrúa í ungmennaráð Akraness.

Í erindisbréfi ráðsins er tekið fram að unglingaráð skuli halda sameiginlegan fund með fjölskylduráði að minnsta kosti þrisvar sinnum á ári og oftár ef þörf krefur. Fulltrúar í unglingaráði fá greidda sömu þóknun fyrir fundarsetu og almennir fulltrúar í fjölskylduráði.

¹²⁹ Viðtal 5, bls. 3.

Ráðið kýs sér formann og ritara og skulu fundargerðir ráðsins sendar fjölskylduráði sveitarfélagsins.

Æskulýðsfulltrúi sveitarfélagsins er tengiliður ráðsins við fjölskylduráð og bæjaryfirvöld. Hann starfar einnig með ráðinu og er því til aðstoðar í þeim málum sem ráðið tekur til umfjöllunar. Hlutverk unglingaráðs Akraness er:

Að vera tómsunda- og forvarnarnefnd, [í dag fjölskylduráði] til ráðgjafar um málefni sem varða ungt fólk. M.a. getur ráðið gert tillögur til tómsunda- og forvarnarnefndar[fjölskylduráðs] um hvernig best sé að standa að forvarnarmálum barna og unglunga, hvernig æskilegt sé að haga starfsemi þeirra stofnana bæjarins sem unglingar sækja og um önnur þau mál sem varða hagsmuni barna og unglunga. Þá getur unglingaráð Akraness gert tillögu að þátttöku unglunga í viðburðum á vegum Akraneskaupstaðar.¹³⁰

Einnig er tekið fram að unglingaráðið skuli gæta þess að leita eftir sjónarmiðum sem flestra ungmenna í störfum sínum þannig að erindi og ályktanir sem koma frá ráðinu endurspegli sem best vilja ungmenna í sveitarfélaginu.

Undanfarin ár hefur fulltrúum í nemendaráðum grunnskólanna og fjölbrautarskólans ásamt húsráði Hvíta hússins og Arnardalsráði verið boðið að fara á leiðtoganámskeið í Skorradal. Í ferðina fara á milli tuttugu og þrjátíu ungmenni og er tilgangurinn að auka hæfni einstaklinganna til að vera leiðtogar í félagsstarfi. Í þessari ferð kjósa nefndirnar og ráðin fulltrúa í unglingaráð Akraness og þar byrjar vinnan fyrir bæjarstjórnarfund unga fólksins.

Unglingaráð tekur síðan formlega til starfa 1. september ár hvert og fer haustið aðalega í það að undirbúa bæjarstjórnarfund unga fólksins. Fulltrúar í unglingaráði vinna heimavinnu sína með þeim ráðum sem þeir eru fulltrúar fyrir og svo með unglingaráðinu sjálfu. Fulltrúarnir fara síðan með þessar hugmyndir á fundinn. Vegna þess hve stóru hluverki bæjarstjórnarfundir unga fólksins gegna í starfi unglingaráðs Akraness verður aðalega fjallað um þá hér.

Vinnubrögð ráðsins eru örlítið formlegri heldur en í Ölfusi og Árborg og þá sérstaklega í gegnum bæjarstjórnarfund unga fólksins og úrvinnslu hans en með því er ætlunin að „...kenna þeim á stjórnsýsluna og hvernig hún virkar.“¹³¹

¹³⁰ Akraneskaupstaður, (2005).

¹³¹ Viðtal 5, bls. 2.

8.3 Áhrif og virkni unglíngaráðs Akraness

Unglíngaráð Akraness hefur komið fram með ýmsar tillögur til bæjaryfirvalda í gegnum bæjarstjórnarfund unga fólksins. Hér á eftir verður farið yfir þessar hugmyndir og tillögur líkt og hjá ungmennaráðum Ölfuss og Árborgar og skoðað hvort þessar hugmyndir hafi haft áhrif. Þar sem formlegt ungmennaráð var ekki stofnað á Akranesi fyrr en árið 2005 þá verður ekki fjallað um starf og hugmyndir sem fram komu fyrir þann tíma. Einnig er ætlunin að skoða virkni ráðsins með sömu mælikvörðum og hjá hinum ungmennaráðunum:

1. Fjöldi funda
2. Mæting fulltrúa
3. Lengd funda
4. Frumkvæði ungmennaráðs

Upplýsingar voru fengnar hjá Akraneskaupsstað, af heimasíðu sveitarfélagsins, hjá fulltrúum í unglíngaráði og starfsmönnum sveitarfélagsins. Haustið fer í vinnu fyrir bæjarstjórnarfund unga fólksins. Vorið fer svo í að vinna úr fundinum og senda tillögur til viðeigandi einstaklinga, félaga, stofnana eða ráða. Ráðið hefur einnig fengið fulltrúa í ýmsa starfshópa á vegum sveitarfélagsins og hefur áhrif í gegnum þá. En þar sem starfið byggist mikið á bæjarstjórnarfundum unga fólksins verða þeir teknir ítarlega fyrir hér að neðan og farið í gegnum þær hugmyndir sem þar komu fram og hvernig þeim hefur reitt af. Öfugt við hugmyndir Ölfuss og Árborgar þá er hver fulltrúi með sínar eigin hugmyndir og því verða fulltrúarnir nafngreindir í kaflanum hér að neðan.

Bæjarstjórnarfundur unga fólksins árið 2005

Líkt og kom fram hér að ofan þá snýst starf unglíngaráðs mikið um að undirbúa bæjarstjórnarfund unga fólksins. Þann 6. desember árið 2005 var fjórði bæjarstjórnarfundur unga fólksins haldinn en sá fyrsti frá því að formlegt ungmennaráð var stofnað. Mættu sex fulltrúar af sjö úr unglíngaráði á fundinum ásamt bæjarstjóra og sviðsstjóra fræðslu-, tólmstunda- og íþróttasviðs. Allt sem ungmennin lögðu fram var að þeirra frumkvæði og var fundurinn í um eina klukkustund.

Margar hugmyndir og tillögur komu fram. Stefán Halldór Jónsson lagði til að komið yrði á fót nýju fótboltaliði þar sem fótboltaíðkenndur sem komast ekki að í meistaraflokki ÍA gætu æft og spilað. Tók hann fram að nausynlegt væri að slíkt félag fengi afnot að þeirri aðstöðu sem er til staðar og jafnvel fjárstuðning frá sveitarfélaginu. Ása Katrín Bjarnadóttir,

gerði aðstöðu unglunga í Brekkubæjarskóla að umtalsefni og lagði til að gerðar yrðu breytingar á henni. Leó Daðason talað um félagslífið á Akranesi og hvernig það legðist niður á sumrin og kom hann með hugmynd að því hvernig mætti bæta það. Hann talaði einnig um að bæta þyrfti aðstöðuna í félagsmiðstöðinni Arnardal og tók hann sérstaklega fram að bæta þyrfti hljóðkerfið, loftræstingu og aðgengi fatlaðra.

Þór Birgisson lagði til að meiri samvinna yrði á milli Hvíta hússins og Nemendafélags Fjölbrotarskóla Vesturlands. Þar að auki tók hann fram að bæjarstjórnarfundur unga fólksins væri ekki á hentugum tíma fyrir nemendur þar sem þá eru próf. Kristín Edda Egilsdóttir vakti athygli bæjarstjórnar á biðlista við tónlistarskólann á Akranesi og nauðsyn systkinaafsláttar á milli aðildarfélaga ÍA.

Eftir bæjarstjórnarfundinn unnu ungmennin svo erindi úr ræðum sínum og sendu á viðeigandi aðila innan sveitarfélagsins. Nýtt fótboltalið var stofnað í kjölfar fundarins en ekki fyrir tilstuðlan sveitarfélagsins. Hvað varðar aðstöðu unglunga í Brekkubæjarskóla þá ákvað bæjarstjórn að veita nemendafélagi skólans styrk til að bæta aðstöðuna. Reynt var að efla félagslífið á sumrin strax sumarið eftir með því að hafa félagsmiðstöðina opna tvö kvöld í viku en það gekk ekki vel.

Þá komu upp spurningar hvort að það að hafa félagsmiðstöðina opna væri það sem ungmenni þyrfu eða hvort fara þyrfti aðra leið til að bæta félagsstarf á sumrin. Aðstaðan í Arnardal var bætt en lagaðist fyrst til muna þegar starfsemin fluttist í nýtt 900 fm. húsnæði árið 2008 ásamt Hvíta húsinu, þetta nýja húsnæði nefnist nú Frístundamiðstöðin Þorpið.

Samvinna var aukin á milli nemendafélags framhaldsskólans og Hvíta hússins en á bæjarstjórnarfundum unga fólksins árið 2007 var einmitt talað um þetta bættu samstarf. Árið eftir var bæjarstjórnarfundurinn einnig í desember, en síðan þá hefur hann verið haldinn annað hvort fyrr á haustin eða þá í janúar. Hvað varðar biðlista hjá tónlistarskólanum þá hafa þeir styst en það gæti auðvitað verið vegna aðstæðna í þjóðfélaginu.

Aðstaða tónlistarskólans var hins vegar bætt til muna og fluttist hann í nýtt húsnæði á Dalbraut 1 og Arnardalur og Hvítahúsið fluttust í húsnæði Tónlistarskólans. Vandamálið með systkinaafslátt innan félaga hjá ÍA leysti bæjarfélagið með því að taka upp tómsundaávisanir sem eru 20.000 kr. á hvert barn á ári.

Bæjarstjórnarfundur unga fólksins árið 2006

Þann 12. desember 2006 kom bæjarstjórn unga fólksins aftur til fundar. Stóð sá fundur í um eina og hálf klukkustund þar sem allir fulltrúar í unglingaráði mættu ásamt bæjarstjóra og

sviðsstjóra fræðslu-, tómsunda- og íþróttasviðs. Ungmennin sýndu mikið frumkvæði með þeim hugmyndum sem þau settu fram.

Þór Birgisson gerði starfslýsingu verkefnisstjóra æskulýðs- og forvarnarmála að umtalsefni. Fannst honum að miða ætti starfið einungis við forvarnir eins og til var ætlast í byrjun og tók hann fram að hann skildi vel að bæjarstjórn vildi víkka út starfssvið starfsmannsins til að fá sem mest út úr starfinu. En „...það er skammgóður vermir að pissa í skóinn sinn“¹³² og hafði hann áhyggjur af því að forvarnir myndu líða fyrir þetta. Þór fjallaði einnig um ungt fólk sem sækir háskólanám til Reykjavíkur frá Akranesi og taldi nauðsynlegt að styðja fjárhagslega við þetta fólk t.d. með fríu fargjaldi í strætisvagna. Með því væru tvær flugur slegnar í einu höggi eins og hann orðaði það, er bæði að ýta undir notkun á almenningssamgöngunum sem og halda ungu fólki í bæjarfélaginu. Að lokum óskaði hann eftir því að bæjarstjórnarfundur unga fólksins yrði haldinn snemma á haustin þar sem desember hentaði námsmönnum illa.

Líf Lárusdóttir óskaði eftir styrk handa nemendafélagi Grundaskóla líkt og nemendafélag Brekkubæjarskóla fékk árið áður. Hvatti hún bæjarstjórn til að hugsa stórt og til framtíðar þar sem sóknarfæri væru á mörgum sviðum.

Lárus Björgvinsson kvaddi sér hljóðs og fjallaði um ungmenna- og tómsundabúðir að Laugum og í Akraneshöllin. Lagði hann til að ungmenna- og tómsundabúðir að Laugum yrðu að föstum lið í skólastarfinu. En búðirnar eru ætlarðar nemendum úr 9. bekk og eru reknar eftir hugmyndafræði Ungmennafélgs Íslands. Um Akraneshöllina hafði Lárus margt að segja:

... þar sem hún [Akraneshöllin] er aðallega notuð á veturna, sem er kaldasti tími ársins, þá finnst mér alveg hræðilegt að hún sé hvorki einangruð né upphituð. Krakkar eru í snjóbuxum í leikfimi útaf kulda. Ég var starfsmaður á móti 3. desember síðastliðinn og þar voru margir áhorfendur sem kvörtuðu undan kulda og einnig yfir klósettleysi.¹³³

Tók hann fram að hann vissi að aðstaðan væri ekki fullfrágengin þar sem búið væri að byggja tengibyggingu á milli núverandi sundlaugar og hallarinnar en það myndi bæta salernisaðstöðuna.

Bergþóra Sveinsdóttir talaði um að hægt væri að hafa meiri samvinnu á milli skólastiga og félagsmiðstöðvar til að auka skapandi starfs ungs fólks. Sem hugmynd benti

¹³² Bæjarstjórnarfundur unga fólksins, (2006).

¹³³ Bæjarstjórnarfundur unga fólksins, (2006)

hún á að gaman væri að vera með sameiginlegt verkefni í báðum grunnskólunum, tónlistarskólanum, fjölbrautarskólanum og svo úr Arnardal og Hvíta húsinu. Þetta gæti verið í tengslum við Vökudaga sem eru menningarhátíð bæjarfélagsins eða í kringum páskana.

Sigurbjörg Gyða Guðmundsdóttir kom fram með ábendingu til bæjarstjórnar um að efla bæri félagsstarf ungs fólks. Tillaga hennar var að hafa meira félagsstarf fyrir ungt fólk á sumrin en Leó Daðason fjallaði einmitt um þetta á bæjarstjórnarfundi unga fólksins árið áður. Einnig lagði hún til að Skógræktarleikarnir yrðu endurvaktir en þar gerði Vinnuskólinn sér glaðan dag með óhefðbundnu íþróttamóti.

Árni Snær Ólafsson lagði til að ungt fólk kæmi meira að fegrun bæjarins með því að bæjarstjórn kallaði eftir hugmyndum þeirra ungmenna sem starfa í Vinnuskólanum á sumrin. Þar að auki gerði hann umhverfismál að umtalsefni sínu og talaði um mikilvægi endurvinnslu og lagði til að Akraneskaupstaður skapaði betri aðstæður fyrir almenning til flokkunar sorps.

Ásdís Sigtryggisdóttir fjallaði um nauðsyn þess að brúa bilið á milli grunn- og framhaldsskóla og taldi hún mikilvægt að félagslíf yrði meira á sumrin til að ungmenni á aldrinum 16-18 ára hefðu eitthvað að gera á sumrin. Einnig fjallaði hún um starf Hvíta hússins og fór yfir starfsemina og hvernig mætti bæta hana.

Líkt og áður þá unnu ungmennin tillögur upp úr fundinum og sendu á viðeigandi stofnanir og aðila. Hvað varðar starfslýsingu verkefnisstjóra æskulýðs- og forvarnarmála þá fékk ungmennaráð starfslýsinguna til umsagnar og var hún endurskoðuð að hluta eftir það. Bæjarfélagið þurfti ekki að greiða fargjöld fyrir ungmenni í námi í höfuðborginni þar sem að ákveðið var að hafa frítt í strætisvagna milli Akraness og Reykjavíkur en ekki er hægt að þakka bæjarstjórn fyrir það þar sem það var ekki hennar ákvörðun. Í dag þarf þó að borga í strætisvagninn.

Ákveðið var að færa tímasetningu á bæjarstjórnarfundi unga fólksins. Nemendafélag Grundaskóla fékk líkt og nemendafélag Brekkubæjarskóla styrk til að bæta aðstöðu sína og þakkaði Kristín Björk bæjaryfirvöldum fyrir þann styrk á bæjarstjórnarfundi unga fólksins ári seinna.

Skólar sveitarfélagsins fóru í skólabúðir að Laugum en í kjölfar kreppunnar var ákveðið að skera þær ferðir niður. Í ár hefur verið ákveðið að fara aftur í þessa ferð en ekki er þó búið að festa hana í sessi í skólastarfinu. Lárus var hvorki sá fyrsti né sá síðasti til að ræða um Akraneshöllina. Búið er að bæta salernisaðstöðu þar, líkt og hann sóttist eftir, en hinsvegar er ekki búið að fara í upphitun á húsnæðinu eða að einangra það betur. Samvinna á milli skólastiga og félagsmiðstöðvar var aukin t.d. með því að taka formenn nemendafélaganna beint inn í Arnardalsráðið og starfsfólk félagsmiðstöðvar vinnur mikið

með þeim kennurum skólans sem sjá um félagsmálin. Félagslíf ungs fólks á sumrin er það sama og áður, en starfsfólk sveitarfélagsins sem sinnir þessu sviði hefur áhuga á að reyna að auka það. Skógræktarleikarnir hafa ekki verið endurvaktir og í kjölfar kreppunnar hefur fræðsla og skemmtanagildi verið fellt niður í Vinnuskólanum. Það hefur heldur ekki verið leitað eftir hugmyndum ungmenna í Vinnuskólanum líkt og Árne kallaði eftir. Akraneskaupstaður hefur skapað betri aðstæður fyrir almenning til að flokka sorp og hefur bæjarfélagið sjálft tekið sig á í þeim efnum. Brekkubæjarskóli hefur til að mynda tvisvar sinnum flaggað Grænfánanum og í leikskólunum er byrjað að flokka sorp. Endurvinnslutunnur eru nú einnig við öll heimili á Akranesi og á síðasta kjörtímabili var sett á laggirnar umhverfisnefnd. Tekið var á starfi Hvíta hússins með því að skipa starfshóp sem hafði það verkefni að skoða með hvaða hætti Hvíta húsið gæti stutt við uppbyggilegt starf nemenda fjölbrautaskólans og fékk unglingaráð tvo fulltrúa í þann starfshóp.

Bæjarstjórnarfundur unga fólksins 2007

Þann 30. október 2007 var bæjarstjórnarfundur unga fólksins haldinn í fyrsta skiptið fyrr á árinu líkt og fundarmenn höfðu kallað eftir. Mæting unglingaráðsfulltrúa var góð en þeir mættu allir og var fundurinn í um 70 mínútur og líkt og áður þá voru öll málefni að frumkvæði ráðsins.

Ásdís Sigtryggsdóttir talaði um aðstöðu félagsmiðstöðvar og ungmennahúss. Tók hún fram að fyrir 27 árum hefði húsnæði Arnardals verið hugsað sem bráðabirgðahúsnæði. Lagði hún til að starfsemi Arnardals og Hvíta hússins yrði færð í húsnæði Tónlistarskólans sem fluttist í nýtt húsnæði. Kom hún einnig fram með hugmyndir um hvernig nýta mætti gamla tónlistarskólann með félagsmiðstöðinni.

Lárus Beck Björgvinsson var næstur á mælendaskrá og fjallaði hann um íþróttaðstöðu í sveitarfélaginu og forvarnargildi íþrótta. Hann sagði að 100 manns væru á biðlista eftir að æfa fimleika og að helsta ástæðan fyrir því væri takmörkuð aðstaða. Einnig fjallaði hann um lélega aðstöðu fyrir karateiðkun og stakk upp á að byggt yrði sameiginlegt hús fyrir fimleika og karate.

Salvar Georgsson lagði fram hugmynd um að bæjaryfirvöld styrktu nemendafélagið svo það gæti auglýst stóra viðburði betur og þannig auglýst Akranes um leið. Með því yrðu stórir viðburðir skólans aðdráttarafl fyrir gesti inn í bæinn og ungt fólk gæti með þessu kryddað menningarlífið á Akranesi. Einnig lagði hann til að boðið yrði upp á listnámsáfangar og meira óhefðbundið nám. Að auki vildi hann að boðið yrði upp á viðburðaráfanga í

framhaldsskólanum þar sem bærinn gæti lagt inn pantanir fyrir ákveðin verkefni. Að lokum benti hann á að bæta þyrfti aðstöðu Hvíta hússins.

Jensína Kristinsdóttir ræddi um skólalóðina við Grundaskóla og stakk upp á að fá útisvell á hana. Því næst talaði hún um íþróttaiðkun og kostnað við hana og lagði til að frítt yrði í sund fyrir 18 ára og yngri og að leitað yrði leiða til að gera líkamsrækt hagkvæmari fyrir ungt fólk. Hún endaði mál sitt á því að fjalla um systkinaafslátt líkt og Þór Birgisson gerði árið 2005.

Engilbert Svavarsson fjallaði um samþættingu náms og vinnu í grunnskólunum og lagði til að vinna, t.d. á smíðaverkstæði þrisvar sinnum í viku, yrði metin sem valgrein líkt og íþróttir. Fannst honum vanta að kynna verknám fyrir ungmönnum líkt og bóklega námið og að lokum bað hann bæjarstjórn um fjármagn til að byggja nýja heimilisfræðistofu við Grundaskóla en teikningarnar lægju fyrir.

Aðalbjörg Þorkeldsdóttir gerði Nám við hæfi – nám fyrir alla að umtalsefni sínu. Tók hún fram að nemendur væru „...afar ólíkir og með mismunandi þarfir og áhuga gagnvart náminu. Sumum hentar betur að fara hraðar í gegnum þar, öðrum hægar og svo eru það náttúrulega þeir sem hentar best að fara millivegin.“¹³⁴ Henni fannst mikilvægt að þeir nemendur sem fara hraðar yfir, fái þá kennslu sem þeir þurfa, líkt og þeir nemendur sem fara hægar yfir. „Það er gremjulegt að hugsa til þess að þessir nemendur fái ekki nógu mikla örvun út úr námi í skóla og eyða tíma eftir tíma í námsefni sem þeir eiga ekki í erfiðleikum með að skilja.“¹³⁵ Einnig fjallaði hún um framhaldsnám fyrir nemendur í grunnskólum, en það er til staðar skv. máli hennar en fer fram í gegnum fjarkennslu sem er að hennar mati ansi losaralegt fyrirkomulag. Að lokum óskaði hún eftir skýrri stefnu frá Akraneskaupstað um þessi mál og að reynt yrði að borga niður framhaldsskólabækur þeirra einstaklinga sem eru enn í grunnskóla og eru að taka áfanga í framhaldsskólanum. Því „...samkvæmt landslögum eiga grunnskólanemendur að fá nám við hæfi gjaldfrjálst.“¹³⁶

Unglingaráð vann síðan úr þessum hugmyndum tillögur og bókanir sem það sendi á viðeigandi aðila. Hugmynd Ásdísar um að færa starfsemi Arnardals og Hvíta hússins yfir í húsnæði tónlistarskólans var tekin alvarlega og í dag er starfsemin í því húsnæði. Það eru ennþá biðlistar í fimleika en tímum hefur verið fjölgað í íþróttahúsinu, en aðstaðan er afleit. Þrátt fyrir það eru 350 iðkendur í fimleikum, litla íþróttaskólanum og parkour. Enginn eldri

¹³⁴ Bæjarstjórnarfundur unga fólksins, (2007).

¹³⁵ Bæjarstjórnarfundur unga fólksins, (2007).

¹³⁶ Bæjarstjórnarfundur unga fólksins, (2007).

en 16 ára er þó að æfa, þar sem aðstaðan býður ekki upp á það. Karatedeildin er ennþá með sömu aðstöðu.

Þrátt fyrir að alltaf sé verið að fara fram á að bæjarfélagið styrki nemendafélag framhaldsskólans þó svo að það sé ekki rekið af sveitarfélaginu, hefur það ekki verið gert. Reynt var að bæta listnámsáföngum við en það er einmitt það sem lendir fyrst undir hnífnum þegar skera á niður og því er ekki hægt að segja að listnám hafi verið aukið og ekki hefur verið settur af stað viðburðaráfangi. Aðstaða Hvíta hússins hefur hins vegar verið bætt eins og marg oft hefur komið fram.

Útiskautasvell hefur ekki verið byggt og ekki er heldur frítt í sund fyrir 18 ára og yngri en frítt er í sund fyrir 14 ára og yngri og það er frekar ódýrt í líkamsrækt á Akranesi fyrir ungt fólk skv. viðmælendum rannsakanda. Systkinaafslátturinn var leystur líkt og áður hefur verið fjallað um. Hugmynd Engilberts, um samþættingu náms og vinnu, hefur oft verið rædd og mikið verið haldið á lofti en ekki enn verið framkvæmd. Heimilisfræðistofan við Grundaskóla er farin í útboð og því má vænta þess að hún verði byggð á næstunni. Akranesbær hefur ekki myndað sér skýra stefnu varðandi hugmyndir Aðalbjargar um Nám við hæfi.

Bæjarstjórnarfundur unga fólksins árið 2008

Árið 2008 kom bæjarstjórn unga fólksins saman til fundar þann 18. nóvember. Fundurinn stóð í um 65 mínútur og mættu sex af sjö fulltrúum unglingaráðs.

Harpa Jónsdóttir tók fyrst til máls á þessum fundi og þakkaði bæjaryfirvöldum fyrir nýja og betri aðstöðu ungmennahúss og félagsmiðstöðvar. Fór hún yfir starfsemina í nýja húsnæðinu sem kallast Þorpið. Að lokum lagði hún áherslu á að bæjaryfirvöld stæðu vörð um þá starfsemi sem fram fer í Þorpinu á þessum erfiðu tímum.

Kristófer Ísak Karlsson tók næstur til máls og benti á að það vantaði gístaðstöðu í bænum. Hann kom meðal annars með hugmynd um yfirbyggða sundlaug með veitingaaðstöðu, möguleika á að komast í nudd. Áður en kreppan skall á kom upp hugmynd um að byggja slíka laug en þó með öðru ívafi og hvatti hann bæjaryfirvöld til að hafa samráð við ungt fólk í framtíðinni um mál sem þessi.

Kristín Björk Lárusdóttir fjallaði um skólastarfið á Akranesi og vék síðan að byggingu nýs grunnskóla. Lagði hún til að skipulagningu skólastarfsins yrði breytt þegar nýr skóli yrði byggður á næstu árum. Með því átti hún við að stofnaður yrði einn gagnfræðiskóli þar sem 8.-10. bekkur yrði og barnaskólar fyrir 1.-7. bekk yrðu tveir.

Valgerður Helgadóttir gerði málefni Strætó að umtalsefni og kom með margar hugmyndir til að bæta þá þjónustu. Ræddi hún einnig mötuneytismál í grunnskólum sveitarfélagsins og talaði um mikilvægi þess að gera matinn meira spennandi og jafnvel að bjóða upp á súpu og salatbar.

Gylfi Veigar Reykafjörð Gylfason ræddi um Akraneshöllina eins og Lárus Björgvinsson gerði árið 2006. Líkt og Lárus var Gylfi á því að kuldinn væri eitt aðal vandamálið. Hann stakk upp á að svæði hússins þar sem engin hreyfing eða æfing færi fram, yrðu hituð upp. Annað sem Gylfi benti á var boltageymslan í Akraneshöllinni. „Boltarnir eru geymdir í tunnum úr plasti og oft þegar byrjað er á æfingu eru boltarnir freðnir. Ég hef oft fundið fyrir þessu, þetta er ekkert öðruvísi en að sparka í kringlóttan stein.“¹³⁷ Einnig lagði hann til að keypt yrðu ný mörk sem væru minni og léttari svo þau stæðu ekki út á hlaupabrautina og trufluðu frjálsíþróttæfingar. Að lokum vildi hann að gæsla yrði aukin í höllinni.

Eva Laufey Kjarran Hermannsdóttir var síðust á mælendaskrá og fjallaði hún um kreppuna og hvatti yfirvöld til að upplýsa fólk betur og þá sérstaklega unga fólkið um ástandið.

Margar hugmyndir komu fram á bæjarstjórnarfundum unga fólksins þetta árið líkt og áður og sendu ungmennin tillögur sínar til viðeigandi aðila. Þrátt fyrir það þá hefur Frístundaheimilið Þorpið þurft að þola töluverðan niðurskurð. Mikill sparnaður náðist fram í rekstri þegar félagsmiðstöðvarnar voru sameinaðar, þar sem hægt var að samnýta húsnæði, starfsfólk og fleira. Í kjölfarið hefur aðsókn aukist sem og starfsemi en fjármagnið ekki að sama skapi. Frístundaheimilinu var gert að spara og hefur það nýlega þurft að minnka þjónustu sína með því að loka fyrir á föstudögum og leigja eitt herbergi undir kennslustofu.¹³⁸ Hugmyndir Kristófers um sundlaugargarð urðu fyrir barðinu á samdrætti í efnahagslífinu, en bæjaryfirvöld hafa ekki haft samráð við ungt fólk þegar verið er að fara í stórar framkvæmdir líkt og sundlaugargarð sem búið var að teikna.

Til stendur að byggja nýjan skóla í Flatahverfinu og búið er að senda fjölskylduráði erindi varðandi þetta og þakkaði fjölskylduráð unglingaráðinu fyrir bréfið og sagðist ætla að hafa samráð við unglingaráð þegar málið yrði tekið upp að nýju.¹³⁹ Hugmyndir varðandi þjónustu strætisvagna á Akranesi eru yfirleitt litnar jákvæðum augum, hins vegar hefur mötuneyti grunnskólanna ekkert breyst þrátt fyrir hugmynd Valgerðar.

¹³⁷ Bæjarstjórnarfundur unga fólksins, (2008).

¹³⁸ Viðtal 5 bls, 5.

¹³⁹ Fjölskylduráð Akraness, (2009).

Líkt og fram hefur komið þá hefur kuldavandamál í Akraneshöllinn ekki verið leyst. Framkvæmdaráð þakkaði unglingaráði hins vegar fyrir bréf sitt um úrbætur á Akraneshöllinni og ákveðið var að taka þær til skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2010.¹⁴⁰ Í dag er búið er að byggja geymslu undir bolta, ný mörk eru hlutur sem alltaf þarf að endurnýja og gæsla var aukin auk þess sem settar hafa verið upp upptökuvérlar.

Nýtt vandamálið kom þó upp með boltageymsluna því að það komast ekki allir boltar þar fyrir. Boltar fyrir elstu flokkana komast fyrir en 4. flokkur og yngri svo og stelpurnar þurfa að nota frosna bolta.¹⁴¹ Hugmynd Evu Laufeyjar hefur verið framkvæmd og síðan þá er búið að halda námskeið eins og Vertu klár í kreppu sem var á vegum Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands og Vinnumálstofnunar. Einnig er búið að koma af stað átaki sem kallast Skagastaðir sem er úrræði fyrir atvinnulausa á Akranesi.

Bæjarstjórnarfundur unga fólksins 2009

Haustið 2009 var enginn fundur haldinn heldur var honum frestað til 12. janúar 2010. Ástæðan fyrir því að bæjarstjórnarfundur unga fólksins var haldinn þann dag en ekki fyrir um haustið var að félagsmiðstöðin Arnardalur átti 30 ára afmæli. Það mættu einungis fimm fulltrúar úr unglingaráði ásamt formanni fjölskylduráðs og framkvæmdastjóra fjölskyldustofu á fundinn og var hann í 45 mínútur.

Valdís Marselía Þórðardóttir tók fyrst til máls og fjallaði um sögu Arnardals og lagði áherslu á að þrátt fyrir ástandið vonist hún til þess að félagsmiðstöðin fengi það sem hún á skilið. Einnig vakti hún athygli á því að það vantaði ruslatunnur víða í bænum.

Hlín Guðný Valgarðsdóttir talaði um það hvernig sparnaður í sveitarfélaginu bitnaði á nemendum í grunnskóla. Tók hún forfallakennslu fyrst fyrir og sagði að þrátt fyrir að margir nemendur væru glaðir þegar kennari forfallaðist og gefa þyrfti frí, þá kæmi það niður á námsárangri nemenda. Taldi hún það vera réttindi nemenda að fá forfallakennslu og skyldu sveitarfélagsins að sinna því. Næst talaði hún um það hvernig niðurskurður í sveitarfélaginu hefði bitnað á ferðalögum eins og Reykjaskólaferð 7. bekkjar, ferð að Laugum og hvernig niðurskurðurinn hefði skert félagslífið. Hélt Hlín því fram að forgangsraða ætti betur og setja hagsmuni ungs fólks framar ýmsum verklegum framkvæmdum.

Guðmundur Böðvar Guðmundsson tók næstur til máls og ræddi um starf nemendafélags Fjölbautarskóla Vesturlands. Nemendafélagið var illa statt fjárhagslega á sínum tíma og lagði hann áherslu á að það gerðist ekki aftur. Lausn hans var að skólinn fengi

¹⁴⁰ Framkvæmdaráð Akraness, (2009)

¹⁴¹ Viðtal 5 bls. 6 og Viðtal 6 bls. 3.

starfsmann til að aðstoða nemendafélagið við fjárhagsmál félagsins. Sá starfsmaður ætti ekki að sjá um neitt annað þar sem í mörgu væri að snúast þegar verið er að undirbúa stóra viðburði og þegar nemendafélagið þyrfti að eiga við umboðsmenn listamanna. Lagði hann einnig til að bæjaryfirvöld kæmu til móts við leikfélag skólans með því að leyfa því að nota Bíóhöllina í einhvern tíma og gæti þetta verið í formi styrks. Að lokum talaði Guðmundur um málefni ungs fólks sem sækir háskólanám til Reykjavíkur eins og margir forverar hans. Vildi hann að sveitarfélagið fjárfesti í langferðabíl og setti af stað áætlunarferðir milli Akraness og Reykjavíkur, önnur hugmynd hans var að afnema gjald fyrir námsmenn í Hvalfjarðargöng.

Sólveig Rún Samúelsdóttir fjallaði um stöðuna í samfélaginu, kreppuna, niðurskurð og óvissuna sem ríkti. Var hún óánægð með það hvernig niðurskurður sveitarfélagsins bitnaði á félagslífi grunnskólanema. Dansleikjum og opnum húsum fækkaði ásamt því að skólaferðir til Reykjaskóla og Lauga voru felldar niður. Einnig talaði hún um að ekki væri búið að skipa umsjónarmann í Grundaskóla sem sæi um félagslífið. Að lokum beindi hún orðum sínum til bæjarfulltrúanna vegna tilvonandi kosninga í maí. Það hún „...núverandi og tilvonandi bæjarfulltrúa að hafa í huga að sparnaður í málefnum ungs fólks væri ekki þjóðhagslega hagkvæmur þegar upp er staðið, þar væru menn að kasta krónunni en hirða aurinn.“

Síðust á mælendaskrá var Árný Lára Sigurðardóttir. Fjallaði hún einnig um ástandið og lagði til að ungt fólk fengi fulltrúa í starfshóp sem bæjarstjórn Akraness ákvað að skipa til að vinna að atvinnumálum í bæjarfélaginu.

Um hugmynd Valdísar um Arnardal hefur verið fjallað áður en dregið hefur úr fjármagni til starfseminnar. Ruslatunnum var hinsvegar fjölgað í bæjarfélaginu. Forfallakennsla í grunnskólum sveitarfélagsins hefur verið bætt sem og sérkennsla og var það eitt það fyrsta sem að ný bæjarstjórn gerði.

Skólaferðir hafa ekki endanlega verið teknar aftur inn í skólastarfið, en á þessu skólaári á að fara að Laugum með 9. bekki beggja skóla. Ekki hefur starfsmaður verið ráðin til að sinna fjárhagsmálum nemendafélags framhaldsskólans, en aftur á móti hafa ný framhaldsskólalög gert það að verkum að skólastjóri sér að hluta til um þetta starf þar sem nemendafélög framhaldsskóla eru á forræði skólastjóra. Leikfélag skólans fær að vera frítt í Bíóhöllinni í tvo daga en aðrir aðilar sem tengjast Bíóhöllinni hafa rukkað fyrir ýmsa þjónustu sem nemendafélagið þarf að borga.

Langferðabifreið hefur ekki verið keypt líkt og Guðmundur Böðvar vildi en strætisvagn fer á milli Akraness og Reykjavíkur. Sumum ungmennum finnst fargjaldið dýrt og hafa þau því safnast um að keyra saman á milli. Búið er að skipa umsjónarmann með félagslífi Grundaskóla sem einfaldaði mikið samstarf og samskipti félagsmiðstöðvarinnar og

skólans. Ungmennaráð fékk aftur á móti ekki fulltrúa í starfshóp sem að bæjarstjórn Akraness ákvað að skipa til að vinna að atvinnumálum í bæjarfélaginu.

8.4 Helstu gallar

Líkt og í Ölfusi og Árborg þá er helsti gallinn sá að bæjarstjórn leitar ekki í næginlegum mæli til ráðsins. Starfsmaður sveitarfélagsins sem rannsakandi ræddi við vildi þó meina annað þegar hann var spurður úti áhrif ráðsins og hvort ráðið væri bæjarstjórn til ráðgjafar:

Já, eins og t.d. með þessum bæjarstjórnarfundum unga fólksins og þegar t.d. starf verkefnisstjóra forvarna og æskulýðsmála var búið til, þá var starfslýsingin send til umsagnar ungmennaráðs. Það kom með einhverjar ábendingar og annað. Það er leitað til þess. Fulltrúar ráðsins eru óhikað skipaðir í starfshópa og vinnuhópa og svona. En það er ekki þar með sagt að þeir þurfa alltaf að vera að minna á sig.¹⁴²

Sami viðmælandi á Akranesi sagði að þegar fulltrúar benda á eitthvað þá væri oft tilhneiging til að svara: Þið eigið þá að gera það sjálf.¹⁴³

Ungmennin á Akranesi voru ekki alveg á sömu skoðun en sögðu að vissulega væri hlustað á þau og leitað til þeirra. En þeim fannst bæjarfulltrúar oft og tíðum „...líta á þennan fund sem smá afsökun til að þurfa ekki að gera meira. Það er stundum eins og þeir haldi að allt sem að við viljum komi fram á þessum fundi.“¹⁴⁴

Á Akranesi er áhugaleysi stjórnvalda ekki jafn mikið vandamál og í Ölfusi og Árborg en þrátt fyrir það þá er þetta helsti gallinn. Því ólíkt hinum sveitarfélögum þá hefur verið auðvelt að fá ungmennin til að vera með og taka þátt þar sem starfið er í svo föstum skorðum.¹⁴⁵

8.5 Samantekt

Á þessari umfjöllun sést að starfsemi unglíngaráðs Akraness er komið í fastar skorður og gegnir bæjarstjórnarfundur unga fólksins þar stóru hlutverki. Starfsemi ráðsins er svipuð á milli ára annað en í Ölfusi og Árborg. Þær hugmyndir sem fram hafa komið á þessum fundum hafa margar hverjar orðið að veruleika og bæjarstjórn tekur mark á ráðinu. Það sést vel á því að það treystir þessum fulltrúum til að sitja í ýmsum starfshópum sem sveitarfélagið setur á laggirnar.

¹⁴² Viðtal 5, bls. 4.

¹⁴³ Viðtal 5, bls. 3.

¹⁴⁴ Viðtal 6, bls. 2.

¹⁴⁵ Viðtal 5, bls. 1.

Ef við skoðum virkni ráðsins þá er hún sú sama á milli ára og frumkvæði unglingaráðsins er mjög mikil þó svo að formlegir fundir séu ekki langir. Fyrir utan formlega bæjarstjórnarfundir unga fólksins, fundar ráðið saman og með sínum nemenda- og húsráðum. Rannsakandi hefur ekki haft aðgang að þeim fundargerðum en á hugmyndum ráðsins sést að töluverð vinna hefur verið lögð í þær. Unglingaráð Akraness hefur ekki staðið fyrir ungmennahúsi líkt og ungmennaráð Ölfuss og Árborgar en ungmennahús hafa verið haldin í grunnskólum bæjarins.

Af þessu má sjá að starfsemi unglingaráðs er mikil ásamt því að áhrif þess eru töluverð, sem sést á fjölda þeirra hugmynda sem hafa verið framkvæmdar. Starfið er formlegt og fast í sessi, sem gerir það að verkum að ráðið virkar að öllum líkindum betur en í Árborg og Ölfusi. Erindisbréf ráðsins er hins vegar úrelt og er verið að bæta úr því.

Helsti galli er að bæjarstjórn leitar ekki í næginlegum mæli til ráðsins líkt og í Árborg og Ölfusi. En þó er þetta ekki jafn mikið vandamál á Akranesi og í hinum sveitarfélögum. Auðvelt hefur verið að finna fundartíma með ungmennunum og mikill áhugi er hjá þeim.

9 Niðurstöður og ályktanir

Í æskulýðslögum sem tóku gildi 28. mars 2008 er talað um mikilvægi þess að auka lýðræðisvitund ungmenna og hvetja þau til frumkvæðis og virkrar þátttöku. Í 11. gr. þeirra laga segir einnig að sveitarstjórnir skuli hlutast til um að stofnuð sé ungmennaráð til að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks.¹⁴⁶ Í lögnum er lögð áhersla á mikilvægi þess að ungt fólk hafi tækifæri til að vera virkir þátttakendur í samfélagi sínu, sem byggist á lýðræði og tækifærum til að koma að ákvörðunum er snerta líf þeirra. Í greinagerð með lögnum er tekið fram að með þátttöku í starfi ungmennaráða fær ungt fólk tækifæri til þess að koma skoðunum sínum á framfæri við rétta aðila. Einnig er þar talað um mikilvægi þess að val í ráðin sé lýðræðislegt. Líkt og komið hefur fram í þessari rannsókn þá er val í ráðin mjög misjafnt og eru vinnubrögðin við það val mislýðræðisleg.

Með þessu eru stjórnvöld að koma til móts við tilmæli um lýðræðislega þátttöku ungs fólks sem talað er um í Hvítbók framkvæmdastjórnar ESB og í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í Hvítbók ESB segir að markmið hennar sé að fá ungt fólk til að vera þátttakendur í ákvarðanatöku innan ESB. Þar er tekið fram að ungt fólk hafi vilja og áhuga til að taka þátt, en sækir það þó ekki í hefbundin pólitísk öfl, því er nauðsynlegt að búa til vettvang fyrir ungt fólk til að hafa áhrif og eru ungmennaráð m.a. sá vettvangur hér á landi.¹⁴⁷ Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er talað um rétt barna til að viðra skoðanir sínar og mikilvægi þess að aðildarríki tryggi börnum rétt og aðstæður til að koma skoðunum sínum á framfæri.¹⁴⁸ Grunnforsendur ungmennaráða hér á landi eiga því rætur að rekja til Barnasáttmálans, Hvítbókar ESB og nýrra æskulýðslaga.

Líkt og fram kom í kenningarkaflanum þá telja talsmenn fulltrúalýðræðis að þátttaka almennings eigi aðallega að vera bundin við frjálsar kosningar á meðan talsmenn beins lýðræðis telja að það sé mikilvægt að almenningur taki þátt í ákvarðanatöku og að sú þátttaka sé mikilvæg til að stuðla að lýðræði í landinu. Kjarni þessara beggja lýðræðiskenninga er sá að æskilegt sé „...að völd og áhrif komi sem mest frá almenningi jafnframt því sem mannréttindi allra eru í heiðri höfð.“¹⁴⁹ Með ungmennaráðum er verið að auka beint lýðræði og auka áhrif og völd almennings. Ungmennaráð ættu því að vera litin jákvæðum augum af fylgjendum beggja þessara lýðræðisríkjum viljum við sjá sem

¹⁴⁶ *Æskulýðslög* nr. 70/2007.

¹⁴⁷ Hvítbók Framkvæmdastjórnar ESB, (2001), bls. 8-13.

¹⁴⁸ Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 18/1992.

¹⁴⁹ Svanur Kristjánsson, (2002), bls. 38.

flesta taka þátt í sem flestum ákvörðunum til að hafa lýðræðið sem mest. En til þess að ungmennin taki þátt þarf félagsauður og samborgaralegar dyggðir að vera til staðar að einhverju marki líkt og kemur fram hér að framan.

Með stofnun ungmennaráða, sem eru ný form íbúalýðræðis, er verið að vinna gegn takmörkum fulltrúalýðræðis sem eru minnkandi áhugi fólks á stjórnámálum, þar sem það þarf einungis að mæta á kjörstað á nokkurra ára fresti og kjósa. Íbúa- og ungmennalýðræði er því tækifæri fyrir almenning til að hafa áhrif á ákvarðanatöku stjórnvalda. Ekki er þó nóg að hafa tækifæri því almenningur verður að vilja taka þátt í slíku starfi. En til að auka áhuga almennings er mikilvægt að kjörnir fulltrúar leitist við að fá skoðanir almennings upp á borðið og virði þær. Með auknu ungmennalýðræði er einnig verið að undirbúa og þjálfa unglinga í lýðræðislegum vinnubrögðum

Það að virkja íbúana eða ungmennin er þó ekki einungis til að auka lýðræðið heldur einnig til að auka ánægju íbúanna. Tengsl eru á milli ánægju íbúa og virkni þeirra líkt og Gunnar Helgi Kristinsson bendir á í bók sinni *Staðbundin stjórnámál*. Sveitarstjórnir sem eru tengdar íbúum sínum í gegnum þátttöku almennings, vita betur hvað þarf að gera í sveitarfélaginu.

Í upphafi var sett fram rannsóknarspurning sem hljóðar svo: *Hvernig eru ungmennaráð skipuð, hver er virkni þeirra og hafa þau áhrif á ákvarðanatöku bæjarstjórna?* Í næstu köflum verður fjallað um meginniðurstöður þeirra gagna sem lýst er í kaflanum hér á undan, dregnar ályktanir af þeim gögnum og reynt að svara rannsóknarspurningunni.

9.1 Skipun ungmennaráðanna

Skipun ungmennaráða vísar til þess hversu lýðræðisleg einingin ungmennaráð er. Ef kosið er í ráðið þá má segja að það sé lýðræðislegra heldur en ef það er ekki kosið. Við athugun á ungmennaráðunum kom í ljós að erindisbréf ráðanna voru misjöfn hvað þessi lýðræðislegu sjónarmið varðar. Ekkert sveitarfélaganna er með formlega kosningu til ungmennaráðs. Fyrirkomulag sveitarfélaganna, um skipun ungmennaráða er misjafnt, þau hafa ekki tekið beint upp eftir öðrum sveitarfélögum þó svo að vissulega hafi aðrar vinnureglur verið til hliðsjónar bæði í Árborg og Ölfusi.

Í Ölfusi er vali í ráðið þannig háttað að tveir af fimm fulltrúum eru lýðræðislega kjörnir en það eru þeir fulltrúar sem koma úr unglingaráði Svítunnar og nemendaráði grunnskólans, en formenn þessara ráða fá sæti í ungmennaráði. Hinir fulltrúarnir eru handvaldir af íprótta- og æskulýðsfulltrúa og starfsmanni félagsmiðstöðvarinnar.

Í Árborg er því þannig háttað að ýmis félög, grunnskólar, félagsmiðstöð og framhaldsskóli fá fulltrúa í ungmennaráðinu og hugsanlega geta einhverjir þeirra fulltrúa verið kosnir í t.d. nemendaráð grunnskólans og þannig lýðræðislega kjörnir í ungmennaráð. Flestir þeirra fulltrúa sem hafa verið í ungmennaráði Árborgar eru þó ekki lýðræðislega kjörnir. Á heildina litið eru fulltrúarnir ekki lýðræðislega kjörnir heldur eru fengnar tilnefningar frá ýmsum félögum. „Þetta eru ekki lýðræðislega kjörnir fulltrúar, það var reynt að finna sterka einstaklinga sem geta haft áhrif.“¹⁵⁰ Því má segja að fulltrúarnir séu handvaldir líkt og hluti fulltrúanna í Ölfusi.

Á Akranesi eru allir fulltrúarnir lýðræðislega kjörnir í gegnum önnur ráð og félög. Nemendafélög grunnskólanna beggja og framhaldsskólans fá sæti sem og húsráð félagsmiðstöðvarinnar og ungmennahúss. Kosnir eru fulltrúar í öll þessi ráð og félög og kjósa þau sér svo fulltrúa í unglingaráð Akraness.

Þrátt fyrir að ekki sé formleg kosning í ráðin, þá er með ungmennaráðum verið að auka lýðræði með því að færa vald til fólksins, líkt og grunnhugtakið lýðræði gengur útá og líkt og var gert í Grikklandi til forna. Með ungmennaráðum er verið að auka ungmennalýðræði sem er nýtt form íbúalýðræðis.

Virgni ráðanna vísar til þess hversu virk ráðin eru og er virgni eitt grundvallaratriði lýðræðis. Ungmennaráðin sem hér eru tekin fyrir eru misgömul og því er starfsemi þeirra misföst í sessi eins og eðlilegt er.

Árborg er yngsta ungmennaráðið í fjölmennasta sveitarfélaginu og hefur starfsemi ráðsins verið ágætlega virk þó alltaf megi gera betur. Erfitt hefur verið að finna fundartíma þar sem allir fundarmenn komast en ástæðan er sú að „...þetta eru góðir krakkar sem eru í öllu þannig að það er búið að ganga brösulega að ná þeim saman.“¹⁵¹ Lýðræðisleg þátttaka ungmennanna er því ekki mikil ef ekki næst að funda. Einnig má segja að ef fáir mæta á fund þá megi deila um hversu mikið lýðræði er í þeim ákvöðunum sem teknar eru á slíkum fundum.

Viðmælendur í Ölfusi og Árborg voru sammála þessu og þess vegna hafa fundir verið færri en viðmælendurnir hefðu viljað sem og virkni ráðanna minni. Starfsmenn sveitarfélaganna vildu þó ekki kenna ungmennunum einum um það heldur horfðu þeir í eigin barm og töldu að þeir sjálfir hefðu getað gert betur í að kynna sér og nýta nýja samskiptamáta eins og t.d. facebook.

¹⁵⁰ Viðtal 3, bls. 5.

¹⁵¹ Viðtal 3, bls. 1.

Á Akranesi er þessu alveg þver öfugt farið þar sem starfið er í föstum skorðum. Auðvelt er að fá ungmennin til að vera með og taka þátt í starfinu. Fyrir rannsakanda var mjög auðvelt að fá fundartíma með ungmennaráði Akraness á meðan erfiðlega gekk að finna tíma með ungmennaráðum Ölfuss og Árborgar. Lýðræðisleg þátttaka ungmenna á Akranesi virtist því vera meiri en þó er ekki hægt að alhæfa þar um.

Áhrif ungmennaráða á ákvarðanatöku sveitarfélaga vísar til íbúalýðræðis, ungmennalýðræðis og lýðræðislegrar þátttöku. Með ungmennaráðum eykst lýðræðisleg þátttaka ungmenna og um leið og áhrif ráðanna aukast, eykst íbúa- og ungmennalýðræðið.

Ráðin sem hér eru til skoðunar eru misgömul en þrátt fyrir það hafa ýmsar hugmyndir komið frá ráðunum líkt og kom fram hér að framan. Áhrif og árangur ungmennaráðanna hefur sést í starfi þeirra t.d. á bæjarstjórnarfundum unga fólksins, ungmennapíngum og undirbúningi fyrir bæjarhátíð.

Ungmennin sem rætt var við, við þessa rannsókn voru öll sammála um að þau hefðu haft áhrif á ákvarðanatöku innan sveitarfélagsins en í mismiklum mæli. Í Ölfusi voru ungmennin afdráttarlaus þegar spurt var um þetta og sögðu:

Já, að sjálfsgöðu t.d. með ungmennapínginu sem var haldið, undirbúningi Hafnardaga og ef skoðaðar eru fundargerðir frá árinu í ár þá sést að ungmennaráð hefur haft töluverð áhrif þrátt fyrir að bæjarstjórn leiti ekki til okkar.¹⁵²

Á Akranesi voru ungmennin sammála um að þau hefðu áhrif og að tekið væri mark á því sem þau væru að segja. Í Árborg voru ungmennin ekki jafn viss. Þau sögðu að eftir ungmennapíngið hefði ýmislegt verið gert, en annars hefði ungmennaráðið ekki haft mikil áhrif nema þá kannski helst að halda ungmennahúsinu opnu. Segja má að það að ekki sé búið að loka ungmennahúsinu á Selfossi sé áfangi útaf fyrir sig í því árferði sem við lifum við í dag.

Starfsmenn sem rannsakandi hafði samband við í Ölfusi og Árborg voru sammála um að ungmennapíngin sem ungmennaráðin héldu hefðu haft mikil áhrif og í gegnum þau hefði ungmennaráð haft áhrif. Með því að halda slík þing væru ungmennaráðin að auka almenna lýðræðisþátttöku sem og auka íbúalýðræði og ungmennalýðræði. Með ungmennapíngi væri verið að gefa ungu fólki tækifæri á að koma sínum skoðunum á framfæri. Með ungmennapíngi er bæði verið að auka íbúa-

¹⁵² Viðtal 2, bls. 2.

sem og ungmennalýðræði þar sem verið væri að gefa ungu fólki tækifæri á að hafa áhrif.

Í Ölfusi kom einnig fram að hlustað væri á ungmennaráð í þeim nefndum og starfshópum sem fulltrúar í ungmennaráði sætu. Á Akranesi kom fram að ungmennaráð hefði haft greinileg áhrif á ákvarðanatöku innan sveitarfélagsins og árangurinn væri mikill.

Áhrif ungmennaráðanna sést m.a. á þeim hugmyndum sem þau hafa komið í gegn. Líkt og fjallað var um hér að framan þá hafa ráðin í öllum sveitarfélögum komið fram með fjöldann allan af tillögum og hugmyndum. Vissulega eru margar hugmyndir sem ekki féllu í góðan jarðveg, en þannig er það stundum, ekki er hægt að gera allt. En einnig sést að búið er að framkvæma margar af þeim hugmyndum sem ungmennaráðin komu með og þá sérstaklega á Akranesi. Ungmennaráðin í Ölfusi og Árborg hafa ekki haft jafn mikil áhrif sem er skiljanlegt þar sem þau eru mun yngri en ráðið á Akranesi. Þrátt fyrir það þá hafa öll ráðin haft töluverð áhrif á ákvarðanatöku sveitarfélaganna og lýðræðislega uppbyggingu samfélagsins.

Þessar niðurstöður eru í samræmi við rannsókn Gunnars Helga Kristinssonar sem hann skrifaði um í grein sinni *Public impact*. Þar kemur fram að áhrif almennings á ákvarðanatöku stjórnvalda séu meiri en gert hefur verið ráð fyrir innan stjórn málafræðinnar hingað til. Þar er tekið fram að áhrifin komi ekki bara í gegnum kosningar heldur einnig í beinni þátttöku. Ungmennaráð falla þar undir og hafa áhrif ungmennaráða verið mun meiri en rannsakandi bjóst við í upphafi. Í grein Gunnars Helga Kristinssonar kemur einnig fram að stjórnvöld hér á landi finni hjá sér þörf til að koma til móts við skoðanir almennings.¹⁵³ Með stofnun ungmennaráða er verið að koma til móts við skoðanir almennings en stjórnvöld verða að gæta þess að láta ekki alltaf undan þrýstingi almennings.

9.2 Helstu takmarkanir

Í raun voru allir viðmælendur rannsakanda sammála um að helsti gallinn við starf ungmennaráða væri að bæjarstjórn tæki ekki næginlegt frumkvæði í að virkja ungmennaráðin, leita til þeirra með málefni er snerta ungt fólk og taka mark á þeirra töllögum. Þegar bæjarstjórnir sýna starfi ungmennaráða ekki áhuga uppfylla þær ekki kröfur Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Hvítbókar ESB.

¹⁵³ Gunnar Helgi Kristinsson, (2009a), bls. 200.

Þau ungmenni sem rannsakandi ræddi við voru sammála um að bæjarstjórn mætti vera virkari í því að leita til ungmennaráðanna. Á Akranesi voru ungmennin samt á því að bæjarstjórnin hlustaði á það sem kæmi fram á bæjarstjórnarfundi unga fólksins. Þar í bæ virtist bæjarstjórnin vera öflugri í að virkja ráðið heldur en í hinum sveitarfélögum.

Það að bæjarstjórnir leiti ekki til ungmennaráðanna takmarkar starf ráðanna sem og ungmennalýðræðið. Hlutverk ungmennaráðanna er að vera bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks, um leið og bæjarstjórnir hundsá þetta hlutverk þá heftir það þróun ráðsins og í raun grunnhugmynd ungmennalýðræðis og ungmennaráðanna.

Í Æskulýðslögum frá árinu 2007 kemur fram að „...hlutverk ungmennaráða er m.a. að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi.“¹⁵⁴ Þegar rannsakandi spurði um þetta hlutverk og hvernig því væri háttað innan sveitarfélaganna skar Akranes sig úr. Þar kom í ljós að unglingaráð sveitarfélagsins uppfyllti þetta hlutverk á meðan svörin í Ölfusi og Árborg voru mun neikvæðari.

9.3 Ungmennaráð á landsvísu

Í ljós kom að ungmennaráðum hefur fjölgað frá 2007 þegar ný æskulýðslög voru samþykkt. Í ár hefur þeim einnig fjölgað um þriðjung en í byrjun árs 2010 voru þau 18 en í október sama ár voru 25 sveitarfélög með starfrækt ungmennaráð. Þessa miklu fjölgun er erfitt að skýra en líkur eru á að sveitarstjórnarkosningar í maí 2010 hafi haft þar einhver áhrif.

Þessi mikla fjölgun er í samræmi við kenningar og spá Naisbitt um þróun vestrænna samfélaga, um að þróunin frá fulltrúalýðræði til íbúalýðræðis sé eitt af lykileinkennum þróunarinnar. Einnig er þessi fjölgun í samræmi við kenningar Klausen um sjö einkenni samfélaga í dag. Hann fjallar um það hvernig íbúalýðræði hefur áhrif á opinbera starfsemi en ungmennaráð auka íbúalýðræði. Því má segja að það sé edlilegt að stjórnvöld hér á landi hafi aukið aðkomu ungmenna að ákvörðunum og um leið styrkt ungmennalýðræði. Með fjölgun ungmennaráða er verið að uppfylla það sem stendur í Hvítbók ESB og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

9.4 Umræður og ályktanir

Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að ungmennaráð sveitarfélaganna þriggja, sem til rannsókna voru, hafi haft áhrif á ákvarðanatöku sveitarfélaganna. Áhrifin eru til staðar þrátt fyrir áhugaleysi bæjarstjórnanna oft á tíðum og þrátt fyrir að þau hafi ekki ávallt nýtt sér ungmennaráðin til að vera til ráðgjafar um málefni ungs fólks í sveitarfélögum líkt og

¹⁵⁴ Æskulýðslög, nr. 70/2007.

kveðið er á um í æskulýðslögum frá árinu 2007. Með ráðunum hefur íbúalýðræði aukist og má segja að með stofnun þeirra sé verið að svara kalli almennings um aukið nærlýðræði.

Áhrif ráðanna hafa komið í gegnum starf ráðanna hvort sem um er að ræða ungmennanæing, bæjarstjórnarfundir eða annað. Í Ölfusi hafa hugmyndir ungmennaráðs á þessu ári ekki verið sendar formlega til viðeigandi nefnda. Þrátt fyrir það er búið að framkvæma ýmislegt sem þau lögðu til í fundargerðum sínum og gerðist það í gegnum starfsfólk sveitarfélagsins.

Með stofnun og starfrækslu ungmennaráða eykst íbúalýðræði og ungmennalýðræði í sveitarfélögunum og er það hluti af þróun vestrænna ríkja samkvæmt Naisbitt. Lýðræðisleg áhrif ungmennaráðanna eru greinileg innan sveitarfélaganna sem rannsökuð voru en skipun í ráðin er ekki að öllu leyti lýðræðisleg, nema þá helst á Akranesi. Vinnubrögð ráðanna í Árborg og Ölfusi eru ekki í föstum skorðum en til stendur að reyna að festa starfið betur í sessi með því að endurskoða erindisbréf ráðanna. Á Akranesi eru vinnubrögðin í nokkuð föstum skorðum.

Þó niðurstaðan sé að ungmennaráð hafi áhrif á ákvarðanatöku sveitarfélaganna er það ekki svo að ekki sé hægt að gera betur. Öll sveitarfélögin geta gert betur og þau gera sér grein fyrir því, sem sést best á því að erindsbréf allra ráðanna eru í endurskoðun. Virkni ráðanna gegnir stóru hlutverki þegar kemur að áhrifum ráðanna, því meiri líkur eru á áhrifum þegar virkni ráðanna er mikil og það að bæjarstjórnir taki þau alvarlega, eins og sést greinilega t.d. á Akranesi með bæjarstjórnarfundum unga fólksins og starfinu í kringum þá. Í Ölfusi sést þetta þegar við skoðum seinasta ár og árið í ár og berum saman. Árið 2009 var starfið og virknin lítil og þar af leiðandi voru áhrif takmörkuð. Árið 2010 hefur starfið aftur á móti verið mjög virkt. Búið er að halda ungmennanæing og tvö ungmennakvöld ásamt mörgum fundum. Áhrifin sem ráðið hefur haft í ár ræðst af þeirri virkni sem hefur einkennt ráðið og þeim áhrifum sem ráðið hefur haft á ákvarðanatöku. Í Árborg sést þetta einnig þegar seinustu tvö ár eru skoðuð. Í fyrra var haldið ungmennanæing og var mikið framkvæmt af tillögum úr skýrslu sem var gerð úr hugmyndum þingsins en í ár er aðeins búið að halda einn fund og áhrifin eftir því.

Þó svo að ungmennin sem sitja í ráðunum telji iðulega að bæjarstjórnir hlusti ekki á þau og viti jafnvel ekki af þeim, þá vita þau að þau geta haft áhrif og hafa gert. Ef starf ráðanna er endurskoðað og skipulagt þannig að virknin og áhrifin geti aukist er líklegt að áhugi ungmenna á starfinu aukist og má draga þá ályktun að áhrif þeirra verði þá meiri.

Lýðræðisleg áhrif ungmennaráðanna eru misjöfn líkt og hefur verið fjallað um hér að framan. Vissulega eru ekki allir fulltrúarnir lýðræðislega kjörnir en það má ekki gleyma að

með því að stofna ungmennaráð voru sveitarfélögin að efla íbúalýðræðið og færa lýðræðið að einhverju leyti frá fulltrúalýðræði nær beinu lýðræði nánar tiltekið ungmennalýðræði. Með ungmennalýðræði er verið að leita eftir viðhorfum ungmenna á málefnum er þau snertir og það skiptir miklu máli þegar ánægja ungmenna er skoðuð því ungmenni eru eins og annað fólk, þau vilja láta hlusta á sig. Það þýðir ekki að byggja upp fjölskylduvænt samfélag án þess að vera í samráði við ungt fólk því til að fá öll sjónarmið upp á borðið verður að hafa samráð við ungt fólk sem eldra.

Líkt og kom fram í byrjun þessarar rannsóknar þá er ekki nóg að sveitarfélög setji á stofn ungmennaráð, því ungt fólk þarf að vilja vera í slíkum ráðum. Einnig þurfa bæjarstjórnir að virkja ráðin og sýna starfi þeirra áhuga og taka tillögur þeirra alvarlega. Í Vestmannaeyjum var ungmennaráð stofnað en lítill áhugi var hjá ungu fólki að starfa í slíku ráði og því lognaðist það útaf. Í Árborg, Ölfusi og Akranesi hefur tekist að fá ungt fólk til að taka þátt, þó erfitt hafi reynst að finna fundartíma vegna annríkis unga fólksins, er vilji hjá ungu fólki í þessum sveitarfélögum að halda starfinu áfram. Til að efla ráðin og til að komast með þau á næsta stig, sem er að starfa eins og aðrar nefndir sveitarfélaganna, þá þurfa bæjarstjórnir að virkja ráðin, sýna starfi þeirra áhuga og leita til þeirra með þau málefni er snerta ungt fólk.

Í rannsókninni birtist greinileg gagnrýni á starf bæjarstjórna sveitarfélaganna þegar kemur að því að leita til ungmennaráðanna. Nánast allir aðilar sem rannsakandi hafði samband við töluðu um að bæjarstjórnir mættu vera virkari í að virkja ungmennaráðin með því að leita til þeirra með þau mál sem snerta ungt fólk. Er því ljóst að bæta þarf samvinnu bæjarstjórna og ungmennaráðanna hvernig sem því er háttað.

Höfundur telur nauðsynlegt að ungmennaráðin verði ekki lögð niður líkt og gerðist í Vestmannaeyjum þar sem starf þeirra er nauðsynlegt til að kynna ungu fólki lýðræðisleg vinnubrögð og búa þau undir að taka þátt í lýðræðislegu samfélagi.

Með tilliti til þeirrar niðurstöðu sem kemur fram hér að ofan má fullyrða að ungmennaráð hafa haft áhrif og þau geta haft meiri áhrif ef vilji er fyrir hendi. Starfsemin er nauðsynleg í því lýðræðislega samfélagi sem við búum við og þau eru hluti af lýðræðislegri þróun samfélagsins. Rannsakandi vonast til að fleiri sveitarfélög stofni ungmennaráð, leiti til ungmenna með málefni er snerta ungt fólk og taki mark á þeirra tillögum.

10 Heimildaskrá

- Akraneskaupstaður. (2005). *Erindisbréf fyrir unglingaráð Akraness*. Akranes:höfundur
- Andri Ómarsson. (2007). *Maður á alltaf að segja það sem manni finnst: hvað telja unglingar sig læra af því að starfa í ungmennaráði*. Kennaraháskóli Íslands: óbirt lokaritgerð til B.A. prófs í tólstudafræðum.
- Arnstein, Sherry, R. (1969). *Ladder of Citizen Participation*. Úgáfa. 35, nr. 4.
- Árni Guðmundsson. (2007). *Saga félagsmiðstöðva í Reykjavík 1942-1992*. Hafnarfjörður
- Björn Bergsson. (2002). *Hvernig veit ég að ég veit? Félagsfræðikenningar og rannsóknaraðferðir*. Reykjavík: Iðnmennt-IÐNÚ.
- Bogdan, R. og Biklen, S.K. (2003). *Qualitative research in education: An introduction to theory and methods*. Boston: Allyn and Bacon.
- Bæjarstjórnarfundur unga fólksins*. Fundargerðir frá bæjarstjórnarfundum unga fólksins. 2005, 2006, 2007, 2008 og 2009.
- Bæjarstjórn Ölfuss*. Fundargerð frá 25. október 2007, 29. nóvember 2007.
- Creswell, J.W. (1998). *Qualitative inquiry and research design choosing among five traditions*. London: Sage publication.
- Dahl. R., A. (1998). *On democracy*. (New Haven: Harvard University Press).
- Dahl. R., A. og Tufté, E., R. (1973). *Size and democracy*. Stanford California: Stanford University Press.
- Dalton, R.J. (2006). *Citizen Politics: Public Opinion and Political parties in Advanced Industrial Democracies*. (4. útgáfa). Washington, DC: CQ Press.
- Dalton, R.J. (2008). *Citizenship Norms and the Expansion of Political Participation*. Political Studies. 56 (1), bls. 76-98. Sótt 7. mars 2010, úr Blackwell Synergy gagnagrunninum, slóðin er: <http://www3.interscience.wiley.com/cgi-bin/fulltext/119395640/PDFSTART>
- Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir (Ritstj.). (1990). *Íslenska alfræði orðabókin*. (Bindi III, P-Ö, bls 576). Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Fjölskylduráð Akraness*. Fundargerð 18. febrúar 2009.
- Framkvæmdaráð Akraness*. Fundagerð 17. febrúar 2009.
- Frumvarp til æskulýðslaga nr.70/2007.
- Fyrirhuguð sameining sex sveitarfélaga á næstunni. (1988, 29. júní). *Morgunblaðið*.

- Grétar Þór Eypórsson og Hjalti Jóhannesson. (2002). *Sameining sveitarfélaga – áhrif og afleiðingar: rannsókn á sjö sveitarfélögum*. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri: Akureyri.
- Guðrún Þórey Gunnarsdóttir. (2004). *Ný leið í forvarnastarfi: efling félagsauðs*. Reykjavík.
- Gunnar Helgi Kristinsson. (2001). *Staðbundin stjórnsmál, markmið og árangur sveitarfélaga*. Háskólaútgáfan: Reykjavík.
- Gunnar Helgi Kristinsson. (2003). *Lýðræðisleg stjórnun sveitarfélaga – fræðslurit 21*. Samband íslenskra sveitarfélaga: Reykjavík.
- Gunnar Helgi Kristinsson. (2005). *Íbúalýðræði í skipulags- og umhverfismálum*. Erindi flutt á málþingi Skipulagsstofnunar: Samráð við skipulag og mat á umhverfisáhrifum, Grand Hótel Reykjavík, 29. janúar 2005.
- Gunnar Helgi Kristinsson. (2006). *Íslenska stjórnkerfið*. Reykjavík: Háskólaútgáfa.
- Gunnar Helgi Kristinsson. (2009a). Public Impact: Citizen influence in local government in Iceland. *Stjórnsmál og stjórnsýsla veftímarit*, 1. tbl., 5.árg. Sótt 22. desember 2010 af <http://www.stjornmalogstjornsysla.is/images/stories/fg2009v/ghk.pdf>
- Gunnar Helgi Kristinsson. (2009b). *Lýðræðismál sveitarfélaga*. Minnisblað fyrstu drög.
- Hagstofa Íslands. *Mannfjöldi*. Sótt 19. nóvember 2010 af <http://hagstofa.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Byggdakjarnar,-postnumer,-hverfi>
- Hague, R. og Harrop, M. 2004. *Comparative Government and politics*. 6. útg. Palgrave MacMillan, New York.
- Hart, C. (2005). *Doing Your Master Dissertation: Realizing your potential as a social scientist*. London: Sage Publications.
- Hermanowicz, J. C. (2002). The Great Interview: 25 strategies for studying people in bed. *Qualitative Sociology*, 25(4). 479-499.
- Hvalfjarðarsveit. (e.d.). *Landsvæði og íbúafjöldi*. Sótt 30. október 2010 af <http://www.hvalfjardarsveit.is/um-hvalfjardarsveit/>
- Hvítbók Framkvæmdastjórnar ESB. (2001). *Ný sókn í málefnum Evrópskra ungmenna*. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Brussel.
- Jóhanna Sigurðardóttir. „Færri sveitarfélög og fleiri verkefni“, ræða flutt á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga þann 1. október 2009. Sótt 15. september 2010 af http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur_greinar_JS/nr/3923.
- Klausen, K., K.. (2003). *Skulle det være noget særligt? – organisation og ledelse i det offentlige*. Danmörk: Børsens Forlag A/S.

- Kvale, S. (1996). *The interview situation*. Sjötti kafli í *InterViews: An introduction to qualitative research interviewing* (bls. 124-143). Ca: Sage: Thousand Oaks.
- Lýður Björnsson. (1979a). *Saga sveitarstjórnar á Íslandi - fyrra bindi*. Reykjavík: Almenna bókafélagið. Seinna bindi og fyrra bindi 1972
- Lýður Björnsson. (1979b). *Saga sveitarstjórnar á Íslandi - síðara bindi*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Lögræðislög nr. 71/1997.*
- Mannréttindaskrifstofa Íslands. (e.d.). „*Réttindi barna*.“ Sótt 27. September 2010 af <http://www.humanrights.is/mannrettindi-og-island/hopar/born/>
- Naisbitt, J. (1983). *Megatrends. Ti nye tendeser ændrer vores liv*. Viborg: Chr. Erichsens Forlag.
- Ólafur Páll Jónsson. (2003). Hvað er lýðræði?. *Heimspækivefurinn*. Sótt 17. apríl 2010 af http://www.heimspeki.hi.is/?greinasafn/virkjanamal/hvad_er_lydraedi.
- Putnam, D. (1993). *Making Democracy Work. Civic Traditions in Modern Italy*. (Princeton: Princeton University Press).
- Safnasvæðið á Akranesi. (e.d.). *Akranes og nágrenni*. Sótt 30. október 2010 af http://www.museum.is/default.asp?sid_id=20998&tre_rod=001|011|001|&tId=1
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2002). *Búseta- lífsgæði- lýðræði. Umræðugrunndvöllur fyrir stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2002-2006*. Reykjavík: Höfundur.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*. Nr. 18/1992.
- Saward, M. (2003). *Representative and Direct Democracy*. Í R. Axtmann (ritstj.). Understanding democratic politics (bls. 52-60). London: SAGE publication.
- Svanur Kristjánsson. (1994). *Frá flokksræði til persónustjórn mála: Fjórflokkarnir 1959-1991*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Svanur Kristjánsson. (2002 vor). *Stofnun lýðveldis – Nýsköpun lýðræðis*. Skírnir. 176, 7-45.
- Sveitarfélagið Árborg. (e.d.). *Fróðleikur um Árborg*. Sótt 17. september 2010 af <http://arborg.is/upplýsingar/frodleikur-um-arborg/>
- Sveitarfélagið Árborg. (2008). *Erindisbréf ungmennaráðs Sveitarfélagsins Árborgar*. Selfoss: höfundur.
- Sveitarfélagið Ölfus. (2007). *Vinnureglur ungmennaráðs Ölfuss*. Þorlákshöfn: höfundur
- Tómstunda- og forvarnarnefnd Akraness*. Fundargerð frá 27. janúar 2005

Umboðsmaður barna. (e.d.)a. „*Stutt umfjöllum um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.*“ Sótt 27. September 2010 af <http://www.barn.is/adalsida/barnasattmalinn/>

Umboðsmaður barna. (e.d.)b. „*Börn til áhrifa í sveitarfélaginu*“. Sótt 6. október 2010 af http://www.barn.is/adalsida/finna/adalsida_-_syna_meira/?ew_0_a_id=180926

Umboð til athafna. (e.d.). Ípróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur, Reykjavík.

Ungmennaráð Árborgar. Fundargerðir frá 21. nóvember 2008, 1. desember 2008, 13. janúar 2009, 1. apríl 2009, 3. júní 2009, 10. júní 2009, 10. september 2009, 15. október 2009.

Ungmennaráð Ölfuss. Fundargerðir frá 17. apríl 2008, 2. október 2008, 15. desember 2009, 20. september 2010, 4. október 2010, 1. nóvember 2010.

Young, I., M.. *Inclusion and Democracy.* Oxford: Oxford University Press, 2000.

Þjóðarpúls Gallup 2009, 17:3.

Æskulýðslög nr. 70/2007.

Munnlegar heimildir og óútgefin gögn:

Viðtöl við þrjá starfsmenn sveitarfélaganna og viðtöl við þrjú ungmennaráð

11 Viðauki

Viðtalsvísir

Lýðfræðilegar spurningar

- Aldur:
- Menntun:
- Hvenær hófst þú störf sem íþróttá- og æskulýðsfulltrúi?

Með þessum spurningum var ætlunin að hita viðmælandann upp.¹⁵⁵

Spurningar fyrir stjórnendur

- Hver er forsaga stofnunar ungmennaráðs Árborgar/Ölfuss/Akraness?
- Hvaða væntingar hafðir þú til verkefnisins í upphafi?
 - Hafa þær væntingar staðist að þínu mati?
- Hvernig finnst þér bæjarstjórn hafa staðið sig í því að virkja ungmennaráð?
- Hefur ungmennaráð haft áhrif á ákvarðanatöku sveitarfélagsins að þínu mati?
 - Ef ekki hvers vegna telur þú það vera?
- Samkvæmt æskulýðslögum er hlutverk ungmennaráða m.a. að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Hefur ungmennráð uppfyllt þetta hlutverk?
 - Ef ekki hvers vegna heldur þú að það sé?

¹⁵⁵ Hermanowicz, (2002), bls. 479-499.